

# TÍMAFLAKK

með Markúsi

3. hefti

Desember 2020



**Beint  
heim í  
stofu  
hjá  
fólki**

**Markús Örn Antonsson stiklar á stóru**

# Á afmæli RÚV

**N**ú er þess minnst að 90 ár eru liðin frá fyrstu útsendingu Ríkisútvarpsins, hinn 20. desember 1930. Við sem vaxið höfum að reynslu og þroska á drjúgum hluta þess tímabils eigum margt að þakka þessari stofnun, sem dældi í okkur fróðleik og skemmtiefni, fréttum og tónlist. Það var eins og með lýsisgjafirnar í skólanum, þetta var okkur til góðs, þótt því væri tekið með blendnum hug meðan á því stóð. Höfum við búið að því alla tíð.

Í 54 ár af þessum 90 hefur Sjónvarpið verið þungamiðjan í starfsemi Ríkisútvarpsins. Það hóf útsendingar 30. september 1966 og varð frá fæðingu kröfuhart á fyrirhöfn stjórnenda, fjármagn hins opinbera og eftirtekt notenda, alls almennings í landinu. Áráðinn hópur framsækings ungs fólks með fáeina miðaldra reynslubolta í fyrirrúmi, sóttist eftir því að ýta þessum nýja fjölmiðli úr vör. Fyrir okkur sem völdumst í þann hóp voru það forréttindi að glíma við hið stórfellda verkefni og taka mikilli áskorun, svo óráðin sem framtíð Sjónvarpsins var. Í hönd fóru krefjandi og skemmtileg ár, þar sem hver dagur var öðrum ólíkur að flestu leyti.



Margt stóð á brauðfótum í þessum rekstri framan af. Þröngur húsakostur var þó ekki látinn standa í vegi fyrir framkvæmd stórra verka sem birtust á skjánum. Sjónvarpið var fátækt að tækjabúnaði og aðdáunarvert, hvernig fyrirbyggjandi viðhald gat komið í veg fyrir alvarlega röskun í dagskrárgerð og útsendingu. Mikill metnaður ríkti í röðum frumherja í sjónvarpshúsinu á Laugavegi 176.

Í þeim anda var sótt fram og áfangasigrar unnir. Hver og einn og samanlagt juku þeir orðstír þessa nýja fjölmiðils, sem var algjörlega óráðin gáta í augum alþjóðar þegar af stað var farið.

Margir af fyrstu starfsmönnum Sjónvarpsins tóku ljósmyndir, bæði af dagskrárgerðinni sjálfri og við sérstök tímamót í starfseminni. Ýmislegt af því hefur birst á samskiptamiðlinum “svart/hvíta gengið”, hópsins sem var með í upphafi og fyrir litvæðingu. Myndirnar hafa síðan ratað víða um netheima og eru finnanlegar þar. Saga Sjónvarpsins hefur aftur á móti ekki verið rituð. Mér fannst við hæfi, nú við merk tímamót í sögu Ríkisútvarpsins, að setjast í stól blaðamannsins og skrá minningar mínar frá upphafsárum Sjónvarpsins og gera þær aðgengilegar í rafriti sem ég hef hannað sjálfur. Það er að vissu leyti sniðið sem umgjörð um afar þakkarvert myndefni, sem þeir Andrés Indriðason, Björn G. Björnsson, Jón Þór Hannesson, Rúnar Gunnarsson, Sverrir Kr. Bjarnason og Þórarinn Guðnason hafa birt okkur.

Það er mikill misskilningur ef einhver skyldi ætla að ég ímynda mér að hér sé á ferðinni tæmandi sagnfræðirit. Skrif mín með tímaritssniði endurspeglar aðeins eigin, persónulega sýn og upplifun mína af gefandi starfi með góðum félögum. Þær leifturmyndir koma alls ekki í stað sagnfræðirits um Sjónvarpið, sem er reyndar orðið fullkomlega tímabært að skrifa.

Markús Örn Antonsson.



Hopalong Cassidy og Öskubuska voru einu myndirnar sem sjónvarpsstjórinn átti.

# Tæknin heillar

**Þ**egar ég óx úr grasi, eða réttara sagt upp úr drullunni á lóðum og útivistarsvæðum í hinu nýja Bústaðahverfi, hneigðist hugur minn snemma til sviðslista og fjölmiðlunar. Í Laugarnesskólanum fékk ég tækifæri til að stíga á fjalirnar í leiksýningum og þar skrifaði ég í hið árlega skólablað og gaf meira að segja út eigið bekkjarblað, fjölrítað í litlu broti. Svo kom ég stundum að hljóðnemanum í barnatímum Útvarpsins.

Snemma eignaðist ég myndavél, ódýra kassavél, sem ég notaði til myndatöku í sveitinni og á þeim fáu ferðalögum öðrum sem farin voru á þeim tímum. Svarthvítar filmur og framköllun í Týli, Austurstræti, eða hjá Hans Petersen, neðst í Bankastræti, höfðu í för með sér töluverð aukaútgjöld þannig að ég varð að stilla myndatökum mjög í hóf.

Erlend tímarit sem hingað bárust með stórum myndum af viðburðum úti í heimi og frægu fólki vöktu athygli mína. Þau fjölluðu líka um spennandi tækniundur, sem nefnt var Television, TV, eða Fjernsyn og átti miklum vinsældum að fagna í útlöndum, en í umfjöllun íslenskra blaða og útvarps var nefnt sjónvarp. Þegar ég var 9 ára hafði frænka mín í Ameríku sent mér í jólagjöf litla skuggamyndavél fyrir

hin hringlaga Viewmaster myndaspjöld með stuttum myndaseríum, byggðum m.a. á Grimms-ævintýrum og frásögnum af þekktum köppum í villta vestrinu. Mér fannst rétt að efna til sýningar fyrir krakkana í hverfinu rétt fyrir jólin og kom í ljós að aðsóknin yrði miklu meiri en við yrði ráðið inni í lítilli íbúð. Nú voru góð ráð dýr.

Ég velti fyrir mér öðrum tæknilegum lausnum og auglýsti á endanum sýningu, þar sem áhorfendur fengju að standa úti á baklóðinni eftir að skyggja tók. Fyrir gluggann á barnaherberginu á efri hæð strengdi ég þunnt, hvítt lak og stillti svo sýningarvélinni upp innar á gólfinu, þannig að myndunum var varpað á lakið í glugganum “aftan frá”. Áhorfendur sem úti stóðu gátu horft á Hopalong Cassidy og Öskubusku þangað til þeir hlupu heim í dauðans ofboði til að ná úr sér kuldahrollinum.

Þetta kallaði ég “Sjónvarp, Bústaðavegi 61”, fyrstu “sjónvarpsútsendinguna” mína. Ég hafði auðvitað reynt að hafa af þessu tekjur, “afnotagjöld”, með því að selja inn við hliðið en neyddist til að endurgreiða miðana vegna óánægju áhorfenda með gæði sýningar og kuldann. Margir svindluðu með því að horfa yfir stakketið frá næstu lóð. Þetta var fyrsta framtak mitt í miðlun myndmáls.



Útvarpshús DR í Kaupmannahöfn 1950, byggt í áföngum 1938-1945.

**D**agblöð og tímarit á Íslandi höfðu annað veifið í marga áratugi flutt almenningi fréttir af tilraunum með sjónvarp fyrir almenning úti í hinum stóra heimi, sem hófust fyrir alvöru upp úr 1930. Heitið “sjónvarp” festist nær þegar í stað við þetta nýja tæknifyrirkæri í íslenskunni, þó að orðin “myndvarp” og “firðsjá” hefðu líka verið notuð framan af. Í júlí 1934 kvaddi Gunnlaugur Briem, verkfræðingur Ríkisútvarpsins, sér hljóðs í dagskrá þess og flutti erindi sem nefnt

# Sjónvarp í burða



Tækjasamstæða í Þýskalandi 1935, með sjónvarpi efst.

var “Sjónvarp”. Íslendingar urðu vitaskuld enn áhugasamari þegar fréttir bárust af því að Danir hugsuðu sér til hreyfings í sjónvarpsmálum. Í desember 1934 birtist þessi fréttaklausa í *Alþýðublaðinu*: “Í Danmörku er nú í ráði að reisa nýja og risavaxna útvarpsstöð með 150 m. háum sjónvarpsturni. Er gert ráð fyrir að byggingin muni kosta allt að 10 milljónum króna. — “Sjónvarp, þ. e. að útvarpa myndum, er nú í hraðvaxandi fullkomnun. Segja sérfræðingar, að eftir svo sem 5 ár megi vænta þess til almenningsnotkunar. — Myndin er af hinni fyrirhuguðu útvarpsbyggingu Dana.” Nokkru áður hafði *Alþýðublaðið* greint frá góðri afkomu danska útvarpsins og þakkaði það auðvitað ríkisstjórn kratanna í Danmörku. Myndin sem *Alþýðublaðið* birti var af teikningum af væntanlegu útvarpshúsi danska útvarpsins við Rosenørnsallé í Kaupmannahöfn, þar sem Danmarks Radio starfaði um langt árabil og stundaði þar sjónvarpsstarfsemi þar til “TV-byen” með tilheyrandi stórstúdíóum var reistur úti í Gladsaxe í lok 7. áratugar síðustu aldar.

Mánaðarblaðið *Spegillinn* fylgdist með og flutti ályktanir sínar um þróun og áhrif væntanlegrar sjónvarpsvæðingar á Íslandi. *Blaðið* birti eftirfarandi klausu í febrúar


1935: "Sjónvarp er nú óðum að fullkomnast og ryðja sjer til rúms í heiminum, og verður auðvitað ekki langt þess að bíða, að það komi einnig hjer á landi. Vjer vorkennum mest þeim útvarpsræðumönnum, sem verða óhjákvæmilega atvinnulausir við þessa tilbreytingu, ef nægilegt tillit verður tekið til áhorfenda." Nýja dagblaðið", sem var undanfari dagblaðsins Tímans, mál gagns Framsóknarflokksins, fjallaði um málefnið í febrúar 1935.: "Sjónvarp - Sá tími nálgast nú

# rlíðnum

óðum, að sjónvarpið verði tekið í þjónustu almennings. Einkum er það England og Þýskaland, sem lengst eru komin í undirbúningi þess. Í Berlín er í ráði að tekin verði sjónvarpsfilma á hverjum degi og send á kvöldin út til hlustenda, sem þá verða „sjáendur". Það er pósthjónvarpin, sem gengst að miklu leyti fyrir þvílíkum tilraunum og framkvæmdum. Eftir kl. 9 á kveldin er ætlast til að sjónvarpið verði „í gangi" og einn aðalþáttur þess á að heita „skuggsjá dagsins". Það eru ýmsir viðburðir, er ekki hafa komist að í hinum almennu fréttum. Einskona sjónvarpsbíl verður sendur um Berlín aftur og fram. Hann kvikmyndar allt það helsta, sem fyrir ber, og síðan sendir sjónvarpið atburðina út til útvarpsnotenda að kvöldinu. — Og svo á auðvitað að nota sjónvarpið í þágu nasismanns."

Hinn 23. mars 1935 greindu íslensku dagblöðin frá því, að ríkisútvarpsstjórinn þýski hefði tilkynnt daginn áður, að tilraunir með reglubundið sjónvarp mundu hefjast í næstu viku frá útvarpsstöðinni í Witsleben, sem sendi á ultra-stuttbylgjum. Yrði fyrst um sinn sjónvarpað alla mánudaga, miðvikudaga og laugardaga síðara hluta dags. Um svipað leyti árið 1935 var skýrt frá því að Jónas

Þorbergsson, útvarpsstjóri, hefði farið fram á það við bæjarstjórn Reykjavíkur að húsi Ríkisútvarpsins fyrir hljóð- og sjónvarp yrði ætlaður staður á Skólavörðuhæðinni en til vara á Melunum.



Skotinn John Logie Baird með sjónvarp sitt 1926.

Ýmsir vísinda- og tæknimenn í mörgum löndum höfðu unnið að tilraunum með þráðlausar myndsendingar allt frá ofanverðri 19. öldinni. Ólík tæki, mismunandi tíðnisvið og breytilegur línufjöldi í myndunum á skerminum var notaður við þessar tilraunir. Skotinn John Logie Baird var einn af frumherjunum. Hann gerði tilraunir með þráðlausa sendingu "skuggahreyfimynda" árið 1925, sem fólk gat séð á tilraunataeki í verslun Selfridges í Oxford Street í London.

Árið 1928 var fyrst veitt leyfi til reglubundinna sjónvarpsendinga vestanhafs. Stöðin var W3XK í Wheaton í Maryland, skammt frá Washington D.C. Sama ár tók önnur stöð til starfa í New York. Í september 1929 sendi John L. Baird út fyrstu sjónvarpsmyndirnar um útvarpssemi BBC í London. Árið 1930 bauð hann upp á stutta sjónvarpsdagskrá fimm daga í viku. Hinn 22. ágúst 1932 hóf BBC svo eigin útsendingar með reglubundnum hætti og notaðist við kerfi Baird en í nóvember 1936 var ákveðið að skipta á milli tveggja kerfa, 240 lína kerfis Baird og 405 lína kerfis Marconi-EMI. Þessar útsendingar, sem fram fóru í Alexandra Palace í London, mörkuðu upphafið að sjónvarpsþjónustu BBC.



*Sjónvarpasmastur við Alexandra Palace í London 1936.*



*Mikki mús markaði tvöföld tímamót hjá BBC.*



*Bandaríski uppfinningamaðurinn Philo Farnsworth með sjónvarpstæki sitt árið 1927.*

Sveinn Sigurðsson, ritstjóri tímaritsins Eimreiðarinnar heimsótti BBC í London í september 1938 og fylgdist þar með sjónvarpssendingum: Hann sagði svo frá: “Að þessu sinni var sjónvarpað hebreskum dónsum, ásamt söng og hljóðfæraslætti dansendanna, ýmsum atburðum o. fl. Alt var þetta mjög skýrt og greinilegt og eins og maður væri á sjálfum staðnum, þar sem atburðirnir gerðust. Þó brá fyrir stöku sinnum truflunum í myndinni, þannig að hún leystist upp í línur og varð sjálf öll á iði, en þetta var aðeins í svip. Sjónvarpið á vafalaust mikla framtíð fyrir sér og á eftir að taka miklum framförum.”

Sjónvarpssendingar BBC í London stóðu að jafnaði í fjóra tíma daglega frá 1936 til 1939. Móttökutæki voru aðeins 12.000 – 15.000. Á sumum veitingastöðum og ölkrám voru allt að 100 áhorfendur samankomnir til að horfa á íþróttaviðburði á þeim litlu skjám, sem sjónvarpstæki þess tíma voru búin. Við upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar 1. september 1939 var sjónvarpssendingum frá Alexandra Palace hætt en þær hófust á nýjan leik 7. júní 1946. Útsendingin hafði verið stöðvuð í miðri mynd með Mikka mús. Tæpum sjö árum seinna var byrjað aftur á nákvæmlega sama stað í myndinni með Mikka – eins og ekkert hefði gerst.

Þegar endurreisnin eftir eyðileggingu styrjaldarinnar var hafin, og almenningur í stríðshrjáðum löndum var að komast til bjargálna á nýjan leik, var á ný hafist handa um að ryðja sjónvarpinu braut inn á heimili fólks. Það var þó ekki alltaf bein leið og greið og ekki ríkti einber hamingjan um þá þróun ef marka má það sem Víkar skrifaði í dálk sinn “Úr daglega lífinu” í Morgunblaðinu í mars 1950:

“Í ÞESSUM dálkum var fyrir nokkrum dögum drepíð á það, að þess yrði væntanlega langt að bíða, að við Íslendingar eignuðumst sjónvarp. Það er vitað, að þetta er geysikostnaðarsamt fyrirtæki og krefst mikils mannafla og enn meiri



*Fyrsta sjónvarpsútsending BBC frá Alexandra Palace kl. 21.05 þann 9. nóvember 1936. Söngstjarnan Adèle Dixon.*

tækni. Þó má gera ráð fyrir, að sjónvarpið verði orðið útbreitt erlendis eftir 5–10 ár, einnig á Norðurlöndunum, þar sem undirbúningur mun hafinn til bygginga „tilraunastöðva“.

### **Mikil ringulreið**

VÆNTANLEGA munu ýmsir trega það á næstu árum, að við verðum á eftir í þessu efni. Og að því mun vitaskuld koma, að hjer verði opnuð sjónvarpsstöð, með tilheyrilegum hátíðahöldum og lofsyrðum til handa „brautryðjendunum“. Þá verður mikið um dýrðir og þá verður uppi fótur og fit hjá öllum okkar útvarpsmönnum, því auðvitað munu þeir bera hita og þunga dagsins — og sumir ótilneyddir, ef að líkum lætur. Einhverjir gamlir og grónir fyrirlesarar munu og uppgötva það, að sjónvarpið gerir stærri kröfur en útvarpið; fyrirlesararnir verða að hafa „sex appeal“, eigi þeir að slá í gegn, hjá kvenþjóðinni að minnsta kosti. Þá er hætt við að mikill glundroði verði í

hópi útvarpsfyrirlesaranna, sem að eigin dómi, og þó einkum örfárra áhrifamanna, eru nú á tímum færir um að láta til sín heyra „á öldum ljósvakans“.

### **Nokkrar spurningar**

EN HVAÐ um það, sjónvarpið er það sem koma skal, hvað sem hver segir. Það á að gera hvert heimili að kvikmyndahúsi, allt annað er Molbúaháttur og aumingjaskapur. Þá verður nú gaman að lifa! Eða getur það verið, að bíóhugmyndin sje ekki jafn ágæt, og margir vilja vera láta? Hafa þeir menn ef til vill eitthvað til síns máls, sem spá því, að sjónvarpið eigi eftir að koma miklu raski á heimilislíf, muni ef til vill gerbreyta því og gera heimili borgaranna að nokkurs konar samkomuhúsum, þar sem sjálfsánægð sjónvarpsstjarna gægist fram úr hverju horni? “

Og svo kom rúsínan í pylsuendanum.



*Þýskir hermenn horfa á sjónvarp 1942.*



*Philips-tæki frá 1948.*



*Tæki með 10 tommu skjá frá RCA árið 1948..*

### **Botnlangaskurði sjónvarpað**

FRAMTÍÐIN verður að svara þessum spurningum. En ýmsir munu þeir vera hjer á landi, sem annarsstaðar, sem ekki eru áfjádír í sjónvarpið og „menningaraukann”, sem sagt er að fylgi því. Það er að vísu nógu „interessant” að fá að horfa á botnlangauppskurð í stofu sinni, eins og eigendur sjónvarpstækja í Bandaríkjunum gátu fyrir skemstu, en þó má ætla, að margir mundu kjósa sjer einhverja aðra frístundaskemmtun, að minnsta kosti um helgar.”

Árið 1954 flutti Gylfi Þ. Gíslason, alþingismaður og bróðir Vilhjálms Þ. Gíslasonar þáverandi útvarpsstjóra, tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórnin legði fram fé til að kanna möguleika á að stofnsetja íslenskt sjónvarp. Sjónvarp var nú orðið almenningseign í mörgum löndum, og breiddist notkun þess mjög út. Í fyrstu voru sjónvarpssendingar afar dýrar og ýmsum tæknivandkvæðum bundnar en undanfarið höfðu framfarir í sjónvarpstækni orðið geysiörar, og sjálft sjónvarpið og móttaka þess miklu einfaldari og viðráðanlegri en áður. Árið 1954 höfðu 22 þjóðir þegar hafið reglulegar sjónvarpssendingar, aðrar 11 höfðu hafið tilraunir með sjónvarp og 30 til viðbótar voru að undirbúa starfsemi. Tvö ríki höfðu langsamlega flest sjónvarpstæki, Bandaríkin með 31.5 milljónir tækja og Bretlandseyjar með 3.4 milljónir tækja. Í Kanada voru talin vera 665.000 sjónvarpstæki í notkun, 72.000 í Frakklandi og 28.000 í Vestur-Þýskalandi. Áætlað var að í janúar 1954 hafi 700.000 sjónvarpstæki verið í notkun í Sovétríkjunum.

Í Morgunblaðinu birtist ritstjórnargrein hinn 21. des. 1955 á 25 ára afmæli Ríkisútvarpsins, þar sem fjallað var um stærstu framtíðarmál afmælisbarnsins. Þar sagði: “Fjárhagur Ríkisútvarpsins má nú teljast mjög góður. S.l. tvö ár hafa allar skuldir verið greiddar upp og á það nú um 7 milljónir króna í byggingarsjóði sínum. En eitt stærsta framtíðarmál stofnunarinnar er húsbygging yfir starfsemi



útvarpsins. Annað stærsta framfaramál þess er að hefja sjónvarp hér á landi. Sjónvarpið ryður sér nú hvarvetna til rúms meðal menningarþjóða. Er þar áreiðanlega um að ræða eitt hið merkasta menningartæki nútímans, enda þótt það hafi sums staðar verið misnotað og ekki gefið eins góða raun og mátt hefði ætla.”

Ríkisútvarpið hafði í rauninni áformað að hefja sjónvarpsrekstur á aldarfjórðungsafmæli sínu árið 1955. Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, skýrði frá þessu í viðtali við Morgunblaðið í júní 1962. Lagðar voru fram undirbúningstillögur um það, en þeim fékkst ekki framgengt. Hins vegar hófst sjónvarpsrekstur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli árið 1955 og náðu útsendingar til herstöðvarinnar og næsta nágrennis. Þær bárust því til Keflavíkur og fleiri byggða þar í kring en með veikum mætti yfir til Reykjavíkur. Nokkrir framsæknir sjónvarpsáhugamenn reistu þegar í stað gífurleg sjónvarpsmöstur á húsum sínum við Skerjafjörðinn í Reykjavík, í beinni sjónlínu yfir “opið haf” frá Vellinum, til að ná þessum sendingum. En árangurinn var ekki beysinn. Það mun um skeið hafa verið hugmynd forráðamanna Ríkisútvarpsins að fá varnarliðið til að senda út íslenskt sjónvarp af fullu afli meðan það væri á fyrstu þróunarstigum.

“Sjónvarp er nú þegar orðið hinn mesti og merkilegasti liður í fjarskiptum heimsins og á þó sjálfsagt fyrir sér ennþá meiri og betri framtíð. Svo eru Íslendingar orðnir eina þjóðin á Norðurlöndum, sem ekki hefur sjónvarp, þó að fleiri lönd annars staðar séu enn sjónvarpslaus”, sagði Vilhjálmur Þ. Gíslason í viðtalinu við Morgunblaðið 1962. Eins og á flestum öðrum sviðum þótti það ekki vansalaust ef við yrðum eftirbátar hinna Norðurlandanna í sjónvarpsmálum. Danska útvarpið hafði byrjað sjónvarpsendingar í tilraunaskyni 1951 og sent út í eina klukkustund þrjá daga í viku þar til daglegar útsendingar hófust 1954. Sjónvarpi var hleypt af stokkunum í Svíþjóð 1956, í Finnlandi 1958 og í Noregi 1960.



Myndstjórn og upptökusalur í bandarískri sjónvarpsstöð árið 1954. Tækið að neðan er Zenith Flashmatic, árgerð 1955.





Geysihá loftnet voru reist í Reykjavík til að ná Keflavíkursjónvarpinu.

**Á**rið 1961 kom til Íslands erlendur sérfræðingur, belgíumaðurinn Georg Hansen sem var yfirverkfræðingur hjá Sambandi útvarpsstöðva í Evrópu, EBU. Hann kynnti sér sjónvarpsmálin frá hinum ýmsu hliðum og sendi útvarpsstjóra nákvæma skýrslu og komst að þeirri niðurstöðu að hér mætti vel reka sjónvarp og mæltu engin tæknileg atriði gegn því.

“Ég get ekki séð að nein menningarleg hætta stafi af Keflavíkursjónvarpinu”, hafði

# Sjónvarpsmálin



Stöðvarmerki í sjónvarpi varnarliðsins.

útvarpsstjórinn Vilhjálmur Þ. Gíslason, sagt í viðtali við dagblaðið Vísi um miðjan nóvember 1961. Hann taldi enn fremur að íslenskt sjónvarp gæti verið komið hér á stofn eftir örfá misseri, ef afráðið yrði að stofna það. “Við formaður útvarpsráðs höfum lýst yfir því við ráðuneyti og útvarpsráð að við teljum fullkominn grundvöll fyrir sjónvarpi hér ef hægt er að fullnægja skilyrðum um fjármál.”

Þeir Vilhjálmur og Benedikt Gröndal, þingismaður Alþýðuflokksins, sem var formaður útvarpsráðs og samflokksmaður Gylfa, bróður útvarpsstjóra, gerðu nú ákveðnar tillögur um framkvæmdir sem afhentar voru menntamálaráðuneyti og útvarpsráði. Þær gengu út á að koma upp góðri sjónvarpsstöð í Reykjavík sem næði til Suður- og Suðvesturlands, þannig að um eða yfir 100 þúsund manns gætu notið útsendinganna. Gert var ráð fyrir að notendatalan hækkaði úr 500 í 13000 á 5 árum. Talið var að vönduð stöð myndi kosta 10 til 12 milljónir króna, og var gert ráð fyrir því að nota mætti loftnetsstengurnar á Vatnsendahæð og húsnæði Útvarpsins þar fyrir sendistöðina. En ný stúdíó þyrfti annars staðar í bænum, reyndar ekki mjög stór fyrst í



Dagblað sósíalista á Íslandi brást hart við.

stað. Nokkru af tækjakaupum mætti, ef þurfa þætti, skipta á fleiri ár. Annars var reiknað með að íslenskt sjónvarp yrði býsna gott þegar í upphafi, eins fullkomið og það gæti orðið á þeim framkvæmdatíma, sem áætlunin náði yfir. Belgíski verkfræðingurinn frá EBU áætlaði að 20 manna starfslið þyrfti til að annast dagskrá í tvær klukkustundir á dag.

Snemma árs 1964 hófust síðan opinberar umræður um íslenskt sjónvarp fyrir alvöru. Kom það ekki til af góðu. Það sérkennilega

# u hraðað

ástand ríkti þá í landinu, að meirhluti þjóðarinnar gat haft greiðan aðgang að sjónvarpi bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Sendistyrkur sjónvarpsdeildar Armed Forces Radio and Television Service hafði verið aukinn 1962 og var þá gerlegt að ná sendingum Ameríkananna með viðunandi gæðum á Faxaflóasvæðinu án verulega mikils loftnetabúnaðar. Olli þetta miklu fjaðrafoki og var eins og olíu væri hellt á þann pólitíska eld sem sífellt logaði í harðvítugum deilum um aðild Íslands að NATO og dvöl bandaríska varnarliðsins hér á landi. Herinn hafði samninga um að fá til sýningar flest af því besta sem bandarískar sjónvarpsstöðvar framleiddu.

Dagskráin var því fjölbreytt og að ýmsu leyti vönduð. En það var vissulega óviðunandi að erlent varnarlið væri í einkaaðstöðu til að sjá landsmönnum fyrir sjónvarpsefni, sem allt var flutt á ensku. Upp gegn þessu ástandi risu m.a. hinir svokölluðu “60-menningar”, nafntogaðir einstaklingar úr öllum stjórnmalaflokkum og skorðu á Alþingi í mars 1964, að heimild til rekstrar erlendra sjónvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli yrði þá þegar bundin því skilyrði, að sjónvarp þaðan skyldi takmarkað

við herstöðina eina. Þessi framganga hinna svokölluðu “menningarvita” í 60 manna hópnum, varð örugglega til að flýta fyrir undirbúningi íslensks sjónvarps, þó að það hafi alls ekki verið ætlun þeirra sjálfra. Í ljósi sögunnar má segja að þeim hafi orðið það á í messunni að láta fylgja áskorun sinni athugasemd, sem lýsti mikilli skammsýni og óþarfa úrtölum um tilkomu alíslensks sjónvarps. Þeir sögðu: “Með stofnun og rekstri íslensks sjónvarps teljum vér, að ráðist sé í svo fjárfrekt og vandasamt fyrirtæki með örfámennri þjóð, að nauðsynlegt sé, að það mál fái að þróast í samræmi við vilja og getu þjóðarinnar, án þess að knúið sé fram með óeðlilegum hætti”. Hin ótrúlega hraða framvinda sjónvarpsmálsins, sem miðaði að stofnun íslensks sjónvarps, verður því ekki beinlínis þökkuð áskorun “60-menninganna”.



Þættirnir um kúrekafeðgana á Bonanza-búgarðinum voru meðal vinsælasta dagskrárefnis í Keflavíkursjónvarpinu.



Alþýðublaðið, flokksblað menntamálaráðherrans, sló sjónvarpsmálum gjarnan upp á forsiðu.

# Bölsýnisrödd um fram

Sigurður A. Magnússon, ritstjóri Lesbóka Morgunblaðsins, skrifaði svohljóðandi pistil gegn íslensku sjónvarpi vorið 1965, þegar málið var komið á góðan rekspöl.

*“Við þykjumst sennilega of merkilegir til að færa okkur í nyt reynslu og lærdóma frændþjóðanna á Norðurlöndum, en það gæti komið okkur vel upp á seinni tímann. Svíar, sem eru stærsta og auðugasta þjóð Norðurlanda, reka sjónvarp, sem einn af menningarleiðtogum þeirra, Olof Lagerkrants, kvað vera svo lélegt, að enginn með réttu ráði entist til að horfa á það. Samt hafa Svíar blómlegasta kvikmyndaiðnað og leikhúslíf á Norðurlöndum og þó víðar væri leitað.*”

Hinn 9. maí 1964 flutti Gylfi Þ. Gíslason, þá menntamálaráðherra í viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, Alþingi skýrslu um stöðu sjónvarpsmálsins. Sjónvarpsnefnd, sem hann skipaði í nóvember 1963, hafði skilað álit. Hún gerði ráð fyrir að íslenskt sjónvarp myndi ná til landsins alls á árabílinu 1970-1971 og kostnaðurinn yrði 180 milljónir króna. Hins vegar mætti koma sjónvarpi til 60% landsmanna fyrir 33 milljónir króna.

Íslenskir verkfræðingar og sérfræðingar frá European Broadcasting Union höfðu veitt nefndinni haldgóðar upplýsingar og framtíðarspár. Í sjónvarpsnefndinni sátu útvarpsráðsmennirnir Benedikt Gröndal, ritstjóri og alþingismaður, Björn Th. Björnsson, listfræðingur, Sigurður Bjarnason, ritstjóri og alþingismaður, Þorsteinn Hannesson, söngvari,

# ntíð íslensks sjónvarps

*Í bréfi sem mér barst frá Terkel M. Terkelsen, ritstjóra danska stórblaðsins „Berlingske Tidende”, í tilefni af grein eftir mig um íslenska sjónvarpsmálið í tímaritinu „Perspektiv”, segir hann í sambandi við hugmyndina um stofnun íslensks sjónvarps: „Det er jo frygtelig dyrt at oprette og drive et fjernsynssystem, hvad vi har erfaring for her i landet, hvor vi dog har omkring en million licencebetalende fjernseere.”*

*Í Danmörku er ein milljón greiðsluskyldra sjónvarpseigenda, en samt eru Danir að kikna undir tiltölulega stuttri og lélegri sjónvarpsdagskrá. Íslendingar ætla að láta 10 eða kannski 20 þúsund sjónvarpseigendur halda uppi langri dagskrá, sem eyði áhrifum sjónvarps*

*sem rekið er frá 7 upp í 14 tíma daglega af auðugustu þjóð veraldar.*

*Hvort erum við gengnir í barndóm eða haldnir ólæknandi stórmennskubrjálæði? Því svari hver fyrir sig. Annars má kannski benda ráðherra á það í allri vinsemd, að til er miklu einfaldari og ódýrari leið til að hefta útbreiðslu dátasjónvarpsins en sú að stofna til langrar og óhóflega dýrrar íslenskrar sjónvarpsdagskrár – nefnilega sú að koma upp truflanakerfi að hoetti Rússa! Þá mætti kannski líka fækka eitthvað í þeim 30 manna hópi, sem ráðgert er að komist á ríkisjötuna á næstunni vegna sjónvarpsins. s-a-m.”*

Þorvaldur G. Kristjánsson, alþingismaður, Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri og alþingismaður, og Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri. Nefndin átti sterk ítök á Alþingi Íslendinga eins og sjá má.

Sundurliðum einstakra þátta í áætluninni leiddi eftirfarandi í ljós í stærstu dráttum:

## **Stofnkostnaður**

Nauðsynleg fjárfesting vegna stofnunar íslensks sjónvarps var að mati nefndarinnar þrenns konar:

- 1) Húsbyggingar.
- 2) Tæki til að afla sjónvarpsefnis, undirbúa það og flytja og
- 3) sendistöðvar til að sjónvarpa um landið.

Talið var að byggja þyrfti sérstakt 4000 rúmmetra hús fyrir sjónvarpsstarfsemina. Var það talið mundu kosta um 10 millj. kr.

Nauðsynleg dagskrártæki, sem kaupa yrði þegar í upphafi, mundu kosta aðrar 10 millj. kr. Var þó talið rétt, að byrja með aðeins einum sjónvarpssal af lítilli gerð, ásamt þularstofu, um 200 ferm. Eitt mikilsverðasta atriðið í dagskrárundirbúningi fyrir sjónvarp handa Íslendingum yrði að gera texta við erlendar fréttamyndir, fræðslumyndir og annað kvikmyndaefni, svo og að semja frásögn við íslenskar kvikmyndir.

Gert var ráð fyrir “góðum útbúnaði” til þeirra verka. Einn kvikmyndatökumaður skyldi ráðinn til að taka fréttamyndir innanlands og “hafa samband við aðra kvikmyndatökumenn”. Gert var ráð fyrir því, að Sjónvarpið fengi aðstöðu til fullkominnar kvikmyndagerðar. Hins vegar reiknaði nefndin ekki með kaupum þegar í upphafi á myndsegulbandi, “enda er þar um mjög dýr tæki að ræða”, sagði í skýrslunni. Ekki

# Þrír hvatamenn



*Gylfi Þ. Gíslason*



*Benedikt Gröndal*



*Vilhjálmur Þ. Gíslason*

var heldur ráðgert að kaupa strax í byrjun tæki til að sjónvarpa viðburðum utan sjónvarpshúss. Á þriðja starfsári sjónvarpsins væri þó gert ráð fyrir kaupum á slíkum tækjum.

## Dagskrá

Sjónvarpsnefndin undirstrikaði nauðsyn þess að dagskráin yrði þegar í upphafi nægilega löng og góð til að hvetja almenning til tækjakaupa. Þess vegna var ekki talið hægt að byrja t.d. á 30 mínútna efni á dag og auka það smám saman. Var því gert ráð fyrir að byrja á 2 klst. daglegri sjónvarpsdagskrá, en gera ekki ráð fyrir stöðugri lengingu, heldur tveggja til þriggja stunda sjónvarpi fyrstu 5 -10 árin. Að sjálfsgöðu yrði ekkert því til fyrirstöðu að sjónvarpa mun lengur einstaka daga þegar sérstakt tilefni gæfist. Reiknað var með að byrja dagskrá ávallt kl. 20, en senda endurtekið efni síðdegis á laugardögum og sunnudögum.

Fréttirnar áttu að vera 15 mínútur og auglýsingar í 15 mín. á tímabilinu kl. 20.30 til 21. Í dagskrársýnishornum, sem nefndin samdi, var frumflutt íslenskt efni 40–50% af heildartíma dagskrárinnar. Við þetta bættust síðan fréttakvikmyndir og fræðslukvikmyndir, þar sem íslenskt tal yrði flutt með myndunum, og lengri kvikmyndir sýndar með íslenskum textum. Sem dæmi um sjónvarpsefni mætti nefna samtals- og spurningaþætti ýmiss konar, barnaþætti, einfalda tónlistarviðburði, einföld leikrit, þar sem ekki væri krafist umfangsmikillar sviðsgerðar, ýmsa atburði, sem “gerast á takmörkuðum bletti”, erindi, “sem skýrð eru með ýmiss konar myndum”, og íslenskar kvikmyndir.


Erlent efni yrði fyrst í stað allt á kvikmyndaflísum, en síðar kæmu eflaust segulbönd til skjalanna. Afla þyrfti langra kvikmynda, sem upphaflega væru gerðar fyrir kvikmyndahús, og textar myndu þá ýmist verða skriflegir neðanmáls “eða þulur læsi öðru hvoru efnisskýringar.” Í kvikmyndir eða leikrit, sem sérstaklega væru tekin fyrir sjónvarp, en í þessum flokki væru “flestir vinsælustu

sjónvarpsþættir veraldar”, yrði einnig að setja neðanmálstexta en láta tón frummyndarinnar halda sér. Með erlendum fræðslumyndum yrði ávallt að flytja íslenskt tal. Slíkar myndir væru oft tengdar stórviðburðum samtíðarinnar, “og þá gjarnan samfelld yfirlit, sem gert er úr bestu fréttamyndum.” Gert var ráð fyrir því að gera fasta samninga við eitt eða fleiri alþjóðleg fyrirtæki um kaup fréttavikmynda, sem þá myndu “berast hingað með svo til hverri flugvél”. Við slíkt efni yrði settur íslenskur texti.

Af hugmyndum sjónvarpsnefndarinnar mátti ráða að hún vildi gera hið íslenska sjónvarp einfalt og ódýrt. Þeir sem litu nánar á dagskrárhugmyndirnar brostu í kampinn, þegar fjallað var um sjónvarpsútsendingar frá drætti í Happpdrætti Háskólans og framhaldsþætti með íslenskri glímu. Margt bar líka keim af því að þetta yrði “útvarp með mynd”. En í höfuðatriðum gekk mjög margt af hugmyndum nefndarinnar eftir, þó að þróunin og hraðinn í uppbyggingunni yrði langtum meiri en nefndarmenn sáu fyrir. Þung áhersla var lögð á hraða útbreiðslu sjónvarpsins um landið.

Tekjustofnar ættu að vera þrír, visst stofngjald á hvert tæki, afnotagjald og auglýsingatekjur. Þá lagði nefndin til, að a.m.k. fyrsta áratuginn yrði íslensku sjónvarpi fengnar tekjur af innflutningi sjónvarpstækja eða framleiðslu þeirra í landinu, enda hefði Ríkisútvarpið á sínum tíma verið byggt upp meðal annars með þeim hætti. Í lok framsöguræðu sinnar á Alþingi um stofnun íslensks sjónvarps í maí 1964 sagði Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra: “Ég tel athuganir nefndarinnar hafa leitt í ljós, að stofnun íslensks sjónvarps er vel framkvæmanleg frá fjárhagslegu sjónarmiði, og tel því engan vafa á að í slíkt verði ráðist. Takmarkið hlýtur og að vera það, að allir Íslendingar eigi þess kost að njóta sjónvarps, svo mikilvægt menningartæki, sem það getur verið.”

Í desembermánuði 1964 skýrði Vilhjálmur Þ. Gíslason frá því í blaðaviðtali að



*Pétur Guðfinnsson, fyrsti starfsmaður Sjónvarpsins og framkvæmdastjóri þess í 33 ár. Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins 1997 áður en hann fór á eftirlaun.*

undirbúningi að íslensku sjónvarpi væri haldið áfram af fullum krafti. Ráðinn hefði verið skrifstofustjóri, undirbúið útboð fyrir senditæki og stúdíótæki, leitað hófanna um kaup á erlendu sjónvarpsefni og gerð “athugun um íslenska menn, sem hafa kynnt sér sjónvarpsmál”. Áætlað var að þar gæti verið um að ræða 20 manna hóp, aðallega tæknimenn en sárafáa, sem hefðu kynnt sér dagkrángerð fyrir sjónvarp. Þá upplýsti Vilhjálmur einnig að stefnt væri að því að sendistöð og stúdíó yrði framan af til húsa í gömlu stuttbylgjustöðinni á Vatnsendahæð, sem var gamall forskalaður braggi, reistur á stríðsárunum. “Er það talið gott hús til þessara hluta, en verið er enn að rannsaka og mæla nokkur tæknileg atriði í sambandi við húsið,” bætti útvarpsstjórinn við.

Upp úr þessu tóku hjólin að snúast enn hraðar. Hinn 1. janúar 1965 tók fyrsti starfsmaður Sjónvarpsins til starfa. Var það Pétur Guðfinnsson, sem verið hafði fulltrúi hjá Evrópuráðinu í Strasbourg í áratug. Hann var fyrst í stað titlaður skrifstofustjóri sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins en varð síðar framkvæmdastjóri. Staðan hafði verið

HIN SIDAN



## UNGT FÓLK Í ÚTVARPSSAL

MEIR EÐU TVEIR, sem segja af þessum tveimur sjónvarpsálfum, segja þetta, hvernig þetta er gætt af þessum tveimur sjónvarpsálfum. Hvernig þetta er gætt af þessum tveimur sjónvarpsálfum. Hvernig þetta er gætt af þessum tveimur sjónvarpsálfum.

12:00 Sjónvarpsbragga — 12:30 Þráttur og lífshættur — 13:00 Sjónvarpsbragga — 13:30 Þráttur og lífshættur — 14:00 Sjónvarpsbragga — 14:30 Þráttur og lífshættur — 15:00 Sjónvarpsbragga — 15:30 Þráttur og lífshættur — 16:00 Sjónvarpsbragga — 16:30 Þráttur og lífshættur — 17:00 Sjónvarpsbragga — 17:30 Þráttur og lífshættur — 18:00 Sjónvarpsbragga — 18:30 Þráttur og lífshættur — 19:00 Sjónvarpsbragga — 19:30 Þráttur og lífshættur — 20:00 Sjónvarpsbragga — 20:30 Þráttur og lífshættur — 21:00 Sjónvarpsbragga — 21:30 Þráttur og lífshættur — 22:00 Sjónvarpsbragga — 22:30 Þráttur og lífshættur — 23:00 Sjónvarpsbragga — 23:30 Þráttur og lífshættur

HIN SIDAN

Frásögn Alþýðublaðsins af útvarpsþættinum "Með ungu fólki" sem við Andrés Indriðason sáum um 1963 og 1964. Hinnir ungu stjórnendur þáttarins sperrtu eyrun þegar sjónvarpsmál bar á góma í Útvarpshúsinu.

auglýst en umsækjendur voru aðeins tveir. Hinn var Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur, sem stjórnað hafði afarvinsælum spurninga- og skemmtiþáttum í Útvarpinu.

Á Jónsmessunni 1965 létti sjálfsagt einhverjum þegar í ljós kom að frá þessum áformum um sjónvarpsbragga á Vatnsenda hafði verið horfið. Skýrt var frá því, að hús Bílasmiðjunnar við Laugaveg 176 yrði aðsetur Sjónvarpsins. "Íslenska sjónvarpið kaupir stórhýsi", sagði dagblaðið Vísir. "Sjónvarpshúsið nýja er glæsilegt hús. Stúdíóin verða í bakhúsinu, en þar er verkstæði Bílasmiðjunnar."

Í fréttinni sagði ennfremur:

"Að undanfögnu hafa verkfræðingar og sérfræðingar Ríkisútvarpsins skoðað ýmsar byggingar hér borginni með kaup í huga á húsi fyrir íslenska sjónvarpið, sem hefur göngu sína á næsta ári. Hefur Ríkisútvarpið m.a. notið þar leiðbeininga og álits verkfræðinga sænska sjónvarpsins sem hingað hafa komið og skoðað húsnæði það, sem helst hefur komið til greina að afla Sjónvarpinu. Nú mun afráðið að fest verði kaup á stórhýsi innarlega við Laugavegin og verður þar aðsetur hins íslenska sjónvarps. Er þetta hús Bílasmiðjunnar að Laugavegi 176. Þar mun sjónvarpið fá alls um 1900 fermetra húsnæði til afnota, og er það stærra rými en Ríkisútvarpið hefur til afnota í dag. Í húsinu eru stórir salir, þar sem ýmis verkstæði Bílasmiðjunnar hafa verið fram að þessu. Þar munu „stúdíó“ sjónvarpsins verða og fer þar fram upptaka á íslensku efni þess. Þá verða í húsinu einnig skrifstofur sjónvarpsins og starfsmanna hinna ýmsu deilda þess. Tekið skal fram að hluta hússins eiga önnur fyrirtæki, sem áfram munu starfa þar með skrifstofur sínar. Aðeins er nú eftir að ganga frá formsatriðum varðandi kaup þessa stórhýsis, en allir aðilar munu sammála um að hér hafi fengist mjög hentugt húsnæði fyrir íslenska sjónvarpið."

Í byrjun júlí 1965 birtust blaðafregnir





*Hvert nýtt skref varð tilefni forsíðufréttar. Síðdegisblaðið Vísir fylgdist vel með Sjónvarpinu í bígerð.*


um að menntamálaráðuneytið hefði auglýst eftir umsóknum um 25 stöður við íslenska sjónvarpið af þeim 30, sem átti að verða heildartala starfsfólks í upphafi. Var auglýst eftir tveimur dagskrárstjórum, fjórum starfsmönnum í dagskrárdeild, þýðanda, auglýsingastjóra, sviðsstjóra og 16 starfsmönnum í tæknideild. Umsóknarfrestur rann út hinn 5. ágúst. Pétur Guðfinnsson, skrifstofustjóri Sjónvarpsins, lét hafa eftir sér að vart væri búist við því, að kunnáttufólk fengist í allar þessar stöður.

Gert væri ráð fyrir að fólkið yrði sent utan til þjálfunar, tæknimenn til danska sjónvarpsins en dagskrárfólk til ýmissa staða. Þá var þess getið að væntanlegur væri í september sænskur sjónvarpsstjóri til reynslu en um áramót kæmi sendir frá Marconi-félaginu og væri þá gert ráð fyrir að raunverulegar tilraunasendingar hæfust. Innan Ríkisútvarpsins var því hvíslað manna á meðal að Vilhjálmur útvarpsstjóri velti fyrir sér öllum hugsanlegum leiðum til sparnaðar við þetta risavaxna verkefni, og ómögulegum líka. Eins og þeirri að biðja varnarliðið um að taka að sér útsendingar á dagskrá íslenska sjónvarpsins. Sú umræða hefði verið kæfð í fæðingunni.

Við Andrés Indriðason störfuðum báðir sem blaðamenn á ritstjórn Morgunblaðsins sumarið 1965. Við höfðum séð um útvarpsþáttinn “Með ungu fólki” og fylgdumst dálítið með umræðu innan Ríkisútvarpsins um undirbúning sjónvarpsins. Afréðum við að senda inn

umsóknir um fréttá- og dagskrárgerðarstörf. Hinn 1. september var tilkynnt að séra Emil Björnsson, fréttamaður á fréttastofu Útvarpsins, hefði verið ráðinn deildarstjóri fréttá- og fræðsludeildar og Steindór Hjörleifsson, leikari, deildarstjóri lista- og skemmtideildar. Ég vissi að ýmsir höfðu stungið saman nefjum um góða umsækjendur í þessi mikilvægu störf áður en þau voru auglýst.

Fólki á hægri væng stjórnmálanna stóð alls ekki á sama um hver myndi stýra fréttaflutningi Sjónvarpsins. Það var á Matthíasi Johannessen, ritstjóra Morgunblaðsins og Gunnari G. Schram, ritstjóra Vísis, að heyra að þeim þætti séra Emil koma mjög vel til greina. Hann væri ekki of pólitískur, reyndar nokkuð róttækur klerkur framan af, við upphaf atómaldar, sem mildast hafði með árunum. Þessu til viðbótar hafði Emil getið sér gott orð sem dugmikill þingfréttamaður Útvarpsins og naut trausts þingmanna almennt. Einnig hafði hann verið í London um skeið og sent þaðan fréttir meðan landhelgisstríð okkar og Bretá stóð yfir. Og eitt var víst: Þeir sem málinu réðu til lykta gátu verið öruggir um að Emil væri ekki kommúnisti. Hann átti vísan stuðning sterkra aðila og varð fyrir valinu. Það sem á vantaði í sérþekkingu á sjónvarpsrekstri bætti hann sér upp í Minnesota í Bandaríkjunum, þar sem hann kynnti sér rekstur sjónvarps. Steindór Hjörleifsson var sagður stuðningsmaður Alþýðuflokksins, flokks menntamálaráðherra, og hafði verið vinsæll leikari í Íðná, og stóð framarlega í forystuhópnum í Leikfélaginu.



Halldór Pétursson málaði þessa forsíðumynd af Vilhjálmí P. Gíslasyni, útvarpsstjóra, koma færandi hendi með sjónvarpstæki heim í kotið. Þar eru fyrir þeir starfsmenn Sjónvarpsins, sem búið var að ráða í nóvember 1965. A gaflinum hanga snjáðar myndir af gömlum útvarpsmönnum: Svavari Gests, Jóni Múla Arnasyni og Jónasi Jónassyni.

Þegar leið á sumarið voru komnar einhverjar vomur á mig, hvort ég væri að gera rétt með því að helga framtíð mína þessum nýja fjölmiðli, þó spennandi væri, í stað þess að hefja námið við lagadeild Háskólans eins og ég hafði einsett mér eftir stúdentsprófið um vorið. Ekki vantaði heldur bölsýnisspárnar um framtíðarhorfur íslensks sjónvarps. Þar fóru fremstir í flokki forystumenn í Félagi sjónvarpsáhugamanna, sem vildu fyrst og fremst óheft Kanasjónvarp. Meðal forystumanna voru Hreinn Pálsson, söngvari og forstjóri Ólíuverslunar Íslands, og Vignir Guðmundsson, blaðamaður á Morgunblaðinu. Það varð niðurstaðan að ég innritaðist í lagadeildina og sótti tíma þar frá októberbyrjun.

Til að tryggja mér einhverjar tekjur til að sjá fyrir eiginkonu og nýfæddu barni tók ég að mér kennslu í ensku og reikningi í Gagnfræðaskóla verknáms í Brautarholtinu. Hinn reyndi skólamaður Magnús Jónsson stýrði þeirri stofnun af mikilli festu en hófsemi og var nemendum góður leiðbeinandi og uppalandi. Með honum starfaði einvalalið, sómi sinnar kennarastéttar. Minnisstæðar eru þær Gerður Magnúsdóttir og Ragna Jónsdóttir. Einnig Baldur Ragnarsson, Gestur Magnússon, Eyvindur Eiríksson og Helgi Hannesson svo að nokkur séu nefnd. Andrúmslotið á kennarastofunni var óþvingað og fjörlegt. Allt látið flakka í umræðum um þjóðfélagsmálin og mikið hlegið.

Námið í lagadeildinni fannst mér afspyrnuleiðinlegt. Í almennu lögfræðinni var saman kominn gífurlegur mannfjöldi og ekki tók betra við í bókfærslutímumunum. Mér fundust kennarar ærið misjafnir og heyrðist varla til sumra þeirra aftast í salnum. Smám saman varð ég gjörsamlega afhuga því að halda áfram á þessari braut. Nám í blaðamennsku, sjónvarpsfræðum eða stjórnmálafræði hafði löngum verið á óskalista hjá mér en það yrði aðeins stundað við erlenda háskóla. Aðstæður til þess að hrinda slíku í framkvæmd voru ekki fyrir hendi. Og ekki bætti úr skák að frá 1. eða

2. september hringdi séra Emil til mín svo að segja á hverju kvöldi til að leggja hart að mér að standa við umsóknina um starf fréttamanns. Hann vildi fá mig í stöðuna og beitti öllum sínum sannfæringarkrafti; lagði ekki síst áherslu á “þetta einstæða tækifæri, sem aldrei gefst aftur”. Voru það líklega orð að sönnu ef fyrirtækið myndi heppnast á annað borð. Og ég ákvað að stökkva og taka þátt í að stofna íslenska sjónvarpið. Verða frumherji, ryðja brautina.

Ég hafði verið nokkuð vongóður um að fá stöðuna við Sjónvarpið. Þegar umsóknarfesturinn var út runnin sögðu blöðin frá því að einungis 50 umsóknir hefðu borist um 26 auglýstar stöður. Samkeppnin var sem sagt mjög hófleg. Segir það kannski sína sögu um hversu vantrúað fólk var á þessar fyrirætlanir. Sigurður Bjarnason, ritstjóri Morgunblaðsins, sem þá sat í útvarpsráði kom að máli við mig og sagðist hafa rekist á umsóknina mína. „Markús minn, ég hélt að þú ætlaðir að halda áfram hjá okkur á Mogganum. En ég ræddi þetta við hann Þórarin og hann ætlar að styðja þig líka.” Þessi Þórarinn var Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Tímans, sem líka sat í útvarpsráði. Ég fékk sem sagt starf fréttamanns hjá Sjónvarpinu með blessun Framsóknarflokksins. Þá var teningunum kastað!

Auk þeirra dagskrárstjóranna Emils Björnssonar og Steindórs Hjörleifssonar höfðu verið ráðnir í þessari lotu þeir Jón D. Þorsteinsson, verkfræðingur og Gísli Gestsson, kvikmyndatökumaður. Við bættist síðan hópur tæknimanna, sem fór skömmu síðar á margra mánaða námskeið í glænýjum húsakynnum danska sjónvarpsins í Gladsaxe, rétt fyrir utan Kaupmannahöfn. Ég þurfti hins vegar að gera ráðstafanir til að losa mig úr kennslunni og kveðja Háskóla Íslands, sem var auðleyst mál. Andrés Indriðason var ráðinn dagskrárgerðarmaður í lista- og

skemmtideild ásamt Tage Ammendrup, sem hafði verið umsjónarmaður skemmtiþátta í útvarpinu, rak verslunina Drangey og hljómplötuútgáfu. Einvörðungu tveir dagskrárgerðarmenn voru ráðnir upphaflega á hvora deild. Auk mín var Magnús Bjarnfreðsson ráðinn á frétt- og fræðsludeildina. Magnús var þá starfandi blaðamaður á Tímanum en hafði áður verið ritstjóri Frjálsrar Þjóðar, mál gagns Þjóðvarnarflokksins, og var þar áður með afbrigðum áheyrilegur og öruggur útvarpsþulur. Orð fór af Magnúsi sem mjög afkastamiklum fréttamanni, er hefði einstaklega góð sambönd við lykilaðila, sem bjuggu yfir áhugaverðu fréttafni úti um allt land. Magnús, maður með fréttanef í lagi. Allt kom þetta á daginn þegar við fórum að vinna saman.

Það var byrjað að brjóta niður skilrúm og hlaða upp nýja vegg í Bílasmiðjunni, þegar ég kom þangað fyrst til starfa í byrjun desember 1965. Þar var Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri, búinn að koma sér fyrir ásamt fyrstu starfsmönnum í frekar tómlegum skrifstofum. Fyrst lá fyrir að ræða hugmyndir um upphafsáðgerðir. Hvernig átti að búa til sjónvarp? Á hverju átti eiginlega að byrja til að ræsa og keyra af stað þetta feiknalega fyrirtæki, sem í var ráðist? Hvar lá byrjunarreiturinn fyrir fréttir og fræðslufni íslenska sjónvarpsins? Var nema von að lægi við ofhitnun í heilabúinu.

Lauslegri mynd af aðstæðum á fyrstu vikum okkar í sjónvarpshúsinu á Laugaveginum var brugðið upp í grein Morgunblaðsins hinn 30. desember 1965:

*“ÍSLENSKA sjónvarpið – eða Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins eins og stendur á koparplötu við dyr þess, — er til húsa á Laugavegi 176. Þar er um þessar mundir unnið af kappi við undirbúning sjónvarpsins. Iðnaðarmenn eru að störfum í sjónvarpssalnum, eða „aðalstúdíóinu”, sem er æfinga- og upptökusalur. Þarna er einnig minna æfingastúdíó, fundarherbergi, búningsherbergi, förðunarherbergi, tæknifræðingaherbergi,*




Í vikublaðinu Fálkanum birtist þessi forsíðumynd í janúar 1966 af þeim, sem þá voru komnir til starfa hjá Sjonvarpinu. Inni í blaðinu var sagt frá undirbúningsvinnu þeirra.

vélasalir og svo framvegis, og svo eru auðvitað mörg herbergi, þar sem starfsmenn lista- og skemmtideildar og fræðslu- og fréttadeildar hafa aðsetur.

Þegar blaðamaður Mbl. kom þarna inn í gær, hitti hann fyrst að máli séra Emil Björnsson, dagskrárstjóra fræðslu- og fréttadeildar. Hann kvað nú einkum unnið að gagna- og upplýsingasöfnun í sinni deild, en auk hans starfa þeir Markús Örn Antonsson og Magnús Bjarnfreðsson við hana. Verið væri að koma upp safni ljósmynda frá ýmsum stöðum í Reykjavík og úti á landi, og gengi það starf vel. Nauðsynlegt væri fyrir sjónvarpið að eiga gott safn mynda af stöðum, stofnunum og mönnum, sem hægt væri að grípa til, hvenær sem væri, enda væru samgöngur oft stopular hér á landi, ekki síst á veturnum, svo að ekki væri hægt að senda myndatökumenn hvert á land sem væri með stuttum fyrirvara. Markús hefur unnið að þessari söfnun ásamt Andrésí Indriðasyni, sem er starfsmaður lista- og skemmtideildarinnar. Markús vinnur hins vegar að því nú að skrasetja allar íslenskar kvikmyndir bæði gamlar og nýjar. Til sýninga í Sjonvarpinu koma einungis til greina 16 mm myndir fyrst um sinn, en síðar verður einnig hægt að sýna 35 mm myndir. Þá hefur Emil tekið saman frumdrög að fyrirkomulagi fréttabjónustu í sjónvarpi, og eru þau nú til álita hjá útvarpsráði og útvarpsstjóra."



# ÍSLENSKT SJÓNVARP



Deir voru nú ekkert sérstaklega hrifnir að lá ekkur í heimán áður en húið varí að gera líti í kringum þá, snurusa allt og lága. En það á summit vel við krutryðendastarfeis eina og íslenskt sjónvarp að hafa dálítt af málþeimum og soptum, röglum og smíðatúnum á við og drótt um húsakynni. Meður sér, að hár er verið að skapa eitthvað nýtt, og meðum smíði og múrurur, þessari við innviðingunar síja húsþousamir við að gera ástandir um hvernig íslenskum sjónvarpsfundum verði skemmti sam hett þög-ur höfðu verða útsendingur nú í sumar.

Hér getur að líta starra sjónvarpsatíði á Norðurlöðum. Hólan verður allt sjónvarps-elti sent út til áhorfendanna, þ. e. a. allar beinar sendingar. Leikrit og skemmtiþættir, tónlist, fyrirlestrar og raðu-þáttir. Öllu verður þessu sjónvarp að hár hnum mála sál sem nú er verið að fullgera. Hér munu nýjar sjónvarp koma fram og þekktir skemmtikraft-er sála enn á vinsældir sínar. Og meygur mun eflaust finna til trúgáðatyrka áður en hann gengur fram fyrir sjónvarps-veitarar til að hræða þjóð sína eða skemmta henni. Já, von-ndi hvort tryggja í sumu. Myndirnar tók ljósmyndari Fálkann, Rúnar Gunnarsson.

*Vikublaðið Fálkinn birti nokkrar síður með myndasýrpu af framkvæmdum og mannskapnum, sem kominn var til starfa í framtíðarhúsakynnum Sjónvarpsins um áramót 1965-1966. Þarna var unnið að múrbroti í gamalli bílasmiðju og hlaðnir nýir veggir í upptökusal fyrir sjónvarp. Myndirnar tók Rúnar Gunnarsson, ljósmyndari Fálkans, sem skömmu seinna varð kvikmyndatökumaður hjá Sjónvarpinu.*



*Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri.*



*Þeir Tage Ammendrup, dagskrárgerðarmaður, og Gísli Gestsson, kvikmyndatökumaður, voru þegar byrjaðir í efnisöflun. Tage fékk hjálfun í dagskrárgerð hjá BBC í London.*



*Sárafáar leiknar kvikmyndir höfðu verið gerðar á Íslandi. "Síðasti bærinn í dalnum", mynd Óskars Gíslasonar, stóð fyrir sínu og naut vinsælda.*

Emil fréttastjóri vildi kosta kapps um að safna myndefni til að hafa ávallt við hendina ef ekki væri hægt að afla glænýrra fréttamynda þegar viðburðirnir gerðust raunverulega. Þess vegna var farið í leiðangra um borg og bý með ljósmyndavél og kvikmyndatökuvél til að taka stutta filmubúta og ljósmyndir. Þessu starfi var svo haldið áfram úti um land næsta sumar. Þá þótti t.d. ómissandi að filma frystihúsin í sjávarþorpunum, því reynslan hafði sýnt að þau væru sérstaklega eldfim. Alþingismenn,

# Af stað út í óvissu



*Upptrekkt 16 mm Bolex kvikmyndatökuvél, eins og þær sem margir áhugamenn notuðu hér á landi.*



*Saltað á síldarplani fyrir norðan rétt áður en*



*Hafís lagðist að landi við hafn*

helstu embættismenn og forystumenn í félagasamtökum voru myndaðir í bak og fyrir. Auðvitað yrði í þá vitnað í sjónvarpsfréttum þegar þar að kæmi. Í Ameríkuferð sinni hafði séra Emil lært að þetta voru kölluð “stock-shots” og var stundum á honum að heyra að þau væru eins og öflugustu kvalastillandi sprautur fyrir alla fréttastarfsemi í sjónvarpi, þegar ekki var hægt að sýna glóðvolgar myndir af frétt næmum viðburðum. Leitað var eftir samstarfi við forráðamenn sveitarfélaga um allt land í þeirri viðleitni að byggja upp gott


ljósmyndasafn. Bæjarstjórar í landinu ákváðu að láta fréttadeild fyrirhugaðs sjónvarps í té ljósmyndir frá viðkomandi stöðum og í framhaldinu freistuðum við þess, að koma upp safni ljósmynda úr öllum byggðarlögum landsins, smáum og stórum. Var því leitað til allra sýslumanna, sveitarstjóra og hreppsnefndaroddvita með ósk um að þeir athuguðu hvort héruð þeirra gætu lagt eitthvað af mörkum til fyrirhugaðs ljósmyndasafns Sjónvarpsins eins og bæjarstjórnir höfðu þegar ákveðið að gera.

una



Ekki var um auðugan garð að gresja í kvikmyndagerð landsmanna á þessum tíma. Nokkrar myndir höfðu verið teknar á merkum þjóðhátíðum 20. aldarinnar. Ljósmyndararnir Loftur Guðmundsson og Óskar Gíslason, höfðu gert þær og unnið líka að tilraunum með leiknar myndir. Annars voru kvikmyndir af innlendum vettvangi helst í flokki heimildarmynda um land og þjóð, sem íslenskir eða erlendir kvikmyndatökumenn höfðu tekið á ýmsum tímum. Ósveldur Knudsen hafði gert ágætar heimildarmyndir um merka þálfandi Íslendinga og frægar eldgosamyndir af Surtsey og Öskju ásamt Grænlandsmynd. Einnig hafði Kjartan Bjarnason tekið landkynningarmyndir víða um land sem og bræðurnir Eðvarð og Vigfús Sigurgeirssynir. Svo var vitað að ýmsir áhugamenn, sem áttu 16 mm tökuvélar, höfðu tekið myndir frá áhugaverðum viðburðum öðrum en fjölskylduveislum. Tökutæknin var frumstæð og ekki mikið nothæft sýningarefni, sem lá í þess konar einkasöfnum. En spjaldskrá var gerð og sett í fallegan pappakassa.

Hins vegar var það brýnt rannsóknarefni að komast að því hverjir hefðu nú yfir að ráða nothæfum 16 mm kvikmyndatökuvélum í landinu. Sú eftirgrennslan leiddi í ljós, að við gátum komist í samband við u.þ.b. 20 manna kjarna fréttatökumanna víða um landið, sem áttu sínar Bolex, Pathé eða Bell&Howell 16 mm tökuvélar. Var það meira en við höfðum búist við. Fljótlega var komið á formlegu samkomulagi við marga þeirra um þjónustu við Sjónvarpið og boðað til námskeiðs fyrir þá.



*Ríkisráð Íslands á fundi á Bessastöðum 30. desember 1965. Algjört straumrof varð á forsetasetrinu, þegar við sjónvarpsmenn settum öfluga ljóskastara okkar í samband.*



*Um allar byggðir Íslands var þess beðið að stillimynd Sjónvarpsins birtist á skjánum. Viða var hún mun óskýrari en þessi!*

Með Gísla Gestssyni, kvikmyndagerðarmanni, fór ég í nokkrar tökuferðir um Reykjavík og út fyrir borgina. Ákveðið var að eiga m.a. vetrarmyndir frá Þingvöllum. Mosfellsheiðin var illfær vegna snjóá en við lögðum samt í hann á litlum Hillman-sendiferðabíl, sem keyptur hafði verið fyrir Sjónvarpið. Ég hafði aldrei séð vetrarríkið á Þingvöllum fyrr. Fjallahringurinn og svæðið umhverfis vatnið ægifagurt og tignarlegt. Vatnið var ísi lagt. Hin djúpa kyrrð var öðru hverju rofin og buldu þá við miklir brestir í ísnum sem bergmáluðu á milli gjánna eins og maður gat ímyndað sér búkhljóð þursa og forynja.

Allsöguleg var ferðin á forsetasetrið á Bessastöðum síðdegis hinn 30. desember 1965, þar sem við Gísli áttum að kvikmynda ríkisráðsfund Ásgeirs Ásgeirssonar, forseta, með ráðuneyti Bjarna Benediktssonar. Það var tekið að skyggja og höfðum við meðferðis kynstrin öll af kastljósum, því að víst vildum við vanda til verka við svona hátíðlegt tækifæri. Ekki var að því að spyrja, að þegar kveikt var á síðasta lampanum var rafmagnskerfi Bessastaða ofboðið. Það “kortsúltaði” og varð allsherjarstraumrof á forsetasetrinu. Forseti Íslands og ríkisstjórn sat í niðamyrkri við fundarborðið af okkar völdum. Allt Sjónvarpinu að kenna. Pokkaleg byrjun það. Ásgeir forseti stóð fljótlega upp úr sæti sínu hægt og varfærnislega og rakst eins og blindur maður á Emil Jónsson, utanríkisráðherra. Forsetinn hafði orð á því að hann væri ekki með eldspýtur en Emil reykti pípu þannig að forseti bað hann um eldspýtustokk að láni. Síðan gekk Ásgeir fálmandi höndum fram í salinn með eldspýturnar og hafði orð á því að ekki væri nú víst að nothæf varaöryggi væru við rafmagnstöfluna. Heyrði ég að forsætisráðherra var orðinn nokkuð mæddur yfir þessu óstandi í samtölum við sessunauta sína en við létum sem ekkert væri og hugsuðum sem svo að Ásgeir forseti myndi örugglega standa sig vel í hlutverki ljósberans, hvað hann og gerði þegar hann hafði kveikt á eldfærunum. Ég þykist viss um að aldrei hafi verið bjartara í stofum



Bessastaða en eftir að forsetinn fann ónotaða “sikkringu” og skrófaði hana í töfluna.


Það varð ljós.

Nú voru kaflaskil framundan. Fljótlega eftir áramótin héldum við Magnús Bjarnfreðsson til Bretlands að kynna okkur fréttastörf í sjónvarpi. Afráðið hafði verið nokkru áður en við tókum til starfa að taka tilboði ITN-fréttþjónustu sjálfstæðu sjónvarpsstöðvanna í Bretlandi, keppinaut BBC, um áskrift að fréttakvikmyndum. Það voru þeir útvarpsráðsmennirnir Þorsteinn Hannesson og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sem lögðu þetta til. Höfðu þeir verið í erindum Ríkisútvarpsins í Bretlandi og þótti betri kostur að semja við ITN en BBC vegna þess að ITN hefði aðeins skarpari sýn á það sem gerðist utan breska heimsveldisins og þar væru menn ekki alveg jafn formfastir í framsetningu fréttæfnis.

Fyrst þurftum við félagar að gera ráðstafanir til að fá gistingu í London, ekki fjærri aðalstöðvum ITN News sem voru á efstu hæð og risi í Television House á horni Kingsway í

Aldwych. Þar var Granada-sjónvarpsstöðin líka til heimilis.

Við fengum inni á pensjonati í grenndinni, sem kallað var St. Margaret's. Þar var gistikostnaður í einu tveggja manna herbergi sæmilega viðráðanlegur fyrir þá er þurftu að framfleyta sér af dagpeningum íslenska ríkisins. Fyrrum skólafélagi minn og kunningi Magnúsar, Þorsteinn Gylfason, síðar prófessor, hafði verið með í flugvélinni. Hann var á leið til náms í Oxford eftir jólafrí en fór með okkur sem leiðsögumaður í skoðunarferð um London og ákvað svo að gista líka á pensjónatinu. Þorsteinn kenndi okkur á hitakerfið þar sem setja þurfti einn shilling í rauf á litlum gasofni á herbergisveggnum til að ná upp hita í herberginu. Stórir gluggar og óþéttir gerðu ástandið verra. Er skemmst frá því að segja að með kólnandi veðri var gjörsamlega óbærilegt að njóta gistivínáttu heilagrar Margrétar. Gerði nú frost á hverri nóttu, fór niður fyrir -6 stig í London, og var það kaldasti janúar í marga áratugi. Blöðin grínuðust m.a. með að kona nokkur af íslenskum ættum hefði vegna kuldans



*Lágt undir loft uppi í risi hjá ITN þar sem Gordon Honeycomb hóf fréttalesturinn á slaginu sex.*



*Television House við Kingsway, í London*



*Umhverfið var annað en útsend mynd gaf til kynna.*



*Andrew Gardner, fréttamaður og fréttapulur ITN.*

flúið með börn sín til Íslands. Báðir fengum við Magnús kvefpest, og það þrátt fyrir að við færum kappklæddir í rúmið þegar kuldinn var mestur. Leituðum við hótलगistingar þar sem boðið væri upp á miðstöðvarkerfi. En það var vandfundið á ferðamannahótelum í London árið 1965.

Bretarnir tóku afskaplega vel á móti okkur. Okkur voru kynntir allir þættir fréttáöflunar, fréttavinnslu og útsendingar. Hjá ITN voru fréttarlesararnir í aðalfréttatímum jafnframt fréttamenn sem fóru með tókumönnum í fréttáöflunarferðir um alla London. Ég fór út í fréttaverkefni með Andrew Gardner og Gordon Honeycomb, sem jafnframt voru aðalfréttapulir. Það fór ekki framhjá neinum að þetta voru landskunnir menn og umsetnir af aðdáendum þar sem við komum.

Við Magnús héldum einnig til Anglia Television í Norwich og kynntum okkur fréttastarfsemi hjá svæðisstöð, sem hafði miklu minna umleikis en þeir í London. Áður en ég fór að heiman hafði Emil Björnsson fengið keypta litla og meðfærilega Beaulieux 16 mm kvikmyndavél fyrir 100 feta spólur, með zoom-linsu og raffhlöðu. Ég fór út á vettvang að taka myndir og naut leiðsagnar tókumanns stöðvarinnar. Fleiri slíkar tilraunir gerði ég og fannst alveg sjálfsagt að við fréttamennirnir hjá lítilli, máttvana sjónvarpsstöð tækjum sjálfir myndir ef við hefðum áhuga á og getu til, alveg eins og ég hafði gert sem blaðamaður. En þetta var heldur betur kýlt niður, þegar sjónvarpsstarfsemin heima var komin af stað og fréttamenn voru neyddir til að beygja sig fyrir reglum tæknideildarinnar um skiptingu verkefna og tækja á milli deilda. Hún virtist hafa ákveðið landamæralínurnar og var hörð í að verja þær.

Í London var að sjálfsögðu rætt um kaup RÚV á fréttakvikmyndum. Tveir af framkvæmdastjórum ITN vildu bjóða okkur út að borða að kvöldlagi á Savoy til að ræða málin. Þeir ætluðu að sækja okkur á hótelið,

bjuggust líklega við því að dvalarstaður okkar væri Ritz eða Hilton en voru lengi að átta sig á staðsetningu heilagrar Margrétar og var enn meira brugðið þegar þeir heilsuðu upp á okkur þessa sendiherra hins nýstofnaða ríkissjónvarps Íslands, og litu í kringum sig í anddyri pensjonatsins. Úti stóð stór útgáfa af Jaguar, sem var embættisbifreið gestgjafanna.

ITN hafði kvikmyndatökumenn á sínum snærum um allan heim og var auk þess í nánu samstarfi um skipti á myndefni við CBS-sjónvarpskeðjuna í Bandaríkjunum. Frá London var stöðugt verið að afla mynda um allan heim til sýningar í fréttatímum ITN en síðan voru þessar stuttu fréttakvikmyndaafilmur fjölfaldaðar og sendar í misjafnlega miklu magni í áskrift til sjónvarpsstöðva víða um lönd ásamt textahandritum, sem skrifuð voru í London. Hinar rauðröndóttu pappaöskjur með filmunum frá ITN áttu að njóta forgangs hjá flugfélögum og svo var það með Flugfélag Íslands í okkar tilviki. Pakkarnir komu yfirleitt alltaf með fyrstu vél og flugsamgöngur við London tíðar. Með Loftleiðum bárust okkur á hverjum morgni svipaðir pakkar vestan frá Bandaríkjunum með myndefni frá CBS, sem upprunnið var fyrst og fremst í vesturheimi, að maður gleymi nú ekki myndum úr Víetnamstríðinu.

Þar sem fyrir lá, að fréttakvikmyndir myndu ekki berast til Íslands fyrr en í fyrsta lagi sólarhringsgamla var ákveðið að semja við Associated Press í London um daglega símamyndapjónustu. Svart/hvítar ljósmyndir í stærðinni 18x24 sm voru símsendar til okkar á Laugaveginn og gátum við valið af tilboðslista dagsins 6 áhugaverðstu fréttamyndirnar. Þegar fréttastofan var tekin til starfa komu upplýsingar um myndirnar í telex-skeyti frá AP um klukkustund áður en sendingin sjálf hófst um kl. 16.00. Tók 6 mínútur að senda hverja mynd. Sjónvarpið eignaðist strax sjálfvirkt móttökutæki fyrir myndirnar. Áður en sendingin frá London hófst ræddi ég um talkerfi tækisins við AP-menn í London og ákvað endanlega hvaða myndir skyldu verða fyrir

valinu í hvert skipti. Tækið skilaði myndunum framkölluðum á pappír og tilbúnum til notkunar. Þær voru síðan heftaðar upp á svört spjöld og stillt upp fyrir framan myndavélar í stúdíói, og var sjónvarpsmyndavél beint að þeim, hverri fyrir sig, í nærmynd um leið og fréttin var lesin. Þessar glænýju myndir juku mjög forskot Sjónvarpsins í birtingu erlendra fréttamynda. Við sýndum glænýjar myndir af flestum helstu fréttaviðburðum úti í heimi kvöldið áður en þær komu í íslensku blöðunum.

Meðan á dvöl okkar Magnúsar í London stóð var heimsókn til fréttaveitunnar Associated Press á dagskrá. Hún fór fram í aðalstöðvunum í Farringdon Road og byrjaði snemma á miðvikudagsmorgni. Edwin Shanke, sem ég hafði hitt þegar hann kom í heimsókn á Morgunblaðið, tók á móti okkur. Hann varð síðar yfirmaður Norðurlandadeildar AP með aðsetri í Stokkhólmi. Við skoðuðum ljósmyndadeildina í fylgd hans og fengum upplýsingar um miðlun mynda og fréttu um allan heim. Auk myndanna átti Sjónvarpið að fá alhliða fréttapjónustu AP á fjarrita. Sá ég að gestgjafar okkar tóku að ókyrrast um hálfellefu leytið yfir of mörgum og ítarlegum spurningum okkar. Þeir urðu léttari á brún þegar haldið var upp á efstu hæð þar sem við blasti glæsileg setustofa með íburðarmeiri borðstofu þar fyrir innan.


John Lloyd, forstjóri AP í London, tók á móti okkur einkar vinsamlega. Ekki var tekið annað í mál en að gestirnir fengju sér gin og tónik eða viskí þegar í stað og hið sama gerðu gestgjafarnir. Var mjög létt yfir öllum samræðum og kom í ljós að þessir yfirmenn AP í London, sem flestir voru Bandaríkjamenn, áttu feril sinn að rekja aftur til styrjaldaráranna þegar þeir störfuðu sem stríðsfréttamenn í Evrópu. Höfðu þeir frá mörgu að segja og var ástæða til að hella aftur í glösin. Viðræðum var fram haldið yfir dýrlegum málsverði, þar sem ekkert var til sparað í mat og drykk. Gerðust gestgjafar okkar æ kátari og við nutum félagsskapar þeirra og frásagna af vígvöllunum



*Stöðvarmerkið frá St. Helier. Stöðin flutti dagskrárefni á ensku og frönsku.*



*Húsakynnin voru mjög hófleg að stærð*



*Stúdíóbúnaður Channel TV var fábrotinn og öll skilyrði eins og maður gerði ráð fyrir að búa við heima á Laugaveginum þegar þar að kæmi.*

til hins ítrasta. Þegar klukkan var orðin þrjú, og viðstaddir búnir að fá sér koníak með kaffinu, stóð gamla stríðsfréttaritrakempan John Lloyd upp frá borðinu og kvaðst vilja afhenda okkur Magnúsi bækur eftir sig að gjöf. Voru það kiljur tvær með sögum sem höfundur hafði skráð um yfirnáttúrlagt samband sitt við Indánahöfðinga nokkurn í Ameríku, sem dáinn var fyrir þremur öldum. Þegar höfundur hafði búið okkur undir lesturinn bað hann viðstadda að drekka vatnið úr glösunum, kom svo með koníaksflöskuna og hálfyllti glösin. Rifjaðist þá upp sagan, sem sögð var af Jóni Pálmasyni, forseta Sameinaðs þings, þegar hann fékk fyrst skenkt í eitt af þessum risastóru, belgvíðu koníaksglösum, sem menn voru stundum að leika sér með við hátíðlegustu tækifæri. Þá sagði Jón við þjónustustúlkuna, sem kom með koníakið: “Bara hálf glas, væna mín.”

Þegar hádegisverðarboðinu hjá AP var lokið um kl. 17.30 héldum við Magnús upp Fleet Street og á fréttastofuna hjá ITN að fylgjast með útsendingu fréttu kl. 18.00. Þegar henni var lokið dreif allur starfsmannaskarinn sig út á ölstofu í hliðargötu sem var þéttskipuð fréttamönnum og blaðamönnum af ritstjórnarskrifstofum í Fleet Street, sem var í næsta nágrenni.

Mollie frá Írlandi sem afgreiddi ölið af krana var greinilega í miklu uppáhaldi, því að hún söng óskalgög eftir pöntunum fyrir gestina við mikinn fögnuð. Á pöbbunum var þykkur reykjarmökkur, því að nánast allir keðjureyktu. Þarna á árinu 1966 voru margir pöbbarnir farnir að láta á sjá varðandi ástand húsgagna. Áklæði á bekkjum og stólum var götött og snjáð og víða brunablettir eftir sigarettur. Þessar innréttingar höfðu lifað af loftárásir í orrustunni um Bretland en ekki fengið neina andlitslyftingu eftir að henni lauk. Það var kalt í veðri og greinilegt að margt eldra fólk kom á pöbbinn til að halda á sér hlýju og fá svolítið brennsluefni fyrir líkamann til að láta sér líða sæmilega fram á nóttina undir ábreiðunum heima hjá sér.


Meðan Magnús var í ferð sinni til Norwich hitti

ég við annað svona tækifæri á ölstofunni hjá Mollie hinni írsku, Brian Le Feuvre, fréttastjóra ITN-svæðisstöðvarinnar Channel Television í St. Helier á Jersey. Það var minnsta svæðisstöðin í ITN-keðjunni og af lýsingu hans að dæma voru aðstæður ekki frábrugðnar því, sem vænta mátti hjá Sjónvarpinu heima. Því gæti verið raunhæfara að kynna sér aðstæður þar betur heldur en að eyða tíma í fleiri heimsóknir til risafyrirtækjanna. Stöðin á Jersey var faliðuð, tækniástaða einföld og dagskrárgerðin aðallega bundin við fréttir, íþróttir, fréttatengt heimildarefni ásamt barnaefni.

Ég fékk heimild forráðamanna Sjónvarpsins til að heimsækja Channel Television á Ermarsundseyjum um vorið. Var það lærdómsrík vikudvöl fyrir mig að fylgjast með rekstri fréttastofu og vinnubrögðum í smáu og stóru þar sem tveir fréttamenn voru á vakt í senn og einn kvikmyndatökumaður. Stærðarhlutföll öll og umsvif í nokkru samræmi við það sem yrði í sjónvarpshúsinu á Laugaveginum. Eftir að við Magnús vorum


komnir heim úr Bretlandsferðinni, snerist vinnan aðallega um undirbúning fyrir ferð okkar á námskeið í dagskrárgerð í Stokkhólmi, sem við vorum bókaður á hjá sænska sjónvarpinu í marsbyrjun. Nú hafði Ólafur Ragnarsson bætst í hópinn eftir að hann var upphaflega ráðinn sviðsstjóri til að vinna við upptökur og útsendingar í stúdíói.

Ákveðið var að við dveldumst í nokkra daga hjá Danmarks Radio á leiðinni til Stokkhólms og tækjum þátt í námskeiðinu, sem tæknimennirnir sóttu ásamt Andrésí Indriðasyni, dagskrárgerðarmanni. Í stúdíói Íslendinganna hjá DR í Gladsaxe, settumst við Magnús í fyrsta skipti fyrir framan sjónvarpsvél og lásam fréttir. Við vorum látnir endurtaka fréttirnar úr aðalfréttatíma danska sjónvarpsins kvöldið áður og fengum fréttahandritin afhent á dönsku, því að enginn tími vannst til að þýða textann. Nokkrir Danir, sem unnu við námskeiðið, höfðu býsna gaman af að hlýða á mig klæmast á danska textanum, skelltu upp úr og hlógu hátt, en voru hughreystandi þegar eldskírinninni var lokið.



*Árið 1965 var Danmarks Radio að taka í notkun nýjar höfuðstöðvar fyrir sjónvarpsrekstur sinn í námunda við íbúðablokkir í Gladsaxe. Í glænýjum myndverum var efnt til námskeiðs fyrir verðandi sjónvarpsmenn frá Íslandi.*

ADGANG  
FORBEHOLDT




ÍSLENZKA SJÓNVARPIÐ & DR-TV

*Dularfullt sjónvarpssamstarf fyrir luktum dyrum.*



*Örn Sveinsson, Guðmundur Eiríksson, Ingvi Hjørleifsson, Sigurliði Guðmundsson og Þórarinn Guðnason, myndtæknimenn í stúdíói.*



*Fréttatími TV Avisen þar sem sagt var frá námskeiðinu og æfingalestri mínum á fréttum.*

# Inn á ótroðnar s



*Guðmundur, Þórarinn og Sigurliði prófa gamlar árgengisvagninum. Þær voru notaðar í Sjónvarpinu fyrstu misserum.*




*Sverrir Kr. Bjarnason við stjórn samstæðu fyrir sýningu kvikmyndum.*



*Ólafur Ragnarsson og Kolbrún Jóhannesdóttir bera saman bækur.*

# Slóðir tækni og frjórna hugmynda



Slóðir af sjónvarpsmyndavélum, sem fylgdu með sænska  
resserin, þar til nýjar vélar voru keyptar.



Ingvi Hjörleifsson, ljósameistari, stillir ljósingu  
fyrir næstu upptöku.




gar á



Magnús Bjarnfreðsson hlustar á danskan  
húmor.



Sjónvarpsbíllinn mættur inni á miðju gólfi í Gladsaxe.  
Hann var síðar sendur til Íslands sem fyrsta myndstjórn  
hjá Sjónvarpinu á Laugaveginum.



Hafnarstúdentinn Ólafur Gíslason kom í  
æfingaviðtal til Andrésar Indriðasonar.



Það var lágskýjað yfir skóglendinu í námunda við hinn nýja Arlanda-flugvöll fyrir norðan Stokkhólm, þegar Caravelle-þotan frá Kaupmannahöfn lenti þar síðdegis á laugardegi. Helgina ætluðum við að nota til að koma okkur fyrir, því að námskeiðið hjá Sveriges Radio átti að hefjast þegar á mánudagsmorgun. Okkur hafði verið sagt hjá íslenskri ferðaskrifstofu að mjög auðvelt yrði að fá gistingu í Stokkhólmi á þessum árstíma án þess að panta fyrirfram.

# Lært til sjónvarp



*Við fylgdu st vel með fréttauðsendingum og fréttapulum. Sven Lindahl þótti til fyrirmyndar.*



*Skemmtiþættir Lennart Hyland voru gimsteinar.*



*Útvarpshúsið í Stokkhólmi, stór og glæsileg bygging, þar sem við féla fyrir starfsmenn sænska sjónvarpsins. Kennslan fór fram í einum af myndverum sjónvarpsins, sem þá var til húsa í gömlum hermannabúnaði.*



Annað kom á daginn. Öll hótélherbergi voru bókuð vegna mikillar kaupstefnu sem stóð yfir í borginni. Bráðabirgðagistingu fengum við þó þrjár í einu herbergi í fáeina daga meðan við leituðum að varanlegu húsnæði. Fyrir einstaka heppni fengum við tvö ágætis herbergi, eldhús og dagstofu á leigu til tveggja mánaða í stórri gamalli íbúð á Grevgatan, skammt frá bækistöðvum Sveriges Radio & TV, þar sem námskeiðið var haldið. Við Ólafur vorum herbergisfélagar en létum Magnúsi, sem

## os hjá SR



Ólafur og Magnúsi vorum mættir í byrjun mars. Við hófum þjálfun á námskeiði um upptökusölum útvarpsins. Verklegra þjálfun fengum við í húsnæði á Grevgatan, kallað A-1.

við kölluðum “afa”, eftir sérherbergi vegna aldursmunarins. Magnús var 32 ára. Og það sem við vissum ekki þá, var að við bjuggum steinsnar frá íslenska sendiráðinu í Kommandörsgatan. Fórum við þangað á laugardagsmorgnum og fengum að lesa íslensku dagblöðin. Þar var Hannes Hafstein, sendifulltrúi, og Áslaug Skúladóttir, ritari, bæði mjög vinsamleg. Árni Tryggvason, sendiherra, gekk nokkrum sinnum út af skrifstofu sinni framhjá okkur án þess að segja eitt aukatekið orð eða taka undir þegar við gerðum tilraunir til að bjóða góðan dag í fáein skipti.

Námskeiðið hjá Svíum var vel skipulagt og fræðandi undir stjórn Lennarts Hydbom, sem var þekktur “pródúsent”. Þátttakendur voru allir starfandi dagskrárgerðarfolk hjá Sveriges Radio, aðallega nýráðið hjá sjónvarpinu, m.a. frá Gautaborg og Kiruna, en líka útvarpsmenn, sem hugðust breyta til. Við Íslendingarnir vorum hins vegar blautir á bak við eyrun, án allrar reynslu í sjónvarpi. Auk þess tók það nokkurn tíma að venjast tungumálinu og skilja hin ýmsu framandlegu hugtök og einstök orð sem áttu við um sjónvarpið. En þetta kom allt með kalda vatninu og gekk ágætlega.

Svíarnir byrjuðu á að sýna okkur gamlar áróðursmyndir og fjalla um uppbyggingu þeirra. Hvers vegna þær urðu fyrir valinu nr. 1 skal ósagt látið. Sögulegar áróðursmyndir eins og “Sigur viljans” sem Leni Riefensthal gerði um foringjann og flokksþing nasista í Nürnberg 1934 voru greindar og ræddar í botn. Eitthvað sáum við af sovéskum gleðimyndum með félagi Stalín í góðu skapi og spaugilegar áróðursmyndir, sem Bretar gerðu í stríðinu. Okkar beið annars það verkefni á námskeiðinu að fara yfir öll undirstöðuatriði í sjónvarpsþáttagerð, bæði með sjónvarpsvélum í stúdíói og kvikmyndatökuvélum úti á vettvangi. Kennð voru undirstöðuatriði í klippingu fréttamynda, og mikilsverðum áfanga var náð með því að hefja samfellda vinnu í alvöru sjónvarpsstúdíói og setjast í stól útsendingarstjóra fréttu og



*Olof Rydbeck, útvarpsstjóri í Svíþjóð, gerði sér far um að lagfæra vinstri slagsíðuna hjá Sveriges Radio. Varð svo sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum.*



*“Hemsöborna” sjónvarpsþáttaröð byggð á sögu August Strindberg, var úrvalsefni sem SR framleiddi. Við horfðum á þættina heima á Grevgatan, þar sem við sátum fyrir framan sjónvarp öll kvöld.*

æfa fréttauðtsendingar með flóknu samspili fjölda starfsmanna og margra myndavéla og afspilunartækja. Við fengum fyrstu þjálfun í að láta dagskrárgerðina “renna” vel.

Einnig var þátttakendum á námskeiðinu skipt í minni starfshópa og fór minn hópur í nýlegt sambýlishús í Hässelby til að gera stutta mynd um lífið í “servishus” eða “familjehotel” sem Svíar nefndu svo. Þar bjó sænski rithöfundurinn Barbro Backberger ásamt fjölskyldu sinni. Hún var þekktur femínisti og hafði mjög róttækar stjórnmálaskoðanir. Í þessum þjónustuíbúðum fyrir fólk á ýmsum aldri gat fólk fengið keyptan allan mat í mötuneyti hússins og snætt í sameiginlegum veitingasal eða pantað upp til sín frá eldhúsinu. Í myndinni var þessu lýst öllu saman. Leiðangurinn opnaði augu mín fyrir fremur silalegum vinnubrögðum Svíanna í tókuliðinu. Það voru þrír tæknimenn með í för, myndatökumaður, hljóðmaður og ljósamaður. Þeir þurftu langan tíma til að undirbúa sig, og svo komu kaffi- eða reykingahlé þannig að verkefnið ætlaði aldrei að taka enda. Djúp gjá var staðfest milli verksviða og allir urðu að passa sig að reka ekki stóru tána inn á yfirráðasvæði einhvers annars. Lítt sveigjanleg verndun fagsviða gerði einfalt verk seinlegt og dýrt.

Mona Sjöström sem starfaði við barna- og unglingadeild sjónvarpsins, stjórnaði aðgerðum. Elskuleg manneskja og mjög spennt fyrir þessum búskaparháttum á fjölskylduhótelinu, sem átti reyndar ekki eftir að slá í gegn og ná þeirri miklu útbreiðslu, sem sumir róttæklingar þessa tíma töldu sig sjá fyrir. Mona hafði skemmtilega lausbeislað skipulag á verkstjórninni en þeim mun meira gaman af öllum tilviljanakenndum uppákomum, hló hjartanlega og skellti sér á lær. Þegar myndin okkar átti að vera samsett og fullbúin til sýningar í námskeiðslok, var hún enn í mörgum pörtum á aðskiljanlegum spólum. Mona vildi þá endilega hafa margar sýningarvélur til taks svo að hægt væri að sýna bútana hvern af öðrum í samfelldri runu en því var ekki sinnt.

Árið 1969, rúmum tveim árum eftir að Sjónvarpið hóf starfsemi sína, kom Mona Sjöström í heimsókn til okkar félaganna þriggja ásamt elskhuga sínum. Þau voru þá á leiðinni til Kúbu “á óskaplega radikalt, spennandi og skemmtilegt námskeið”, eins og Mona sagði af sinni einstöku ákefð og lífsgleði, brosandí út að eyrum af tilhlökkun yfir að fá að hitta Castro.

Hjá Sveriges Radio voru vinstri sinnuð stjórnmálaviðhorf það norm sem viðtekið var og starfsfólk upp til hópa hélt sig á þeirri línu, hvort sem það var af hjartans einlægni eða bara til að vera eins og aðrir og skera sig ekki úr, sem gat skaðað álit þess og velgengi í hópnum og starfslegan frama. Að minnsta kosti áttu nýir starfsmenn að vera “sossar”, upprunnir úr flokki sósíaldemókrata en liðsmenn lengra til vinstri eins og maóistar og gamaldags sovétkommar voru kærkomnir og þóttu flikka upp á hópinn. Ekki var það til að hefta þessa þróun að Olof Plame, sem þá var menntamálaráðherra, hafði tekið virkan þátt í samvinnu við þessi öfl í mótmælaaðgerðum sínum gegn Víetnamstríðinu.

Svo yfirgengileg var vinstri slagsíðan orðin á fréttastofum Sveriges Radio, að Olof Rydbeck útvarpsstjóri SR frá 1955-1970 tók sig til undir lok embættisferils síns þar og réði til starfa þrjá fréttamenn sem aldrei þessu vant voru ekki úr röðum vinstri manna. Fyrir Rybeck vakti að tryggja með þessu óhlutdrægan fréttaflutning og umfjöllun um pólitísk efni í sjónvarpinu. Einn þeirra var Sam Nilsson, sem starfað hafði fyrir sænska Hægri flokkinn og varð fréttamaður sænska sjónvarpsins, fréttastjóri og dagskrárstjóri um árabil, áður en hann varð forstjóri SVT, sænska sjónvarpsins, 1988 til 1999. Þessa þrjá nýliða sem Olof Rydbeck réði á fréttastofuna uppnefndi vinstragengið “Brödrena Surf”, en Surf var þvottaefni sem var mikið auglýst í Svíþjóð á þeim tíma!


Dvölin í Svíþjóð var giska lærdómsrík fyrir okkur þremmenningana. Við lærðum til sjónvarps en okkur var líka æ betur ljóst, hver ljón yrðu á

vegi okkar þegar til kastanna kæmi í starfsemi íslenska sjónvarpsins. Um tíma ríkti mikil depurð og kvíði á Grevgatan. Við eyddum öllum kvöldum við að horfa á sænskt sjónvarp og sáum svo margt sem greinilega var engin von til að við gætum reiknað með heima á Íslandi. Enn bárust fréttir þaðan af úrtölum og neikvæðri afstöðu almennings til sjónvarpsins. Tiltrúin á að okkar menn hefðu valið réttar leiðir í uppbyggingu stöðvarinnar fór þverrandi. Ég var haldinn heimþrá enda Steinunn og nokkurra mánaða dóttir okkar að sjá um sig sjálfar í leiguhúsnæðinu í Barmahlíðinni. Á miðvikudagskvöldum hljóp ég á símastöð í nágrenninu og beið þar í hálf tíma eftir að ná sambandi við Ísland. Steinunn gerði alltaf ráðstafanir til að vera við símann heima hjá móður sinni á sama tíma. Við töluðum saman þar til kvenrödd kom inn á línuna og sagði: “Viðtalsbil”. Þá voru liðnar þrjár mínútur og mál að linnti. Því að þetta var fokdýrt. Enn ágerðist heimþráin og með því að fara sparlega með dagpeningana tókst mér líka að eiga fyrir flugfari heim til Íslands í páskaferð, aðra leið vel að merkja. Utanferðin á annan í páskum myndi reddast, hvað hún og gerði.

Í Svíþjóð fylgdumst við m.a. með beinum útsendingum á vegum Eurovision sem við töldum fullvíst að við myndum ekki hafa aðgang að um langa framtíð. Við sáum m.a. ítarlega fréttabætti beint frá London fyrir og eftir bresku þingkosningarnar 31. mars. EBU hafði komið upp öflugum dreifikerfi um V-Evrópu með mögulegri tengingu við samskonar kerfi, Intervision, sem kommúnistaríkin í Austur-Evrópu ráku og notuðu til að senda fréttamyndir sín á milli og til vestursins. Þannig höfðu fréttaskipti evrópskra sjónvarpsstöðva haslað sér völl með daglegum, gagnkvæmum tilboðum og því til viðbótar voru stórvíðburðir eins og kóngabrudkaup og evrópska söngvakeppnin send um gjörvallan vesturhluta álfunnar um þetta kerfi. Öll fjarskipti við Ísland voru um sæsímakapla, SCOTICE (Skotland-Ísland) og ICECAN (Ísland-Kanada) sem ekki gátu annað slíkum flutningi sjónvarpsefnis. Þó að fyrstu



*Sænski sjónvarpsbúllinn, Scania Vabis árgærd 1938. Tækin nokkru nýrri af nálíni. Þarna var þröngt setið við myndstjórnina. Vagninn fór á tækniminjasafn í Svíþjóð eftir Íslandsvölina.*



*Jón D. Þorsteinsson, verkfræðingur, prófar nýjar myndavélar. Þær komu í stað þeirra sem fylgdu bílnum.*



*Við upptöku í nýrri myndstjórn. Ingunn Ingólfsdóttir, Tage Ammendrup og Sigmundur Arthúrsson.*

tilraunir með fréttasjónvarpsendingar um gervihnött yfir Atlantshafið hefðu byrjað í júlí 1962 með sendingum um Telstar og þremur árum síðar fyrsta Intelsat-hnöttinn, sem nefndur var Early Bird, var sú tæknibylting engan veginn í sjónmáli að því er okkur Íslendinga varðaði. Í einhverri niðursveiflunni í umræðum okkar yfir kvöldkaffinu á Grevgatan slógum við félagar því meira að segja föstu, að við myndum ekki lifa þann dag að íslenska sjónvarpið kæmist í slíkt beint samband við umheiminn. Og ekki var það til að auka gleði okkar að vera viðstaddir beinar útsendingar með sænsku sjónvarpsbílunum, sem sendu beint frá viðburðum um allt landið. Enn einn fjarlægur draumur fyrir okkur. Reyndar áttum við von á slíkum vagni frá Sveriges Radio í sjónvarpsstöðina okkar síðsumars. En það var reyndar tæknilegur minnisvarði, safngripur, sem Svíar voru hættir að nota en samist hafði um að þeir lánuðu með fjórum myndavélum til Íslands. Átti það að vera stúdíóbúnaðurinn inni á gólfi á Laugavegi 176 fyrst í stað, sem og varð.

Þegar heim var komið í maí var greinilegt að framkvæmdum við nýju sjónvarpsaðstöðuna miðaði vel. Það var búið að hólfa smíðasal Bílasmiðjunnar niður í nokkur stjórnherbergi og sjónvarpssal, sem var um 300 fermetrar að stærð. Mesti ókosturinn var hve lofthæðin var lítil, sem setti myndatökunni bagalegar skorður. Áður en maður vissi af gátu ljóskastarar í loftinu verið komnir inn í efri kantinn á myndfletinum. Myndatökumenn urðu greinilega að þekkja vel sín takmörk í nýja sjónvarpsverinu. Smám saman tók tækjabúnaður að berast í hús. Það var nánast hátíðleg stund í hvert skipti sem nýr kassi með tækjum var borinn út úr sendiferðabíl eða lyft af vörubílspalli í portinu. Tæknimennirnir höfðu komið heim að afloknu námskeiðinu í Kaupmannahöfn og tekið til við að leggja alls konar flóknar víralagnir um sjónvarpssalinn og nærliggjandi tækjagerbergi. Síðan var hafist handa um að setja upp ný tæki og gera þau starfhæf. Flest voru þau fengin að láni frá Norðurlandastöðvunum og má fullyrða að sjaldan hafi sýnilegur ávinningur af norrænu

samstarfi komið jafngreinilega fram og við undirbúning íslensks sjónvarps. Það var margt fengið frá Norðurlöndunum án þess að nokkurn tíma væri ætlast til endurgjalds.

Sitthvað smálegt keypti Sjónvarpið sjálft en mest munaði þó um Ampex-myndsegulbandstækið, sem Sjónvarpið eignaðist þetta sumar. Þetta var uppfinning frá 1956 en fram að þeim tíma höfðu erlendar stöðvar varðveitt sumt af sjónvarpsþáttum sínum með því að taka kvikmynd á filmu af þeim um leið og þeir voru sýndir á sjónvarpsskjá, svokallað “kineoscope”. Ampexinn var mikil græja, sem tók upp á tveggja tommu breitt myndsegulband. Ein klukkutímadaagskrá fyllti heila spólu, sem var 50 sm í þvermál og fokdýr í innkaupum. Sá hængur var á, að eitt slíkt tæki bauð ekki upp á möguleika til að klippa efni og afrita. Því urðu allar upptökur að vera samfelldar og takast snurðulaust. Ef eitthvað fór verulega í handaskolum varð að endurtaka leikinn frá byrjun.

Við Magnús höfðum fylgst með mjög líflegum umræðuþáttum í bresku sjónvarpi, sem fram fóru í beinni útsendingu. Þeir voru alltaf hlaðnir spennu, því að fréttamenn og þáttastjórnendur voru ófeimnir að beina oddhvössum spurningum til viðmælenda sinna. Frægt varð þegar George Brown, þáverandi utanríkisráðherra Verkamannaflokksins stóð upp og gekk út úr þætti í beinni útsendingu

þegar honum þótti spyrjandinn verða of aðgangsharður. Brown var nefnilega óútreiknanlegur og iðulega undir áhrifum áfengis við opinber tækifæri. Reyndar varð George Brown frægur í fréttum næstu árin fyrir uppákomurnar í embættisferðum sínum sem utanríkisráðherra. Sumt var satt annað tilbúningur. Spunnar voru “George Brown-sögur”, sem við fengum að heyra m.a. hjá ITN.

Ein, sem auðvitað fékkst aldrei staðfest, var sögð af George Brown í opinberri heimsókn til nokkurra ríkja í Suður-Ameríku. Í einni móttökunni var Brown sagður hafa farið á fjörurnar við þokkafulla, gestkomandi persónu í síðum rauðum kjól og boðið henni að stíga með sér dans. Þessum tilburðum var svarað allkuldalega: “Ég mun ekki dansa við yður af þremur ástæðum: Í fyrsta lagi eruð þér drukkin. Í öðru lagi er hljómsveitin ekki að spila vals heldur þjóðsöng Perú. Og í þriðja lagi er ég erkibiskupinn í Lima”.

Snerpa var lítil sem engin í viðtals- og umræðuþáttum Ríkisútvarpsins. Þeir hljómuðu eins og andaktugar helgistundir, og vildi svo ólíklega til að mönnum hitnaði í hamsi var alveg eins líklegt að upp kæmu kröfur um að eitt og annað yrði klippt út úr þáttunum áður en þeir færu í útsendingu. Þeir voru teknir upp fyrirfram á segulband. Okkur fannst tímabært að hleypa ferskum straumum inn í umræður í fjölmiðlunum við upphaf Sjónvarpsins. Við



*Sigurður Einarsson við myndsegulbandið -eina tækið sinnar tegundar á stöðinni. Mátti ekki bila enda fyrirbyggjandi viðhald aðdáunarvert.*



Móttökutæki fyrir símamyndir, sem Sjónvarpið eignaðist og sett var upp á fréttastofunni. Reyndist hið mesta þarfabing. Hljóðneminn var notaður fyrir samtöl okkar við London þegar tekið var á móti myndum. Framan á tækinu ofarlega var hylki með ljósnæmum pappír. Myndirnar voru framkallaðar í tækinu og komu fullbúnar í boxið að framan.

lögðum ríka áherslu á að þættirnir færu fram í beinum útsendingum, þar sem þátttakendur yrðu að vera ábyrgir orða sinna frammi fyrir alþjóð og engin leið að draga neitt til baka eða klippa í burtu, þó að menn gjarnan vildu eftir á að hyggja. Og þetta gafst vel. Eiður Guðnason sá um þættina “Blaðamannafundur” í beinni útsendingu og sama máli gegndi um þátt Gunnars G. Schram “Á öndverðum meiði”. Seinna komu Ólafur Ragnar Grímsson og Vilmundur Gylfason frá námi í Bretlandi og tóku að sér þáttastjórn. Fylgdu þeir líka hinna bresku fyrirmynd sem þeir höfðu séð í sjónvarpsþáttum eins og Panorama með Robin Day þar ytra, og fengu olnbogarými til að fíkra sig ögn lengra en við, sem höfðum riðið á vaðið og stigið stór skref í átt til nútímalegri fréttaflytningu og viðtals- og umræðuhefðar í íslenskri fjölmiðlu.

Sumarið 1966 fór ég í ferð um Vesturland og Vestfirði með Steinunni konu minni á nýjum Bronco-jeppa Sjónvarpsins til að ráða fréttaritara og semja við menn sem vitað var að ættu 16 mm kvikmyndavélar. Jafnframt tók ég ljósmyndir á hinum ýmsu viðkomustöðum og eitthvað af stuttum kvikmyndabútum. Séra Emil þekkti klerkastéttina alla með tölu og margir þeirra, sem við heimsóttum samkvæmt hans ábendingu, voru einmitt sóknarprestarnir. Áreiðanlegustu heimildarmenn, sem völ var á, skyldi maður ætla. Viðtökurnar voru alls staðar hinar vinsamlegustu enda var fólk að verða spennt fyrir þessum nýja miðli, hvernig svo sem til tækist, og eflaust hefur staðarfólk hugsað sem svo að það væri skylda við áttagana að koma málefnum þeirra á framfæri í fréttum Sjónvarpsins.

Þegar heim var komið hófust æfingar í sjónvarpssal. Sænski sjónvarpsbíllinn hafði komið til landsins með ms. Langá frá Gautaborg í lok júní og var ekið beint inn í sjónvarpshúsið frá skipshlið. Þar var honum bakkað í bílageymsluna til hliðar við sjónvarpssalinn. Bíllinn hafði verið í Danmörku meðan tæknimennirnir sóttu þar námskeið sitt og



Símsend mynd frá Kína af Mao formanni, þegar hann heimsótti rauðu varðliðana sína. Þeir lásu kennisetningar hans í litla rauða kverinu og umturnuðu svo samfélaginu í hinni svokölluðu menningarbyltingu.

þekktu þeir því gripinn og kunnu á honum lagið. Hafist var handa við að tengja hann öðrum tækjabúnaði í húsinu og gera klárt fyrir æfingar í dagskrárgerð. Tíminn var knappur. Stefnt var að upphafi útsendinga með haustinu eða í byrjun vetrar. Það gafst því lítill tími til að taka upp dagskrár fyrirfram og safna birgðum. Þó var farið til Vestmannaeyja og Siglufjarðar gagngert til dagskrárgerðar á filmu. Og þegar sjónvarpssalurinn var klár var byrjað að taka upp efni þar inni, m.a. nokkra skemmtipætti og skákþættina “Í uppnámi“ í umsjá Guðmundar Arnlaugssonar.

Annars var afar takmarkað hægt að taka upp vegna þess hve myndsegulbandið var dýrt. Það er skýringin á því hvers vegna bandið var endurnotað í sífellu, tekið yfir efni, sem sýnt hafði verið og hefði sannarlega átt erindi í safn Sjónvarpsins til allrar framtíðar. En fjárhagslegar forsendur réðu því að farga þurfti upptökum jafnóðum og aðeins sérvöldu efni var þyrmt í takmörkuðum mæli. Síðar meir, þegar áleitnar spurningar vöknudu um þessi vinnubrögð í Ríkisútvarpinu var ég upplýstur um að jafnvel hjá hinu risavaxna BBC hefði verið farið eins að, og margar eftirminnilegar leikritauppfærslur t.d. verið þurrkaðar út vegna þess hve myndsegulbandið var dýrt og þurfti að endurnýta. Þar voru meira að segja stórleikarar á borð við Lawrence Olivier, Alec Guinness og John Gielgud þurrkaðir út og t.d. einhver leikrit eftir Harold Pinter, sem menningarelítan í Bretlandi saknaði sárlega löngu seinna og skammaðst út í BBC fyrir skammsýnina.

Í lista- og skemmtideild Sjónvarpsins var farið að taka á móti erlendum seríuþáttum, sem orðið höfðu fyrir valinu, einkanlega breskum, og þeim komið í þýðingu. Íslenskir textar voru vélritaðir með stóru letri í stuttum tveim línum í senn á 25 sm breiða pappírurúllu, sem síðan var sett í sérstaka útsendingarvél fyrir textann. Þýðandi kom í hús og æfði sig og var svo viðstaddur útsendinguna á sýningarkvöldinu. Þrykkti hann slökkvarahnappi eins og á lampasnúru fyrir

hvert nýtt tveggja lína textanúmer, sem birtast skyldi yfir myndinni á skjánum í samræmi við talið. Allt varð að koma heim og saman á síðustu vikunum fyrir alvöru dagskrárútsendingar. Í lok ágústmánaðar var dagsetningin þó enn óákveðin.

Afráðið var að við Magnús yrðum fréttapulir jafnframt því að afla fréttanna. Þar með var fylgt fordæminu, sem við höfðum kynnst hjá ITN í London. Eðlilegt var að við skiptum með okkur höfuðflokkunum, innlendum og erlendum fréttum. Ég bar það strax upp við Emil, fréttastjóra og Magnús starfsfélagi minn, að betur færi á því vegna tengsla minna við Bjarna Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra og fjölskyldu hans, að ég annaðist erlendu fréttirnar fremur en þær innlendu, nema þá í einhverjum algjörum undantekningatilkvikum. Í byrjun mátti búast við því að fullt jafnræði yrði þarna á milli hvað vinnuframlagið áhræðri eftir fyrirferð erlendra og innlendra fréttanna í fréttatímunum. Þær erlendu höfðu oft vinninginn.

Öflun innlendu fréttanna varð fyrirhafnarsöm og raunar ekki alltaf mjög fréttalegt um að litast fyrir myndatökumenn. Á hinn bóginn vorum við tiltölulega vel settir með erlent fréttamyndaefni, daglega pakka frá London og New York með að meðaltali 8–10, 30–60 sekúndna filmum í hvorum. Ekki var þó allt jafnspennandi sem kom upp úr pökkunum. Myndirnar frá London báru breska samveldinu vitni í ríkum mæli, m.a. áberandi mikil umfjöllun um ástandið í Ródesíu og viðskiptabannið á það land. Við gjörnýttum þetta efni í fyrstu fréttapáttunum og var hafnarborgin Bulawayo í Ródesíu um tíma orðin nafli alheimsins í augum Íslendinga, þó að landsmenn hefðu naumast nokkurn tímann heyrt hennar getið og teldu sér lítt koma við hvað þar gerðist. Þarna fylgdu með myndir af alls konar sýningum, sem Bretar höfðu unun af að halda og sækja. Nautgripasýningum, blómasýningum, hundasýningum og þannig mætti lengi telja. Merkilegt var hvað við gátum gert okkur mat úr þessu öllu með sérstökum

# Þrjár fyrstu þulurnar



*Asa Finnsdóttir starfaði sem filmuklippari hjá Sjónvarpinu.*



*Kristín Pétursdóttir, bókasafnsfræðingur, skipulagði filmusafn Sjónvarpsins.*



*Sigríður Ragna Sigurðardóttir var kennari í Alftamýrarskóla.*

syrpum eða léttu ívafi í lok hinnar raunalegu upptalningar á hörmungasögum úr mannheimi, sem voru efstar á baugi í fréttatímum dagsins. Það skorti hins vegar gott fréttasamband við Norðurlöndin.

Norrænu sjónvarpsstöðvarnar skiptust daglega á fréttum með beinni miðlun sín á milli. Við gátum ekki orðið þátttakendur í þeim samskiptum. Þá var reynt að semja við Dani um að taka saman fréttamyndir á myndsegulband á nokkurra daga fresti og senda okkur en koma mikilsverðustu myndum til okkar með hraði. Þetta tókst um skeið en ekki til langs tíma þannig að viðunandi væri. Til viðbótar fréttakvikmyndunum fengum við símaljósmyndirnar sex daglega og stríðan straum fréttaskeyta frá AP og norsku fréttastofunni NTB. Var þetta fyrirkomulag fljótlega komið í fastar skorður og helgaði ég mig erlendum fréttum og fréttaskýringum fyrst og síðast á meðan ég starfaði á fréttastofunni, auk þess sem ég vann að gerð innlendra sjónvarpsþátta “á bak við myndavélina” sem upptökustjóri, “pródúsent”.

Við buðum kunningjum okkar, einnig talsmönnum stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka, að koma í sjónvarpssal og vera með í æfingaviðtölum. Þetta var ekki aðeins þjálfun fyrir okkur heldur kom hún sér mjög vel fyrir marga viðmælendurna, sem áttu eftir að sitja fyrir svörum í sjónvarpsfréttum og þáttum. Eitt álitamál reis upp þá þegar. Þetta voru upp til hópa viðmælendur, sem við þekktum úr blaðamenskunni. Áttum við nú allt í einu að fara að þera þá? Ríkar hefðir voru fyrir þeringum innan Ríkisútvarpsins, í dagskrárþáttum og milli starfsmanna. Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, og Sigurður Þórðarson, staðgengill hans og skrifstofustjóri, höfðu þérast innan veggja stofnunarinnar sem og annars staðar í 30 ár og gerðu enn. Helgi Hjörvar, sem til skamms tíma hafði verið mikilvirkur útvarpsmaður og formaður útvarpsráðs, var einn af áköfustu talsmönnum fyrir áframhaldandi viðgangi




þéringanna “í samskiptum siðaðs fólks”. Og ljóst var að lítið yrði um samtöl á nótum gamals kunningskappar í fréttaviðtölum frammi fyrir alþjóð. Hjá Útvarpinu var það ófrávikjanlegur siður að þéra viðmælendur og það þurfti að ríkja samræmd stefna hjá allri stofnuninni, ekki að þéringarnar héldu áfram í útvarpi en að menn þúuðust í sjónvarpi. Við vildum ekki ala á ágreiningi innan stofnunarinnar um þetta atriði, nógu mikil yrði nú viðkvæmnin samt þegar Sjónvarpið færi að keppa við Útvarpið í frétttaflutningi. Þéringar voru á undanhaldi og myndu smám saman hverfa.

Miðvikudaginn 28. september sögðu blöð og útvarp frá því að loksins hefði verið formlega ákveðið að íslenskt sjónvarp hæfist tveim dögum seinna, föstudaginn 30. september. Það var kallað tilraunasjónvarp. Góður varnagli sleginn þar. Frá þessu var greint opinberlega á fundi, sem fjölmiðlafólk átti með útvarpsstjóra ásamt framkvæmdastjóra og deildarstjórum hins íslenska sjónvarps síðdegis á þriðjudegi. Þar kom fram að fyrst um sinn yrði einungis sjónvarpað tvö kvöld í viku, á miðvikudags- og föstudagskvöldum, en að tilraunasendingum loknum myndi sjónvarpað sex kvöld vikunnar. Í Alþýðublaðinu sagði m.a.: “Fastir starfsmenn sjónvarpsins eru um 30 og var það einróma skoðun sjónvarpsmanna, að Íslendingar yrðu að komast af með mun færri starfsfólk en hliðstæðar erlendar sjónvarpsstöðvar, sem hafa hundruðum starfsmanna á að skipa. Annars fer það nokkuð eftir þeirri reynslu, sem fæst við væntanlegar tilraunasendingar, hve mörgum þarf að bæta við núverandi starfslið sjónvarpsins. Emil Björnsson, dagskrárstjóri fréttta- og fræðsludeildar, gat þess, að sökum mannfæðar væri mikið komið undir dugnaði og afköstum manna.”

Allir þættir í fyrstu útsendingu voru teknir upp fyrirfram og gekk sú vinna vel. Frétttaþáttur okkar Magnúsar Bjarnfreðssonar með erlendum fréttamyndum var fjölbreyttur og efnið ferskara en fólk hafði áður átt að venjast af aukamyndum í kvikmyndahúsum. Við fórum

að sjálfsögðu í förðun og bláar skyrtur. Hvort tveggja var nauðsynlegt til að yfirmóta ekki myndirnar í ljósnæmum vélunum. Ég var ljós yfirlitum og talinn þurfa á sérmeðferð að halda. Hún fólst í því að dekkja augnhár og augabrúnir. Fyrir slysnir var of miklum dökkum lit makað á augabrúnirnar, einkum þá vinstri, Þannig var ég óvart kominn í flokk með Hollywood-stjörnum eins og Joan Crawford og Sophiu Loren, sem báðar voru býsna vel brýndar og höfðu nú fengið samkeppni úr óvæntri átt!





*Gísli B. Björnsson teiknaði hið snilldarlega merki Sjónvarpsins. Síðar varð það einkenni RÚV. "Geggjað branding," myndi unga fólkið segja í dag.*

Á sláginu klukkan 20.00 föstudagskvöldið 30. september 1966 rann upp sú stund er beðið hafði verið eftir. Íslenska sjónvarpið tók til starfa. Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri, birtist á skerminum og flutti stutt ávarp. Hann kvað sjónvarpsstarfsmenn ætla að fara sér hófsamlega, en setja þó markið hátt. Frá því útsending stillimynda hófst í árslok 1965 hefði verið unnið stanslaust að undirbúningi þessa sjónvarps. Sjónvarpshúsið, 1900

# Frammar öllum vo



*Starfsfólk Sjónvarpsins samankomið í upptökusal með útvarpsstjóra*




*Ása Finnsdóttir.*

ferm. að stærð, hefði kostað hálfa þrettánda milljón króna, en áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurstöðvarinnar væri rúmlega 70 milljónir eða ámóta og áætlað verð eins nýs menntaskóla. Væri innifalið í þeirri upphæð kaupverð sjónvarpssendis fyrir Vestmannaeyjar og nokkra fleiri staði, sem sjónvarp fengju á næstunni. Nú væru 13–14000 viðtæki í notkun og full útsending myndi væntanlega hefjast eftir miðjan nóvember, jafnframt því sem sjónvarp væri nú undirbúið um land allt. Ávarpinu lauk

# num



a eftir að opunarávarp hans var tekið upp.



“Dýrlingurinn” Roger Moore.

## Fyrsta dagskrá Sjónvarpsins

20.00 Ávarp — Vilhjálmur Þ. Gíslason, útvarpsstjóri.

20.05 Blaðamannafundur. — Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, svarar spurningum blaðamanna. Fundarstjóri Eiður Guðnason. Sýrjendur auk hans ritstjórnarnir Andrés Kristjánsson og Ólafur Hannibalsson.

20.40 Úr Eystribyggð á Grænlandi. — Kvikmynd, sem Ósvaldur Knudsen hefur gert um byggðir Íslendinga á Grænlandi fyrir á öldum. — Þulur í myndinni er Þórhallur Vilmundarson.

21.00 Skáldatími. — Halldór Kiljan Laxness les úr Paradísarheimt.

21.25 Það er svo margt, ef að er gáð. — Skemmtiþáttur Savanna tríósins.

21.55 Dýrlingurinn. (The Saint) Eftir sögu Leslie Charteris. 1.þáttur: Fyrirmyndareiginmaður. Roger Moore í hlutverki Simon Templar. Aðrir leikendur: Patricia Kock sem leikur Madge Clarron, Derek Farr sem leikur John Clarron, Shirley Eaton sem leikur Adrienne Halberd. Sjónvarpshandrit: Jack Sanders. Leikstjóri: Michael Truman. Stjórnendur: Róbert S. Baker og Monty Berman. — Þýðandi Steinunn S. Briem.

22.45 Frá liðinni viku. — Fréttapáttur, sem samsettur er af erlendum fréttakvikmyndum frá síðustu viku.

23.00 Dagskrárlok.



Í ávarpi sínu við opnun Sjónvarpsins sagði útvarpsstjórinn meðal annars:

***“Það sem hér fer fram er sumt í þjónustu hversdagsins, sumt með hátíðarbrag. Það sem hér er sagt og sýnt á að vera túlkun þess sem sannast er vitað. Það á að auka útsýn um jörðina og um nýjar veraldir, vera hvöt til betra lífs og glaðvær hvíld eftir erfiði dagsins. Það á að tengja þjóðir og einstaklinga í skilningi og friði, vera vettvangur heilbrigðra skoðanaskipta, leiksvið margra lista, verkstæði fjölbreyttra framkvæmda. Staður stórra drauma.”***

með kveðjunni “Í guðs friði”, eins og hann gerði ávallt í ávörpum sínum í útvarpi.

## Morgunblaðið

Morgunblaðið hafði viðbúnað um kvöldið til að fylgjast með áhrifum fyrstu sjónvarpssendingarinnar á fulltrúa almennings, sem hennar gátu notið. Í laugardagsblaðinu 1. október voru fluttar ítarlegar fréttir af þessum einstæða viðburði:

”FYRSTA útsending ísl. sjónvarpsins fór fram í gærkvöldi, og tókst hún mjög vel, tæknilega séð, og var myndin víðast mjög skýr. Tugir þúsunda Reykvíkinga munu hafa fylgst með þessari útsendingu, enda setti hún óneitanlega svip á ýmsa þætti lífsins í Reykjavík. T.d. hafði Mbl. tal af einum bifreiðastjóra, sem var á ferðinni um kl. 9 í gærkvöldi, og kvað maðurinn ástandið á götunum þá hafa verið engu líkara en um kl. sex á aðfangadag, varla nokkur maður á ferli.

Mbl hringdi í nokkur kvikmyndahús, og kom í ljós, að þau höfðu verið heldur fásótt þetta kvöld. Í Tónabíó voru t.d. aðeins 107 manns, en undanfarið hefur verið þar uppselt hvert kvöld. Húsið tekur um 450 manns. — Sömu sögu var að segja í Háskólabíó, þar kvaðst stúlkan, sem fyrir svörum varð, ekki muna eftir öðru eins fámenni, og í Nýja bíó, þar sem húsfyllir hefur verið hvert kvöld undanfarnar 3 vikur, var mjög fátt manna. Og maðurinn sem svaraði í Gamla bíó sagði: — Það hefur verið húsfyllir hjá okkur alveg frá því við byrjuðum að sýna Mary Poppins, en í kvöld hefur eitthvað klikkað heldur betur.

Og ekki var ástandið mikið betra á þeim skemmtistöðum, sem við hringdum til, þjónarnir bæði í Lídó og á Sögu töldu óvenju fáa vera að skemmta sér þetta föstudagskvöld. En sá sem varð fyrir svörum á Hótel Borg sagði: — Það er óvenjulega fátt hérna fram í salnum, en inn á bar er allt troðfullt — þar er nefnilega sjónvarp.

Mikil vandræði sköpuðust líka hjá leigubifreiðastöðvum, því að margir þurftu að bregða sér milli húsa til vana og vandamanna til þess að horfa á sjónvarpið, en mjög fáir leigubifreiðastjórar voru að aka þetta kvöld, þar sem þeir sátu flestir heima og horfðu á sjónvarpið. Þá var og mjög lítið um mannaferðir með strætisvögnum borgarinnar.

Mbl. hafði samband við nokkra staði hér í næsta nágrenni við Reykjavík, og spurðist fyrir hvernig sjónvarpið hefði sést. Ekki tókst blaðinu að hafa freignir af því, að nokkur maður hefði séð sjónvarpið í Borgarnesi, enda hefur stillimyndin ekki sést þar fram að þessu. Á Akranesi sáu menn ákaflega misjafnlega, og sums staðar kom myndin allvel fram, en á öðrum stöðum var hún tvöföld, eins og skýrt er frá í blaðinu á öðrum stað. Í Keflavík sást myndin yfirleitt heldur illa, enda voru menn þar vart undir það búnir að taka á móti sendingum frá ísl. sjónvarpinu. En á Selfossi sást myndin víða nokkuð vel, betur en menn höfðu búist við, enda þótt sums staðar kæmi hún mjög illa fram. Og í Vestmannaeyjum sást myndin mjög vel.”

## ALPÝÐUBLAÐIÐ

“DAGSKRÁIN ÞÓTTI GÓÐ”

“Óhætt er að fullyrða, að almenn ánægja ríkti með fyrstu dagskrá Sjónvarpsins, sem send var út í gærkveldi. Strax fyrir klukkan átta dró mjög úr umferð í bænum, leigubílar hurfu af stöðvum og strætum og þótt ekki væri margt um manninn á götum, stóðu hópar fyrir utan verslanir, sem selja sjónvarpstæki, — en þar voru víða tæki í gangi og hægt að fylgjast með dagskránni. Fyrsta sjónvarpskvöldið olli ekki vonbrigðum, þótt ýmsir hafi haft sitthvað við dagskrána athuga. Annað hvort að þættir hefðu verið of langir, eða að beiting myndavéla hefði sumstaðar mátt vera betri, en í heild þótti Sjónvarpinu takast mjög vel upp og smekkvísi sjónvarpsmanna í þularvali verður ekki véfengd.

Þá mæltist kynningarspjald sjónvarpsins vel fyrir, sem og teiknimynd erlend, sem sýnd var, en ekki hafði verið boðuð í dagskrá, og fréttayfirlit sjónvarpsmanna var með ágætum.”

## ÞJÓÐVILJINN

”Sjónvarpið fór vel af stað í gær”

“Fæstum mun blandast hugur um það eftir þessa sendingu, að íslenska sjónvarpið hafi farið vel af stað. Mikillar eftirvæntingar gætti í Reykjavík í gær vegna þessa viðburðar í menningarlífi þjóðarinnar — þannig var t.d. gjörsamlega ómögulegt að fá leigubifreið í bænum öllum um átta Ieytið.”

## VÍSIR

”Mikil ös var við búðarglugga, þar sem sjónvarp var í gangi. Á einum stað var kaupmaður svo hugulsamur að hafa dyrnar opnar til að fólkið gæti notið talsins líka.”

## Tíminn

”BÝÐUR KOMMÚNISTUM Í STJÓRN  
HEFUR ÓTRÚ Á ÞJÓÐSTJÓRN”


Tíminn málagn Framsóknarflokksins í stjórnarandstöðu fagnaði opnun sjónvarpsins með nokkrum pólitískum fallbyssuskotum og lagði út af ummælum forsætisráðherrans í umræðuþætti kvöldsins.

“Reykjavík, föstudag

Það vakti töluverða athygli, að í sjónvarpsviðtalinu í kvöld hafði Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, þau orð, að hann mundi fagna því, ef Alpýðubandalagið vildi slást í fylgd með stjórnarflokkunum,



*Bjarni Benediktsson var landsfödurlegur í sjónvarpi.*



*Magnús Kjartansson, sem þekktur var fyrir óvægjin skrif í Þjóðviljanum, kom á óvart með fágæðri framkomu.*

og þar sem þetta var svar við spurningu um það, hvort nokkrar ráðagerðir væru uppi um að bæta Alþýðubandalaginu í ríkisstjórnina, varð þetta varla skilið á annan veg en þann, að forsætisráðherra væri með þessum orðum að þjóða kommúnistum í stjórn með sér. Hins vegar kvaðst forsætisráðherra hafa ótrú á þjóðstjórn og taldi ekki líklegt að hún mundi koma sér saman um lausn mála. Forsætisráðherra sagði, að þjóðin hefði valið sér stjórnarstefnu og stjórnarflokka í kosningunum 1963, og ef Alþýðubandalagið vildi fallast á þá stefnu væri sér sönn ánægja að því, ef það vildi slást í fylgdina eins og hann orðaði það.”

Viðtalið við Bjarna Benediktsson opnunarkvöldið olli talsverðum tímamótum. Stjórnámálamenn og fjölmiðlafólk fyrst og fremst gerði sér þá þegar grein fyrir að þjóðmálaumræðan á Íslandi stæði á tímamótum. Eftirleiðis myndi íslenskur almenningur aðallega fylgjast með hinni skoðanamyndandi umræðu í Sjónvarpinu. Þessu gerði fólk almennt sér grein fyrir mjög fljótt. Fyrirfram höfðum við rætt í okkar hóp hvernig sjónvarpið myndi leika ýmsa þekkta íslenska stjórnámálamenn, þegar að því kæmi að þeir settust fyrir framan sjónvarpsvélarnar. Þetta gekk þó vonum framar hjá þeim flestum.

Bjarni Benediktsson lærði strax af mistökum sem hann gerði við þessa frumraun sína í íslensku sjónvarpi. Hann talaði mikið niður í borðið og hnykkti á lokaorðum í hverjum svari með sérkennilegri áherslu. Þetta hljómaði og leit undarlega út. En slíkir áferðargallar endurtóku sig ekki hjá forsætisráðherranum og þegar í áramótaávarpi sínu náði hann góðum tókum á miðlinum og var hinn geislandi landsfaðir. Bjarni kom ekki oft í sjónvarpsviðtöl. Hans verður fyrst og fremst minnst úr umræðuþáttum vegna kosninga og fyrir áramótaávröpin. Þegar leiðtogar flokkanna ræddu saman kvöldið fyrir kosningar 1967 var stefna viðreisnarstjórnarinnar í innflutningsmálum til umræðu, m.a. danskir kókubotnar, sem fengust í búðunum



*Þátturinn Blaðamannafundur. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, Eiður Guðnason, stjórnandi þáttarins og spýrlarnir Andrés Kristjánsson, og Ólafur Hannibalsson, báðir ritstjórar.*

og höfðu orðið mörgum að hneykslunarefni. Lúðvík Jóseppson og Eysteinn Jónsson, leiðtogar stjórnarandstöðunnar viku eitthvað að þessari meintu gjaldeyrissóun, en Bjarni benti þeim heiðursmönnum á að ágætar eiginkonur þeirra frú Fjóla og frú Solveig ættu að geta ákveðið það sjálfar hvort þær keyptu danska kökubotna eða eitthvað annað til að bera fram bakkelsi með kvöldkaffinu fyrir þá eiginmenn sína. Röksemdafærsla í svo alþýðlegum búningi frá forsætisráðherra landsins kom fólki nokkuð á óvart í þann tíð og hitti í mark.

Sá stjórnmalamaður, sem sýndi einna mest tilþrif í Sjónvarpinu þegar frá byrjun var Gylfi Þ. Gíslason, mennta- og viðskiptamálaráðherra. Gylfi átti það til að stama örlítið þegar honum var mikið niðri fyrir en ekkert bar á því í sjónvarpsviðtölunum. Hann var mjög skýr í framsetningu og hæfilega stuttur. Það voru kannski heldur mikil tilþrif hjá honum þegar hann hætti að virða viðmælanda sinn í sjónvarpssal viðlits eða fréttamann og fór að horfa beint inn í myndavélina til að ávarpa áhorfendaskarann um allt land. Slíkt gat vel átt við í lokaorðum fyrir kosningar en var full langt gengið á stundum í viðtölunum. Það var haft á orði að Gylfi væri alltaf með annan fótinn í sjónvarpssalnum og enginn stjórnmalamaður fengi að guða jafn ótt og títt á skjáinn hjá landsmönnum og hann. Pólítískir andstæðingar voru fremur ergilegir yfir þessari meintu mismunun. Þeir áttu erfitt með að horfast í augu við þá staðreynd að ráðherrar hafa oftar fréttir að segja en óbreyttir þingmenn, jafnvel þó að þeir séu leiðtogar stjórnarandstöðuflokka. Auk þess var Gylfi ráðherra yfir málaflokkum,

sem voru mjög í brennidepli á þessum tíma, menntamállum og viðskiptamállum.

Fyrir alþingiskosningarnar 1967 kom Magnús Kjartansson, ritstjóri Þjóðviljans, fram í sjónvarpsumræðum sem frambjóðandi Alþýðubandalagsins í Reykjavík. Magnús hafði verið ritstjóri "kommamál gagnsins" eða "Illviljans", eins og blaðið var oft kallað af andstæðingunum. Hann var þekktur fyrir óvægin skrif sín um pólítíska andstæðinga og stjórnmalin, innlend sem erlend, síðast í dálkaskrifum undir nafninu Austri. Menn biðu að sjálfsögðu spenntir eftir að sjá óargadýrið æða um í sjónvarpssal en brá heldur í brún, þegar Magnús birtist næstum eins og fermingardrengur, þrúður og rökfastur án þess að gefa nokkuð eftir í allaballaáróðrinum. Magnús skoraði vel í Sjónvarpinu þá og æ síðar, varð þingmaður og síðar ráðherra í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar 1971-1974.

Dæmi um stjórnmalamaðmann sem sjónvarpið reyndist vægast sagt erfiður ljár í þúfu er Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Hann virtist alltaf óöruggur með sig, augnaráðið oft flöktandi og svo svitnaði hann illilega á efri vörinni. Förðunardömur urðu að hlaupa til og þurrka svitann af Jóhanni þegar myndavélinni var ekki beint að honum. En þetta endurtók sig aftur og aftur. Ég stjórnaði eitt sinn útsendingu á þætti með honum. Fyrir útsendingu var farið yfir þetta atriði og Jóhanni leiðbeint um það hvernig hann gæti borið vasasklútinn eðlilega að efri vörinni og þurrkað léttilega yfir hana meðan



*Jóhann Hafstein, forsætisráðherra, svitnaði svakalega á granstæðinu yfir efri vörinni þegar hann var í sjónvarpsþáttum.*



*Ólafur Jóhannesson hélt uppi harðri gagnrýni á fréttamenn Sjónvarpsins í þingræðum.*

rauða ljósið logaði ekki á myndavélinni fyrir framan hann.

Tíminn 8. maí 1969 um umræðurnar á Alþingi:

”Miklar og heitar umræður urðu um fréttir í sjónvarpi, og að ekki væri tryggt nægjanlegt jafnræði með ríkisstjórn og stjórnarandstöðu í stjórn málafréttum sjónvarpsins. Kom m.a. fram, að engar reglur hafa verið settar um fréttir í sjónvarpi og er stuðst við reglur um fréttastofu hljóðvarpsins sem settar voru á árunum 1934–1958. Menntamálaráðherra flutti þinginu skýrslu, sem hann taldi sanna, að fullt jafnræði væri með stjórn og stjórnarandstöðu í fréttum sjónvarpsins. Aðrir ræðumenn töldu hins vegar að skýrslan sannaði, að mikil mismunun ætti sér stað milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Var þeirri ábendingu beint til fréttastjóra sjónvarpsins, að tilvalið væri að hafa viðtal við menntamálaráðherra í sjónvarpsfréttum í kvöld, þar sem hann „sannfærði” landslýðinn um það, hve sjaldan hann kæmi fram í Sjónvarpinu. Glumdi þá öll þinghúsbyggingin af hlátrasköllum og færðist eftir það talsverður hiti í umræðurnar, því að menntamálaráðherra missti gjörsamlega vald á skapsmunum sínum og lýsti Ólaf Jóhannesson, formann Framsóknarflokksins, ósannindamann. Það var Magnús Kjartansson sem bar fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um starfsreglur fréttastofu sjónvarpsins og taldi hann, að sjónvarpið hefði um of dregið taum ráðherra í fréttum sínum en borið fyrir borð hlut stjórnarandstöðunnar.”

Atkvæðamestur í gagnrýninni á fréttastofu Sjónvarpsins var Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins. Sagði hann að ekki þýddi fyrir ráðherra að þræta fyrir það að hann hefði ekki komið í sjónvarpið nema þegar hann hefði verið um það beðinn. Til dæmis væru ýmis óræk vitni sem sönnuðu annað. Sagði Ólafur að Framsóknarflokkurinn væri ekki ánægður með hvernig fréttabjónustu Sjónvarpsins væri háttáð og hefði m.a. verið talað við fréttamenn stofnunarinnar og þeim bent á það sem miður



hefði farið hjá þeim. Stjórnarandstaðan hefði flutt mörg frumvörp á Alþingi í vetur, en Sjónvarpinu hefði aldrei þótt þau fréttæm. Greinilega væri hallað á stjórnarandstöðuna í fréttaplutningnum.”

Fréttastjóri og fréttamenn Sjónvarpsins brugðust hart við þessum órökstudda áburði Ólafs Jóhannessonar með yfirlýsingu, sem birt var í fjömiðlum 10. maí 1969, svohljóðandi:

*“Vegna ummæla prófessors Ólafs Jóhannessonar, formanns Framsóknarflokkins, við umræður í sameinuðu þingi, 7. maí 1969, viljum við taka fram eftirfarandi:*

*Hvorki ráðherrar né aðrir utanaðkomandi hafa nokkru sinni sagt okkur fyrir verkum um fréttaval, eða fréttaviðtöl í fréttum sjónvarpsins. Við undirritaðir, fréttastjóri og fréttamenn fréttastofu sjónvarps teljum aðdróttanir hr. Ólafs Jóhannessonar grófar persónulegar móðganir við okkur sem fréttamenn og opinbera starfsmenn, og mælumst til þess að hann taki þessi ummæli sín aftur.*

*Reykjavík, 9. maí 1969.*

*Emil Björnsson,*

*Magnús Bjarnfreðsson,*

*Markús Örn Antonsson,*

*Ásgeir Ingólfsson,*

*Ólafur Ragnarsson,*

*Eiður Guðnason.”*

Okkur var mjög annt um heiður, sjálfstæði og óhlutdrægni Sjónvarpsins. Í störfum okkar var þess jafnan gætt að leita eftir ólíkum sjónarmiðum um pólitísk álitæfni á líðandi stund. En eins og jafnan áður, fyrr og síðar, bjuggu ráðherrar oft yfir fréttæmum upplýsingum, sem eftirsóknarverðar voru til birtingar og þá alveg út úr kú að leita samtímis eftir álit fulltrúa allra flokka á þingi. Ólafur Jóhannesson fékk ótal tækifæri síðar meir sem ráðherra til að tjá sig um fréttæm efni í sjónvarpi án þess að aðrir stjórnámamenn fylgdu þar á eftir sem viðhengi. Hins vegar var ekki unnt á upphafsárunum að hafa sérstakan þingfréttamann og myndatökumenn

tilbúinn í söllum Alþingis til að fylgjast þar jafnaðarlega með umræðum. Fréttir frá Alþingi voru því fátæklegri en við hefðum kosið af fjárhagsástæðum einum.

Ósagt skal látið, hversu mikils skilnings eða samúðar þessi yfirlýsing okkar mætti. Alla vega var ekki mikil hluttekning í smáskoti frá Mánudagsblaðinu, sem á sinn hátt afgangi okkur með strákslegum athugasemdum. Má vera að við höfum líka eitthvað af þeim lært:

**Mánudagsblaðið**  
Blad fyrir alla

*”EINU SINNI voru það óperuprímadonnurnar, sem ekki höldu gagnrýni, leiðbeiningar né góðlátlegar athugasemdir. Í þennan fjölmenna og listræna hóp hafa nú bætzt fréttamenn sjónvarpsins. Gagnrýni Ólafs Jóhannessonar, þingmanns, varð til hlálegustu blaðaskrifa um „hlutleysi” sem enn hafa sést í blöðum, og í sárum sínum gripu fréttamenn stofnunarinnar til þess að kveina í eigin mynd í Sjónvarpinu sjálfu og síðan skora Ólaf á hólmi — líkt og læknaatrúðurinn okkar „heimsfrægi”. Hvort Ólafur hefur á réttu að standa eða ekki, þá er hér um einstæðan barnaskap að ræða. Fréttamenn hljóta að verða gagnrýndir enda hafa a.m.k. sumir, innan stofnunarinnar, gert sig bera að fátæknilegum staðhæfingum í yfirheyrslum sínum, og orðið aðhlátursefni fyrir. Hörundssjúkur fréttamaður er eins og rekinn hvalur. Það er aðeins tímaspursmál þar til hann kafnar af eigin þunga.”*

Sjálfur fékk ég ekki oft föðurlegar ábendingar eða hótanir stjórnámamanna um hvernig ég skyldi haga fréttaplutningi. Enda tæpast við slíku að búast, þar sem ég annaðist fyrst og fremst erlendar fréttir en kom þó stundum að dagskrárþáttum um þjóðmálin. Ég



*Emil Jónsson, utanríkisráðherra, taldi mig lítilækka sig.*



*Þingheimur var áhugasamur um Sjónvarpið og almennt jákvæður. Fyrst og fremst töldu þingmenn að hraða bæri útbreiðslu þess um landið. Fulltrúar hinna dreifðu byggða vildu sjónvarp handa kjósendum sínum hið fyrsta.*

minnst þess, að Jón Skaftason, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði einu sinni við mig í flugvél, algjörlega upp úr þurru: ”Það verður ekki hægt að koma viðreisnarstjórninni frá meðan þú vinnur í Sjónvarpinu” ”Ja, mikill er máttur manns og illt orðið ástand Framsóknar, stærsta stjórnarandstöðuflokksins”, hugsaði ég eftir þessa ævintýrlegu en fýlulegu athugasemd hins dagsfarsprúða séntilmanns.

Einhverjir sporgöngumenn okkar á Sjónvarpinu komu þeirri sögu á kreik, að við á fréttastofunni hefðum fyrirfram sent ráðherrum allar spurningar sem til stóð að leggja fyrir þá í viðtölum og umræðubáttum. Ólafur Ragnar Grímsson var sérstaklega iðinn við að breiða út þessa Gróusögu. Vegna viðtala gerðum við viðmælendum okkar grein fyrir um hvað málið snerist þannig að þeir gætu haft tiltækar upplýsingar, t.d. tölulegar, sem fram þyrftu að koma í upplýsandi samtali. Síðan þróaðist viðtalið áfram í upptöku eða beinni útsendingu og við fylgdum efnisatriðum eftir með spurningum sem viðmælandinn hafði engan pata af fyrirfram.

Skömmu eftir valdarán herforingjanna í Grikklandi í apríl 1967 átti ég viðtal við Emil Jónsson, þáverandi utanríkisráðherra, á Keflavíkurflugvelli. Ráðherrann var að koma af fundi utanríkisráðherra NATO í Brüssel. Þetta var fyrsti ráðherrafundurinn þar sem Panayotis Pipinellis, utanríkisráðherra herforingjastjórnarinnar, var mættur í hópi starfsbræðra frá öðrum aðildarlöndum Atlantshafsbandalagsins og þess vegna lék okkur forvitni á að heyra frá utanríkisráðherra Íslands hvernig Pipinellis hefði verið tekið á fundinum og hver afstaða NATO væri til valdaránsins, þar sem lýðræðið hefði verið fótum troðið. Með Emil var í för Agnar Klemenz Jónsson, ráðuneytisstjóri. Það var auðsótt mál að fá viðtalið við ráðherrann inni í flugstöðinni, en ég sá að hann hafði fengið sér koníak eftir matinn í flugvélinni og vafalaust einn drykk fyrir lendingu. Viðtalið við ráðherrann bar þess öll merki. Átti hann varla orð til að lýsa

ágæti Pipinellis enda hefði sú fjölskylda öll verið Íslandi mjög handgengin með því að flytja inn saltfisk frá Íslandi til Grikklands svo lengi sem elstu menn mundu. Þetta var ný staða á fréttamannsferlinum og ekki auðvelt að bregðast við henni. Nú gátu ráðherrar ekki lengur komið heim frá útlöndum í friði og haft það huggulegt í langri flugferð án þess að eiga í vændum að Sjónvarpið sæti fyrir þeim við heimkomuna.

Agnar Klemenz fylgdist með samtalinu og spurði ég hann í einrúmi hvað honum hefði fundist um það. "Ráðherrann stendur alltaf fyrir sínu", sagði Agnar og kvöddu þeir ráðherra og héldu rakleiðis í gegnum tollinn. En það fór ekki milli mála, að Emil ráðherra mislíkaði mjög birting viðtalsins og lagði nokkra fæð á mig eins og fram kom í kuldalegri kveðju til mín, í flugvél milli landa, vel að merkja. Hann sagði að ég væri að "lítillækka sig." Það hefur sennilega farið fyrir brjóstið á Emil Jónssyni að Magnús Kjartansson, ritstjóri, gerði viðtalinu nokkur skil á sinn beinskeytta hátt í "meinhorni" sínu "Frá degi til dags" í Þjóðviljanum:

"Alþýðublaðinu er það viðkvæmnismál að Emil Jónsson sé spurður um utanríkismálefni, og hefur ritstjórinn eflaust sínar ástæður til þess. Samt kemst ráðherrann ekki undan því að ræða um þetta sérvið sitt; til að mynda sátu fréttamenn sjónvarpsins fyrir Emil á föstudaginn var, þegar hann kom af fundi í stofnun þeirri sem hann nefndi á frummálinu „The North Atlantic Treaty Organisation“, og kynntu þjóðinni ráðherrann og frásagnir hans. Ekki voru frásagnir Emils Jónssonar af fundinum sérlega skýrar og ekki virtist ráðherrann hafa ýkja mikla vitneskju um ástandið í Grikklandi, enda þótt hann hefði haft að sessunauti Pipinellis utanríkisráðherra fasistastjórnarinnar — sem ráðherrann kallaði raunar „min sidekammerat“. Þó virtist ráðherrann ekki telja að nein breyting hefði orðið á stjórnmalasambandi ríkisstjórnar Íslands og Grikklands við síðustu atburði; „ég segi bara nei“ mælti hann á íslensku."

Á hinum fyrstu sjónvarpsárum stóð mikil og eldheit umræða um alþjóðleg málefni. Fyrir utan nokkuð hefðbundnar kaldastríðsdeilur og baráttu gegn kjarnorkuvopnum voru stríðsfréttir áberandi. Sex daga stríð Ísraels í júní 1967, Víetnamstríðið og valdaránið í Grikklandi var í brennidepli auk borgarastyrjaldarinnar í Nígíeríu. Biafrastríðið þar í landi, hungursneyðin og barnadauðinn sem henni fylgdi, lét engan ósnortinn sem horfði á fréttamyndirnar. Síðar kom innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu. Fólk um heim allan stóð fyrir mótmælagöngum, sem víða snerust upp í harðvítug ef ekki blóðug átök milli þátttakenda og lögreglu og hermanna. Stúdentar gerðu uppreisn í París. Þessa bylgju bar að Íslandsströndum og mynduðust hér mótmælahreyfingar sem létu mikið að sér kveða. Birna Þórðardóttir var þá nýorðin stúdent og kvaddi sér hljóðs í Víetnamaðgerðum. Hún stóð m.a. fyrir því að aðsúgur var gerður að Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra, þegar hann ók í bíl sínum frá Stjórnarráðinu og frægt varð, með allnokkrum eftirmálum, að hún sparkaði í pung Guðmundar Hermannssonar, lögregluþjóns og kúluvarpara, en hlaut sjálf skrámu á andliti. Voru sjónvarpsmyndir teknar af Birnu þegar hún var búin að káma blóðinu frá skeinunni út á kinnar sér og upp á nef. Nokkuð auðvelt var að sjá í gegnum þetta meistaraverk í útlitshönnun. Eftir það talaði séra Emil fréttastjóri alltaf um "Blóð-Birnu".

Einum þingmanninum, Jónasi Árnasyni, ásamt þeim Gunnari Guttormssyni og Geir Vilhjálmsyni, þótti Sjónvarpið ekki aðhafast nóg við að taka myndir af þeim og öðrum samherjum í Víetnammótmælum í nóvember 1969. Þeir tóku þess vegna hús á okkur, ruddust inn á fréttastofuna þar sem við vorum á vakt á sunnudegi og vönduðu okkur ekki kveðjurnar. Gagnrýndu þeir að við skyldum ekki "sýna meira" af mótmælafundi í Háskólabíói í fréttunum kvöldið áður. Þessu fylgdu svo aðdróttanir um ritskoðun og hlutdrægni Sjónvarpsins í Víetnammálinu.



*Walter Cronkite, fréttapjallur CBS. Við fengum fréttamyndir úr Víetnamstríðinu frá CBS.*



*Cronkite var með beinar útsendingar um gervitungr frá vígstöðvunum í Víetnam. Raunveruleikinn sem við blásti hafði djúpstæð áhrif á almenningsálitið vestra.*



*Stríðsátök bárust beint til áhorfenda um allan heim.*

Fréttirnar frá Víetnam voru fyrirferðarmiklar eins og vænta mátti. Margir voru búnir að fá sig fullsadda af þeim. Öðrum þótti ekki nóg að gert. Sumir héldu því fram að við drægjum taum Bandaríkjamanna, aðrir að við værum handbendi kommúnista. Vert er að hafa í huga að myndefni okkar kom frá bandarískum CBS-fréttamönnum, sem höfðu einmitt orð á sér fyrir að vera manna gagnrýnastir á gang Víetnamstríðsins og urðu orðlagðir fyrir að hafa átt mikinn þátt í að byggja upp andstöðu við stríðsreksturinn með því að sýna löndum sínum hinn nóturlega sannleika hildarleiksins, oft í beinum útsendingum. Við höfðum vitaskuld enga aðstöðu til að byggja á eigin heimildum um það sem gerðist þar eystra. Við treystum á myndefni og skeyti, sem komu frá hinum alþjóðlegu fréttastofum, og því sem við lásum okkur til í erlendum dagblöðum og tímaritum. Eins og vænta mátti var Víetnamstríðið fyrirferðarmikið í fréttánnálum þessara ára á gamlársdag. Eftir einn slíkan fékk ég svohljóðandi áramótakveðju og umsögn í pistli í Mánudagsblaðinu:

”Fréttamyndir frá árinu, erlendar, voru eiginlega ekki annað en lævis áróður íslenska fréttamannsins gegn öllu vestrænu, ekki síst bandarísku, en inn var skotið lélegum myndum að austan, svo lélegum að undrun sætti. Má piltur þessi, sem skyndilega virðist vera orðinn sérfræðingur á erlendar fréttir, fara að rannsaka ráð sitt áður en um seinan.”

Fyrsta beina útsending íslenska sjónvarpsins úr upptökusal var fljótlega eftir opnun þess. Voru það 16 erlendar fréttamyndir, er sýndar voru og skýrðar um leið. Þá var sjónvarpað fyrstu íslensku fréttamyndum sjónvarpsins. Var önnur þeirra frá setningu Alþingis, en hin var tekin við strandstað vélbátsins Öðlings á Mýrdalssandi.

Og þá þótti tími til kominn að húa saman eigendum 16 mm kvikmyndatökuvéla, sem við höfðum leitað uppi úti um land. Þrándur Thoroddsen var nú tekinn við starfi



*A námskeiði í fréttamyndagerð fyrir tökumenn Sjónvarpsins úti á landi. Prándur Thoroddsen, leiðbeinandi. Vignir Brynjólfsson í Fellahreppi og Heimir Stígsson í Keflavík taka tilraunamyndir af umferðinni í Reykjavík.*

kvikmyndatökumanns Sjónvarpsins í stað Gísla Gestssonar, sem kominn var á kaf í eigin fyrirtækjarekstri og búinn að afla sér umboða fyrir margvíslegan sjónvarpsbúnað. Efnt var til helgarnámskeiðs fyrir þá í kvikmyndatöku, þegar sýnt þótti að okkur ætti að takast að framkalla þær og skoða. Námskeiðið var vel undirbúið og gaman að sjá 16 manna hóp munda kvikmyndavélar á götuhornum í óða önn við að fylgja eftir bílum og gangandi vegfarendum í umferðinni. Filmað var við höfnina, úti á flugvelli, og hjá slökkviliðinu.

Óskar Gíslason, ljósmyndari, var kominn til starfa og átti hann að sjá um filmuframköllun. Til bráðabirgða var notast við mjög frumstætt tæki, sem leit út eins og ferðataska; flytjanleg framköllunarvél fyrir 100 feta spólu, sem tók vélin hálf tíma að framkalla. Tækið þótti svo fornfálegt að það var kallað "Flintstone-inn" í höfðuðið á Fred Flintstone, steinaldarmanninum, sem var á dagskrá

Sjónvarpsins í frægri teiknimyndasyrpu. Námskeiðspáttakendur komu í hús með eftirtekjuna úr tökuleiðangrinum og var fyrstu myndunum dembt í framköllun. Biðum við svo í ofvæni þegar Óskar kom með fyrstu spóluna og hún var sett í sýningarvélina. Á daginn kom að þar mótaði ekki fyrir neinni mynd. Filman var algjörlega glær og allar hinar úr fyrsta leiðangri. Myndefnið var bókstaflega þvegið af filmunni. En þá var ekki um annað að ræða en að gefast ekki upp og taka fleiri myndir úti um allan bæ. Óskar gat gert nauðsynlegar betrubætur á framköllunarvélinni og aldrei líður mér úr minni sú fagnaðarstund sem ríkti á Laugaveginum, þegar fyrsta filmuspólan úr leiðangri 2 rúllaði af stað í sýningarvélinni og unaðslegur fögnuður braust út eins á vakningarsamkomu. Kvikmyndatökumenn klöppuðu ákaft um leið og þeir hrópuðu upp yfir sig: "Það er mynd!". Þessir menn fóru harla ánægðir hver til síns heima og tryggðu Sjónvarpinu forskot fréttaflutningi á Íslandi.



Laugavegur 176, aðsetur Sjonvarpsins í 35 ár.

**S**jonvarpið sýndi sig og sannaði á skömmum tíma. Úrtöllumennirnir, sem aðeins fáum mánuðum áður höfðu allt á hornum sér, drógu sig til hlés og fóru margir að hafa gaman af að koma fram í Sjonvarpinu. Fyrir jólin 1966 var efnt til umræðna á Alþingi um að hraða skyldi uppbyggingu dreifikerfisins og afla til þess lánsfjár svo að allir landsmenn gætu notið dagskrárinnar sem fyrst. Útsending til höfuðborgarsvæðisins og staðanna við Faxaflóa

# Sjonvarpið til fótl

var á Vatnsendahæð. Hornsteinn dreifikerfis Sjonvarpsins um landið var stöðin á Skálafelli, austan Esjunnar, þar sem Landssíminn reisti miðstöð fyrir þráðlaus stofnsambönd m.a. fyrir talsíma. Þaðan barst myndin alla leið norður að Skipalóni í Hörgárdal — yfir fjöll og firnindi. Erlendir sérfræðingar voru yfirleitt vantrúaðir á að þetta væri hægt en verkfræðingar Landssímans töldu það víst eftir reynslu af talsímanum. Var mikið í húfi, að þeir hefðu rétt fyrir sér. Og það gerðu þeir.

Sagt var að jöklarnir á miðhálandinu virkuðu eins og magnarar fyrir örbylgjusendingarnar, hvort sem það er nú viðurkennd kenning eða ekki. Með endurvarpi frá Skipalóni fór myndin upp á Vaðlaheiði í bráðabirgða endurvarpsstöð þar. Önnur stór stöð (5 kw) yrði reist síðar. Hún myndi senda yfir Akureyrarsvæðið, en einnig austur yfir Þingeyjarsýslur og alla leið til Fjarðarheiðar, þar sem aðalstöð Austurlands var ætlaður staður. Þá var áformuð stór stöð í Stykkishólmi sem undirstaða dreifingar um Breiðafjörð og til Vestfjarða. Stöð í Vestmannaeyjum skyldi sjá um mestallt Suðurland. Skálafellsstöðin myndi fæða hana með sjonvarpsgeisla sínum. Það gekk ótrúlega fljótt að byggja upp dreifikerfið í höfuðráttum

samkvæmt þessari áætlun. Til viðbótar þurftu svo að koma minni sendar til endurvarps á hina ýmsu staði í byggðum landsins. Og útsendingardögum dagskrárinnar fjölgaði miklu hraðar en nokkurn hafði órað fyrir í upphafi. Þegar í desember 1966 var farið að senda út á sunnudögum auk miðvikudags og föstudags. Í byrjun árs 1967 bættist mánudagurinn við, þriðjudagur í maí það ár og svo sjötti dagurinn, laugardagur, hinn 1. september 1967. Þann 15. september 1967 voru svo útsendingar bandaríska sjónvarpsins á Keflavíkurlugvelli

takmarkaðar þannig að þær náðust aðeins innan vallarsvæðisins og á Suðurnesjum og næsta nágrenni.

Fimmtudagur skyldi eftirleiðis vera hinn almenni frídagur starfsmanna Sjónvarpsins og hvíldardagur frá dagskránni fyrir allan almenning, sem gæti þá sinnt öðrum áhugamálum sínum og sótt fundi eða kóræfingar. Mótaðist félagsstarf um allt land mjög af þessu sjónvarpslausu fimmtudagskvöldi, sem stóð óhaggað næstu 20 ár. Með lengingu dagskrár þurfti að fjölga starfsmönnum. Fastar stöður höfðu verið 30 í upphafi. Í ljós kom, að Sjónvarpið komst ekki af með minna en 40 starfsmenn fljótlega eftir að útsendingar hófust og var þá lausráðið fólk fengið til starfa. Árið 1967 var fengin heimild fyrir 64 föstum stöðugildum um leið og útsendingardögum yrði

# ksins



*Sjónvarpið og Póstur og sími stóðu að uppbyggingu á öflugum dreifikerfi um landið. Þetta er stöðin á Skálafelli sem sendi dagskrána vestur og norður um land en einnig um sunnarvert landið og til Vestmannaeyja.*



Atvinnutæki utan húss sem innan, Éclair-16 mm tókvélin.



Myndirnar sem Rúnar Gunnarsson tók af brunanum í Lækjargötu s



I beinni útsendingu á 50 ára afmæli Sjóvarpsins. Rúnar Gunnarsson, kvikmyndatökumaður og síðar dagskrárstjóri, útskýrði vinnubrögðin við beitingu tókvélanna þegar mikil tíðindi voru að gerast.

fjölgað. Átti þá líka að draga úr yfirvinnu, sem hafði verið geysileg í fyrstu. Reyndar var gert ráð fyrir að dagskráin stæði að jafnaði í 2-2 1/2 klst. í stað þriggja áður.

Eins og áður hefur verið rakið voru það ritstjórar helstu dagblaðanna, sem sátu í útvarpsráði og sjónvarpsnefndinni. Nú höfðu þeir komið á legg nýju fósturbarni sínu, sem átti eftir að reynast hinum skilgetnu afkvæmum þeirra, blöðunum, skæður keppinautur. Eins og reynslan hefur orðið um allan hinn frjálsa heim hófst hér samband ástarhatars dagblaða og sjónvarps. Sjónvarpið hafði alla burði til að vera á undan með fréttirnar en blöðin gátu sótt ómælt fréttæfni í svo fjöldamargt sem gerðist í kringum sjónvarpið. Skömmu eftir að Sjónvarpið tók til starfa urðu stórbrunnar í Reykjavík, sá fyrri í Lækjargötu 16, á horninu við Vonarstræti í mars 1967 og sá seinni í vöruskemmu Eimskips við Sigtún í september. Birtust af þeim afar áhrifaríkar myndir í Sjónvarpinu. Okkur barst til eyrna að Matthías Johannessen, ritstjóri Morgunblaðsins, hefði spurt samstarfsmenn sína í léttu áfalli, hvort ekki væri rétt að fara að "pakka saman" þegar þeir horfðu á sjónvarpsfréttirnar frá Lækjargötubrunanum. Á borðinu fyrir framan





Myndu fram á yfirburði Sjónvarpsins.

sig höfðu þeir myndir sem ljósmyndari Mbl. hafði tekið af sama atburði. En þær myndu ekki birtast í blaðinu fyrr en daginn eftir. Sjónvarpið varð á undan í birtingu áhrifamikilla "lifandi fréttamynda" og var það mikil breyting fyrir blöðin, einkanlega Morgunblaðið, sem lagði mikið upp úr myndbirtingum og tók reglulega á móti símamyndum frá útlöndum. Síammyndir af atburðum erlendis sýndum við líka kvöldinu áður en Morgunblaðið gat birt þær.

Maður lagði töluvert á sig og fór óhefðbundnar leiðir í því augnamiði að sanna mátt sjónvarpsins til að vera fyrst með fréttirnar. Miklar gengisfellingar riðu yfir land og þjóð vegna bágs ástands í efnahagsmálum. Bretar áttu einnig í miklum vanda og gengisfelling sterlingspundsins var yfirvofandi haustið 1967. Það myndi hafa enn verri áhrif á efnahag okkar. Laugardaginn 18. nóvember var ég staddur í Háuhlíð 14 hjá Bjarna Benediktssyni og Sigríði frænku minni.

Bjarni tjáði sig um yfirburði útvarpsins fram yfir sjónvarpið, að verða fyrst til að birta mikilsverð tíðindi. Með þessu var hann líka að stríða mér. Bætti hann því við að þetta myndi væntanlega gerast í kvöld eins og ég kæmist

að raun um ef ég hlustaði á breska útvarpið, án þess að hann segði þó alla söguna. Seinna varð ljóst að hann hafði verið látinn vita fyrirfram, að ríkisstjórn Bretlands myndi þá um kvöldið tilkynna um gengisfellingu poundsins.

Ég ætlaði ekki að láta dóm forsætisráðherrans um vanmátt sjónvarpsins sannast og fór því niður á fréttastofu og hlustaði á fréttir BBC. Og það var eins og við manninn mælt. Klukkan 21.00 birtist fréttin um að pundið hefði verið fellt um 14,3% og var það heimsfrétt á þeim tíma. Kvölddagskrá í Sjónvarpinu var hafin og enginn fréttabáttur fyrr en daginn eftir. Mér var mikið í mun að verða á undan Útvarpinu, sem var með fréttir kl. 22.00, eftir klukkutíma. Það var því dagskrárþulan, sem las þessa frétt og varð stutt seinkun á útsendingu bíómyndar kvöldsins. Segja má að þarna hafi verið um að ræða það sem síðar var kallað "Breaking News" hjá erlendum fréttaveitum! Slík tilþrif við að sanna yfirburði sjónvarpsins voru ekki endurtekin. En gengi íslensku krónunnar var fellt strax eftir helgina um 24,6%, sem í blöðum stjórnarflokkana var kallað "gengisbreyting".

Það er hins vegar af Útvarpinu að segja, að engin frétt birtist kl. 22.00 á laugardagskvöldið um gengisfellingu í Bretlandi. Hún kom ekki fyrr en í hádegisútvarpinu daginn eftir, svo að ég hefði getað beðið sallarólegur. Þeir fóru sér í engu óðslega á fréttastofu Útvarpsins og fyrir mér rifjaðist upp sagan, sem sögð var af fréttamönnum Thorólf Smith og Baldri Óskarssyni, þegar þeir voru þar samtíma. Baldur átti það til að koma of seint í vinnuna og leit Thorólf þá með mikilli vanþóknun á klukkuna á veggnum og lét einhver háðugleg ummæli falla um leið og Baldur læddist skömmustulegur inn úr dyrunum. En af því að Baldri var nóg boðið borgaði hann eftirminnilega fyrir sig: "Thorólf, þú glápir á klukkuna þegar ég mæti til vinnu. En þá sjaldan þú heiðrar vinnustaðinn með nærveru þinni lítur maður á dagatalið."

Þegar minnst var 50 ára afmælis rússnesku byltingarinnar 7. nóvember 1967 sá ég glitta



*Blásið í lúðra á Rauða torginu að morgni 7. nóvember 1967.....*



*.....Sjónvarpsútsending til allrar Evrópu um stjórnstöð Eurovision í Brüssel....*



*....Myndir úr útsendingunni yfirfærðar á filmu hjá ITN í London og sendar til Reykjavíkur með flugvél síðdegis.. Sjýndar sama kvöld í Sjónvarpinu.*

í fyrsta tækifæri til að sýna fyrir dagskrárlok hjá okkur fréttakvikmynd, sem tekin hefði verið erlendis samdægurs. Frá Moskvu var myndefni frá hátíðarhöldum á Rauðatorginu dreift í beinni útsendingu til Vestur-Evrópu. ITN í London tók á móti myndunum, yfirfærði þær á filmu og sendi áfram til viðskiptastöðva sinna í flugi. Svo háttaði til að flugferð var frá London síðdegis þennan dag, þannig að ég gat sótt filmupakkann út á Reykjavíkurflugvöll um leið og vélin lenti og undirbúið myndefnið til sýningar. Fyrr um daginn hafði ég talað við Hannes Jónsson, sendifulltrúa, sem var staðgengill dr. Kristins Guðmundssonar, sendiherra, við þessa hátíð. Flutti Hannes ágæta lýsingu í síma sem sett var við myndina. Hún var síðan sýnd í dagskrárlok. Þetta var nokkur áfangi fyrir okkur, sem enn áttum eftir að bíða mörg ár eftir að fá sjónvarpsmyndir samdægurs að utan um gervihött. Þarna var tímamunurinn nýttur. Auk þess þótti mér vænt um að geta glatt margt gamalt kommahjartað á Íslandi á þessum merka hátíðisdegi í lífi hinna santrúuðu!

Margt gekk ótrúlega vel við hinar erfiðustu aðstæður. En oft stefndi í óefni vegna manneklu og skorts á nægum tækjabúnaði. Við vorum oft að reisa okkur hurðarás um öxl. Réðumst í hlutina af brennandi áhuga án þess að hafa tryggar forsendur til að ljúka þeim sómasamlega. Það kom alltof oft fyrir að upphafi fréttatímans kl. 20.00 seinkaði. Þá vorum við á hlaupum um gangana að stúdíóinu þegar klukkan var orðin nokkrar mínútur yfir. Allir voru í miklum hugaræsingi og mistökin létu ekki á sér standa. Álag á okkur fréttamennina var mikið. Við stóðum okkar þrjár tólftíma vaktir í viku, skrifuðum allar fréttir og tókum viðtöl. Í lok vinnudagsins fórum við á hlaupum inn í stúdíóið með viðkomu í sminkherberginu, og settumst fyrir framan myndavél og fórum að lesa fréttir. Engin aðstaða var til að hljóðrita fyrirfram textann með fréttamyndunum. Fréttapulurinn varð að lesa alla texta með öllum fréttamyndunum. Stundum gafst stutt hlé, þegar spilað var 3-4 mínútna viðtal af myndsegulbandi. Þetta var stressvinna og ekki



*Fyrstu starfsmenn fréttastofunnar. Sigurður Sigurðsson, Ásdís Hannesdóttir, Magnús Bjarnfreðsson, Emil Björnsson, Ólafur Ragnarsson og Markús Örn Antonsson sem situr á gólfinu.*

síst fyrir það að um helmingurinn af öllum fréttahandritunum var lesinn óséður. Í mínu tilviki þekkti ég erlendu fréttirnar, sem ég hafði sjálfur skrifað en innlendu fréttirnar sá ég ekki fyrr en við lesturinn í beinni útsendingu. Það var líka til að auka á vandræði okkar að séra Emil handskrifaði orðalagsbreytingar sínar inn á handritin við yfirlestur og rithöndin hans var ekki sú allra greinilegasta aflestrar. Það var töluvert útbreiddur misskilningur hjá fólki að við fréttamennirnir hefðum þann starfa einan að lesa fréttirnar og urðu því margir til að öfunda okkur af fínu og vellaunuðu starfi með lítilli vinnuskyldu! En það var öðru nær. Næstum allir frídagar milli vakta voru notaðir í þáttagerð. Ég annaðist reglulega fréttaskýringaþáttinn “Erlend málefni” og vann að ýmsum öðrum innlendum þáttum í dagskránni.

Ég lenti eitt sinn í ótrúlegu ævintýri þegar röð fréttahandritanna hafði stokkast upp og fór alls ekki saman við röð myndefnisins á filmuspólunni sem ekki var hægt að breyta. Varð úr þessi fjarstæðukennd uppákoma, þar sem ég varð að bíða eftir að sjá myndina birtast á

skjánum og leita svo uppi viðkomandi handrit í bunkanum til að geta flutt textann. Og auðvitað gerðist þetta allt frammi fyrir alþjóð. En gagnrýni var ekki mikil opinberlega. Helst bar á því að fólk kvartaði yfir því að fréttalesturinn væri of hraður en það kom til af því að við skrifuðum yfirleitt of langa texta. Við töldum okkur verða að koma svo miklu að, fyrrum blaðamenn á dagblöðum. Það gekk illa að útfæra fréttatímana þannig að myndefnið segði söguna en þulartextanum væri stillt í hóf.

Snemma kom það á daginn að þeir sem jafnaðarlega komu fram í Sjónvarpi urðu eins konar heimilisvinir hjá áhorfendum. Af fyrra bragði heilsaði fólk manni á götu og ýmsir bláókunnugir fóru að taka mann tali. Við Steinunn fórum annað slagið í bíó en þegar allra augu fóru að beinast að okkur í hléinu, dró smátt og smátt úr áhuganum á þeirri dægrastyttingu hjá okkur. Einhverju sinni vorum við á dansleik á Hótel Sögu og vatt sér þá að mér koma og þreif í hárið á mér, sneri sér að vinkonu sinni og sagði: “Sjáðu. Ég var búin að segja þér þetta. Hann er ekki með hárkollu.” Í sumarleiðangri austur á fjörðum gerði ég það að gamni mínu



*Íþróttabáttur í undirbúningi. Sigurður Sigurðsson, Siggí Sig., umsjónarmáður þáttarins að velja filmur við klippiborðið með Karli Jeppesen, útsendingarstjóra.*



*Magnús Bjarnfreðsson ræðir við kunnann skemmtikraft á leið til útlanda að skemmta í norrænu sjónvarpi.*



*Feikna vinsælir skemmtikraftar í Sjónvarpinu 1967. Söngvararnir Svanhildur Jakobsdóttir og Rúnar Gunnarsson með hljómsveit Ólafs Gauks.*

að safna yfirvararskeggi og kom með það í fréttalesturinn að fríinu loknu. Dag nokkurn það séra Emil mig svolítið vandræðalegur að koma inn til sín. Hann vildi sýna mér bréf, sem borist hafði. Bréfitari, sem ekki lét nafns síns getið, heimtaði að mér yrði fyrirskipað að raka af mér ”hormottuna”. Ég væri nógu óaðlaðandi á skjánum þó að skeggið bættist nú ekki við.

Séra Emil var margslunginn persónuleiki. Hann var okkur undirmönnum sannur lærifaðir og velviljaður. Þó bar á því að hann vildi deila og drottna og beitti til þess hinni gamalkunnu aðferð að sá fræjum tortryggni á milli okkar. En starfsandinn var einkar góður og samstaða mikil á fréttastofunni þannig að við létum ekki slíka tilburði yfirmannsins spilla því. Eiður Guðnason, fyrrverandi blaðamaður á Alþýðublaðinu, bættist í hópinn sem fastráðinn fréttamaður árið 1967 en var upphaflega ráðinn yfirþýðandi Sjónvarpsins í stað Hersteins Pálssonar, fyrrverandi ritstjóra Vísis, sem staldraði stutt við. Þegar fréttatímunum fjölgaði kom Ásgeir Ingólfsson til starfa en hann hafði verið í erlendum fréttum á Morgunblaðinu. Stóð hann vaktirnar á móti mér. Ásdís Hannesdóttir varð útsendingarstjóri fréttu ásamt Ólafi Ragnarssyni og þær Ásthildur Sigurðardóttir og Margrét Árnadóttir voru ritarar og til aðstoðar við útsendingar. Sigurður Sigurðsson, íþróttafréttamaður, naut afar mikilla vinsælda fyrir beinar lýsingar sínar á kappleikjum í Útvarpinu. Hann var nú í liðinu okkar.

Séra Emil fékk Sigurð til að flytja með sér af fréttastofu Útvarpsins yfir í Sjónvarpið en hann náði aldrei almennilega fluginu á nýja staðnum. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að Sigurður átti við veikindi að stríða og auk þess höfðu litlar sem engar ráðstafanir verið gerðar til að tryggja honum íþróttæfni til sýningar. Einhvern tímann taldi Emil að Sigurður hefði brotið reglur í útsendingu á íþróttabætti. Hann skóf ekki utan af því þegar hann jós yfir Sigurð skömmunum og sagði: “Sigurður Sigurðsson. Með þessu hefur þú ekki brotið blað í sögu Sjónvarpsins. Þú hefur rifið það úr í heilu lagi.”

Engin aðstaða var til að senda beint út frá leikjum innanlands og álagið á kvikmyndadeildinni mikið, þannig að íþróttaviðburðir komust þar vart á verkefnalista nema í einhverjum undantekningatilfellum. Ég sendi út bréf til ITN og CBS og kannaði hvort hægt væri að fá meira af stuttum íþróttamyndum í daglegu filmupökkunum að utan og var Sigurður mér ævinlega þakklátur fyrir það lítilræði. Enskur fótbolti komst á dagskrá og smám saman var hægt að byggja upp sambönd við Norðurlönd og festa kaup á fleiri áhugaverðum erlendum íþróttapáttum en þá var Siggi Sig, eins og hann var jafnan kallaður, að láta af störfum og hverfa aftur til fyrri starfa á fréttastofu Útvarpsins, þar sem hann naut sín miklu betur enn um langt árabil. Í hans stað kom Jón Ásgeirsson í íþróttafréttir, síðar Ómar Ragnarsson og Bjarni Felixsson. Ómar var upphaflega ráðinn sem ritstjóri dagskrár og sá þá um að kalla eftir öllu dagskrárefni og stilla því upp í dagskrána fram í tímann. Það var örugglega mikill eftirrekstur, því að margt var aftarlega á merinni vegna mikils álags á menn og tæki.

Framkvæmdastjóri ásamt dagskrárstjórum vann að útgáfu dagskrár, sem rædd var í drögum á þriðjudagsfundum, þar sem fulltrúar tæknideilda sátu einnig. Oft voru þetta stormasamir fundir og var Emil ötull við að fylgja fast eftir áhugamálum sínum og sinna samstarfsmanna um kröftuga fréttastarfsemi og gerð innlendra heimildarþátta. Oftar en ekki naut hann sín í stórstyrjöldum milli dagskrárdeildanna tveggja en þótti takast best upp þegar hann átti í höggi við tæknideildina. Stundum gat hann farið fram úr sér eins og þegar hann uppgötvaði að myndin "Lundi" hafði verið felld út úr dagskrárdrögum án skýringa. Viðhafði hann allmörg magnþrungin orð um allt þrúgandi metnaðarleysið þegar gengið væri svona á milli bols og höfuðs á innlendum fræðsluþáttum eins og með því að sparka út þessari merku náttúrlífsmynd um lundann og lífshætti hans. Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri, greip fram í og bað Emil

að slaka á. Þetta væri frönsk bíómynd, nefnd "Lundi" (Mánudagur), sem ákveðið hefði verið að fresta sýningu á.

Pétur var franskmennaður og kostaði kapps um að Sjónvarpið sýndi listrænar, franskar kvikmyndir eftir meistara eins og Jean Renoir, til mótvægis við allar engilsaxnesku myndirnar sem voru á dagskrá. Holskefla af dramatískum myndum Renoir á laugardagskvöldum varð til þess að gagnrýnandi Morgunblaðsins spurði hvenær þessum ósköpum ætlaði að linna. Það væri engu líkara en Sjónvarpið hefði keypt dánarbú Renoir á uppboði.

Vel tókst almennt til um val á erlendu sjónvarpsefni, sem að langstærstum hluta kom frá Bretlandi. Þáttaraðir eins og Dýrlingurinn með Roger Moore og Saga Forsyteættarinnar, Steinaldarmennirnir og gamanþættir Lucy Ball slógu í gegn. Ómar Ragnarsson skrifaði kynningartexta fyrir sjónvarpsþulurnar og lét sér detta margt spaugilegt í hug við þau ritstörf. Eitt sinn kom hann til okkar með hugmynd að kynningu á þætti Lucy Ball: "Næst á dagskránni er skemmtipáttur Lucy Ball. Í þessum þætti finnur ungur bítill lús í bol sínum."

Sjónvarpið gat fengið efni frá Norðurlandastöðvunum á góðum kjörum og var nokkuð um það að þunglyndisleg félagsmálaleikrit bárust frá Finnlandi og nokkur gæðaverk eftir Ibsen frá Norðmönnum. Sænsku þættirnir og leikritin voru best. Við tókum strax þátt í starfi Nordvision, samtökum norrænu stöðvanna um skipti á dagskrárefni og fréttum. Alla tíð reyndist þó örðugt að koma fréttasamskiptunum í gott lag. Emil Björnsson sótti fundi fréttastjóranna norrænu. Eitt sinn ákváðu þeir fyrirfram að taka fréttapætti eins tiltekins dags til mats og samanburðar. Emil fór með fréttapáttinn okkar á myndbandi og kom með hann heim aftur, býsna glaður í bragði því að kollegarnir höfðu farið miklum viðurkenningarorðum um framsetningu fréttanna hjá hinu unga íslenska sjónvarpi. Magnús Bjarnfreðsson var ötull í fréttaoöflun



*Skiltið í upphafi fréttatímans gat ekki verið látleysara. Einfalt spjald sem stillt var upp fyrir framan myndavél.*



*Rita Eddom, eiginkona Harrys skipbrotsmanns. Hún kom til Íslands í boði dagblaðsins The Sun og mátti alls ekki tala við íslenska fréttamenn.*



*Hlaup í fljótum suðaustanlands voru myndræn. Magnús og Bronco-inn tefla á tæpasta vað í vatnavöxtum eystra.*

innanlands og hvatti myndatökumenn úti á landi til dáða. Magnús fór oft með tókulið á vettvang þegar eitthvað stórvægilegt var að gerast á landsbyggðinni. Blöðin gagnrýndu ótæpilega notkun Sjónvarpsins á flugvélum til frétttaöflunar. Magnús sem Austur-Skaftfellingur hafði frá bernsku heyrt talað um Kötlugos og hvenær þess væri næst að vænta. Nú voru einmitt að verða 50 ár frá síðasta gosi og talið að Katla ætti von á sér fjótlega. Það var eitt fyrsta verk Magnúsar þegar hann var kominn til Sjónvarpsins að bóka flugvél á leigu vegna Kötlugoss. Hann vildi örugglega fá fyrstu flugvél austur. En Kötlugosið lætur enn bíða eftir sér og óljóst hvort pöntunin stendur enn eftir allar þær sviptingar sem orðið hafa í flugrekstri..

Það voru stórfréttir á okkar mælikvarða sem gerðust þegar miklir vatnavextir urðu í Elliðaánum. Hesthúsabyggðir umflotnar og hross í hættu. Ísjakar bárust með stríðum vatnsflaumi niður að brúnum á Elliðaánum. Skömmu fyrir byrjun fréttatímans komu þær fréttir að lögreglan hefði lokað fyrir alla umferð yfir Elliðaár, upp í Árbæjarhverfi og fyrir þá sem ætluðu áfram út á land. Magnús lifði sig inn í þessa dramatísku þróun, skaust upp úr stólum, stór og mikill, baðaði út höndum og kallaði svo heyra mátti um hálf túsíð: “Reykjavík, einangruð borg.” Dramatísk tilþrif.

Innlendar fréttir voru fremur dapurlegar fyrstu árin vegna versnandi efnahagsástands, hruns síldarstofnsins og bágborins ástands á vinnumarkaði sem olli flótta fólks í atvinnuleit til Svíþjóðar, Ástralíu og víðar. Hin pólitíska umræða einkenndist af átökum af þessum sökum. Ýmsar aðrar fréttir vöktu þjóðarathygli, eins og morðið á leigubílstjóra í bíl sínum við Hrístateig, sem aldrei upplýstist, eldsvoðar, hafis við landið teppti siglingar og svo varð Heklugos. Breskir landhelgisbrjótur létu enn að sér kveða og breskir togararar lentu í hremmingum. Þrír togarar fórust í fárviðri við Ísland í janúar og febrúar 1968. Tveir týndust með allri áhöfn við landið austanvert en aðrir tveir, Ross Cleveland

og Notts County, fórust í Ísafjarðardjúpi. Harry Eddom hét eini skipverjinn af Ross Cleveland sem komst lífs af á undraverðan hátt en áhöfn varðskipsins Óðins bjargaði áhöfn Notts County. Í þessu sama veðri fórst Heiðrún II. frá Bolungarvík og með henni sex menn.

Harry Eddom rak á gúmbáti til lands. Um borð voru tveir skipsfélagar hans sem létust í bátinum. Harry gat leitað sér skjóls við útihús frá Kleifum í Seyðisfirði vestra. Þar fannst hann. Málið vakti mikla athygli í Bretlandi og kom Rita eiginkona Harrys til Íslands að hitta mann sinn. Það var götublaðið Sun sem kostaði ferð hennar. Þegar íslenskir fréttamenn ætlaðu að taka hana tali á Keflavíkurflugvelli bönnuðu starfsmenn Sun, sem fylgdu Ritu, öll samskipti hennar við Íslendinga. Hún hafði selt þeim einkarétt á öllum myndum af sér og frásögnum úr þessu ferðalagi. Þarna kynntumst við nýrri

hlið á hinni frjálsu blaðamennsku. En það var margt annað jákvætt og skemmtilegt að segja frá, almenn tíðindi úr mannlífinu og ýmsir viðburðir í lista- og menningarlífi og framfarir í verklegum framkvæmdum. Fréttatíminn varð fljótlega 25 mínútur alla daga nema fimmtudaga, en nokkru styttri um helgar. Þar á eftir fylgdu veðurfregnir í beinni útsendingu úr sjónvarpssal, fyrst í stað í umsjá Hlyns Sigtryggssonar, Páls Bergþórssonar, Jónasar Jakobssonar og Knúts Knudsen. Auk fréttanna og umræðuþátta lagði fréttá- og fræðsludeildin til ýmislegt annað innlent og erlent dagskrárefni. “Munir og minjar”, hét fræðsluþáttur um íslenskar fornminjar og muni í Þjóðminjasafni Íslands. Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður, sá um þáttinn, gerði það mjög vel og varð þjóðkunnur á svipstundu. Þátturinn hóf göngu sína 1967. Ári seinna var Kristján kominn í framboð til forseta Íslands og sigraði.



Þættirnir “Munir og minjar” kynntu Íslendingum þjóðargersemar sínar, sem varðveittar eru í Þjóðminjasafninu. Kristján Eldjárn stjórnaði þáttunum með miklum ágætum, var skorinorður fræðari á alþjóðlegan hátt. Ólafur Ragnarsson sá um dagskrárgerðina.



Magnús tók á móti atkvæðatölum frá fréttamönnum á talningastöðum úti í kjördæmunum.



Þegar ég kom frá talningunni í Austurbæjarskólanum stjórnaði ég umræðuþætti um úrslit kosninganna með leiðtogum stjórn málaflökkanna.



Nína Sveinsdóttir og Þorsteinn Ö. Stephensen í fyrsta leikriti Sjónvarpsins, "Romm handa Rósalind" eftir Jökul Jakobsson.

“Nýjasta tækni og vísindi”, var þáttur í umsjá Örnólfs Thorlaciussar, sem fyrst birtist á skjánum um svipað leyti og var mjög lengi á dagskrá.

Árið 1967 var kosið til Alþingis og nú reyndi mjög á hugkvæmnina á fréttastofunni því að meðal almennings var beðið eftir því að sjá hvernig Sjónvarpið tæki á málum á nýstárlegan hátt. Enn voru umræðuþættir þó í hefðbundinni mynd en kosningakvöldið sjálft bauð upp á ýmsa möguleika, að sjálfsögðu í samkeppni við Útvarpið. Þeir Guðmundur Arnlaugsson, rektor í Menntaskólanum við Hamrahlíð, stærðfræðikennari og skákmaður, og Lúðvík Albertsson, skrifstofustjóri Sjónvarpsins, voru fengnir til að vera reiknimeistarar sem fundu út þingmannafjölda flokkanna í hvert sinn sem nýjar tölur bárust úr talningu. Þeir notuðust við gamaldags reiknivélar eins og menn höfðu á skrifstofum í þann tíma og var þetta tímafrekt nákvæmnisverk. Bak við þá í sviðsmyndinni voru talnasett sem hægt var að breyta eftir þörfum.

Fyrstu tölur úr Reykjavík voru jafnan helsti spennuvaldur. Við vildum verða fyrstir með fréttirnar. Í Austurbæjarskólanum var aðsetur yfirkjörstjórnar og þaðan myndu fyrstu tölur koma, reyndar úr kjallara leikfimi hússins þar sem talning atkvæðaseðlanna fór fram. Þar þekkti ég til, því að ég hafði talið atkvæði þar í borgarstjórnarkosningum árið áður. Var það niðurstaða okkar að koma hljóðnema á standi í húsið áður en talning hæfist og tengja hann við magnara og símalínu.

Áður en fyrstu tölur voru birtar samdi ég við Pál Líndal, formann yfirkjörstjórnar, um að hann læsi tölurnar í hljóðnemann í beinni hjóðútsendingu inn í kosningavöku Sjónvarpsins þannig að þær bærust áhorfendum um leið, á sama augabragði. Fréttamaður Útvarpsins hafði gamla lagið á. Hann skrifaði tölurnar niður eftir Páli og fór síðan með þær í símann og las þær upp fyrir fréttamanni niðri á Skúlagötu 4 sem las þær svo í kosningaútvarpinu.





Guðmundur Arnlaugsson og Lúðvík Albertsson stóðu í ströngu við reiknivélarnar og spáðu fyrir um þingmannafjölda flokkanna.

Við fengum prik fyrir þetta skúbb.

Vinir okkar og samstarfsmenn í hinni deildinni, í Lista- og skemmtideildinni slógu ekki slöku við. Andrés Indriðason og Tage Ammendrup unnu hvert afrekið af öðru í nánú samstarfi við úrvalslið tæknimanna og myndatökumanna við vélarnar þrjár á stúdíógólfinu sem klippt var á milli í upptökunum. Þeir Sigurliði Guðmundsson, Þórarinn Guðnason og Örn Sveinsson voru mjög flinkir myndatökumenn sem stöðugt fundu ný sjónarhorn hver á sinni vél til að gefa upptökustjóranum gott val á milli mynda. Ingvi Hjörleifsson, ljósameistari með mikla reynslu úr Þjóðleikhúsinu, sá um sviðslýsingu í upptökusalnum.

Björn G. Björnsson hannaði leikmyndir og stýrði smíði þeirra og uppsetningu fyrstu árin. Hann ásamt samstarfsmönnum vann listilega

vel að gerð athyglisverðra leikmynda við hinar þröngu aðstæður í stúdíóinu. Í hópi vaskra starfsmanna leikmyndadeildarinnar voru verðandi sjónvarpstjórnur; Rósa Ingólfssdóttir, teiknari og Halli og Laddi, þeir Haraldur og Þórhallur Sigurðarsynir, sem voru “þúsundþjalasmiðir” ásamt snillingnum Gunnari Baldurssyni, sem varð burðarás í starfi deildarinnar í marga ártugi.

Margt mætti upp telja. Eftirminnileg frumraun í leikritagerð í Sjónvarpinu var “Jón gamli” einþáttungur eftir Matthías Johannessen, sem sýndur var í maí 1967. Leikritið “Romm handa Rósalind” eftir Jökul Jakobsson var sýnt 1968, sérstaklega skrifað fyrir sjónvarp. Uppfærsla Sjónvarpsins á óperunni “Ástardrykknum” 1969 vakti mikla hrifningu áhorfenda. Var það ekki síst vegna hinnar glæsilegu umgjarðar, sem leikmyndadeildin skóp um þessi verk og önnur.



*Björn G. Björnsson, fjölhæfur listamaður og forstöðumaður leikmyndadeildar Sjónvarpsins. Björn hannaði eftirminnilegar leikmyndir fyrstu árunna og brá sér líka í gamanhlutverk.*



*Savannatríóíð, Tróels Bentzen, Þórir Baldursson og Björn G. Björnsson, kom fram í fyrstu útsendingu Sjónvarpsins. Þeir félagar gerðu fimm þátta syrpu sem sýnd var á næstu mánuðum.*



*Hinrik Bjarnason var fjölhæfur brautryðjandi í gerð íslensks barnaefnis fyrir sjónvarp. Hann var umsjónarmaður og kynnrir í þættinum "Stundin okkar", samdi handrit, orti kvæði og leikstýrði. Hér var það leikritið "Litla ljót" eftir Hauk Agústsson.*

Áramótaskaupið var heimatilbúið fyrsta árið með þátttöku okkar starfsmannanna í grínhlutverkum. Stjórnandi þáttarins Andrés Indriðason fór í orðabókina og fann orðið "skaup", sem festist við þessa höfuðdagskrá allra ára sem öll þjóðin fylgdist með. Annar lífseigur þáttur, sem Tage Ammendrup vann að, var barnatíminn "Stundin okkar". Höfundur hennar var Hinrik Bjarnason sem sýndi af sér skemmtilega hugkvæmni í dagskrárgerð, góð tilþrifum í ritun handrita og örugga framkomu á skjánum. Í samvinnu við listafólk á öllum aldri, ekki síst hæfileikaríka nemendur úr skólunum, ávann "Stundin okkar" sér ógleymanlegan sess í hugum yngstu sjónvarpsnotendanna. Hver man ekki eftir Rannveigu og krumma í "Stundinni okkar" frá upphafsárunum?

Þeir Tage og Andrés fylgdust grannt með því sem gerðist í tónlistar- og skemmtanalífinu og fengu nýstofnaðar hljómsveitir og aðrar reyndari til að koma fram. "Hér gala gaukar", þáttur Ólafs Gauks og hljómsveitar hans ásamt söngvurunum Svanhildi Jakobsdóttur og Rúnari Gunnarssyni, voru afbragðs skemmtiefni og fagmannlega unnir. Lista- og



*Samtöl þeirra Rannveigar og krumma í Stundinni og eldri kynslóðanna svo sem líka. Sigríður Ham hlutverki hans.*



Óperan "Ástardrykkurinn". Jón Sigurbjörnsson í einu aðalhlutverkinu. Lofthæðin var lítil en útfærslan var sannkallað þrekvirki.

skemmtideildin var alltaf var kölluð LSD. Utanaðkomandi gestum var óneitanlega brugðið þegar sagt var að þessi eða hinn sjónvarpsstarfsmaðurinn væri á LSD. Deildin sá líka um innkaup á erlendu afþreyingarefni og

tókst að tryggja íslenskum áhorfendum vandaða og eftirsóttu þætti, grín og alvöru.

Okkar eigin dagskrárgerð fór fram. Við lærðum af reynslunni. Erlendir sjónvarpsmenn komu í stuttar heimsóknir og héldu námskeið. Þau voru upplýsandi og til mikillar hvatningar. Minnisstæður er Poul Leth Sørensen frá danska sjónvarpinu, sem gerði allt sjálfur, samdi handrit, tók kvikmyndirnar, klippti og talaði inn á þær. Einhvern veginn hafði honum tekist að fara krókaleiðir í kringum reglur verkalýðsfélaganna hjá Danmarks Radio.

Magnús Magnússon, Íslendingurinn góðkunnur, sem var þekktur orðinn í Bretlandi fyrir heimildarþætti sína í BBC, kom til okkar og leiðbeindi okkur í vikutíma. Hann sendi hersinguna út á vettvang til að vinna stuttar mannlífsfrásagnir á filmu sem hentuðu vel inn í fréttatíma þegar fátt merkilegra var að gerast. Ég hafði fyrst hitt Magnús á Morgunblaðinu þegar hann var hér sem blaðamaður fyrir The Scotsman í landhelgisstríði. Magnús var einkar skemmtilegur og ljúfur leiðbeinandi, sem miðlaði af mikilli reynslu á hæverskan hátt.



Í okkar vöktu alltaf kátínu yngstu áhorfendanna, mesdóttir, leikkona, gerði krumma einstök skil í



*Stíft var skálað fyrir Sjónvarpinu á barnum á Röðli.*

**S**érfræðingarnir komu og fóru. Minnisstæður var hann Bretinn, sem hafði verið starfandi sem leiðbeinandi hjá nýjum sjónvarpsstöðvum innan breska samveldisins, nýkominn frá eyjunni Mauritius í Indlandshafi. Nú var hann kominn til Íslands árið 1968 til að sinna ráðgjafarstörfum í þágu stjórnenda Sjónvarpsins um það sem betur mætti fara í dagskránni. Við starfsmennirnir áttum nokkra fundi með honum en framlags hans verður fyrst og fremst minnst fyrir skýrslur sem hann afhenti Pétri framkvæmdastjóra með

# Af mönnum og m

umsögnum um dagskrána kvöldið áður. Þá voru engar formlegar kannanir gerðar á afstöðu notenda til Sjónvarpsins. En nú var að vissu leyti fyllt upp í það gat, eða öllu heldur það glas, því að í ljós kom að ráðgjafinn sat öll kvöld á barnum á skemmtistaðnum Röðli í Skippholtinu og fylgdist með viðbrögðum gestanna þar. Ungir og eldhressir togarastrákar, nýkomnir af sjó, voru þar saman komnir í miðri viku með kátum konum og horfðu á sjónvarpið á barnum, skemmtu sér yfir dagskránni, skáluðu fyrir Ásu sjónvarpspulu og hlógu dátt. Skýrslur ráðgjafans voru ekki sendar útvarpsráði. Það var látið nægja að yfirmenn Sjónvarpsins læsu hin sígildu lokaorð í skýrslunum: “The people at the bar Röðull, enjoyed the program tremendously.. seemed to appreciate the excellent program quality....had good taste for the splendid humour” o.s.frv. Fyrstu áhorfskannanir Sjónvarpsins voru sem sagt teknar á Röðli og úrtakið var yfirleitt komið á þriðja glas.

Emil Björnsson hafði gífurlegan metnað fyrir hönd sinnar deildar. Það lýsir kappsemi Emils vel að eftir ósigur í prestskosningum

hjá Fríkirkjusöfnuðinum 1950 klauf hann söfnuðinn ásamt stuðningsmönnum sínum og stofnaði Óháða fríkirkjusöfnuðinn. Þetta olli miklu uppstandi. Emil sagði sjálfur frá því að hann hefði orðið órólegur og lítt upplitsdjarfur þegar hann mætti séra Árelíusi Níelssyni á Klapparstígnum, einum af mótframbjóðendum sínum við þessar kosningar. Séra Árelíus fór niður gangstéttina hinum megin á götunni, kom auga á séra Emil, veifaði glaðlega til hans og hrópaði hátt og snjallt með sínum sérkennilegu raddbrigðum: "Hæ, gæ".


Séra Emil þreifst ágætlega í sínum nýja söfnuði sem eignaðist nýttiskulega kirkju uppi á Háteigsvegi. Hann þjónaði áfram eftir að hann gerðist fréttastjóri Sjónvarpsins en stundum urðu prestsverkin að mæta afgangi, meðvitað eða ómeðvitað. Nokkrum sinnum kom það fyrir að hringt var á fréttastofuna úr kirkjunni og spurt hvort séra Emil væri ekki að koma til kistulagningar eða jarðarfarar. Syrgjendur sátu í kirkjubekkjunum og biðu eftir presti. Var þá hlaupið um sjónvarpshúsið í leit að Emil.

# álefnum

***Í kynnisferð sinni til bandarískra sjónvarpsstöðva hafði Emil heyrt kínverskt spakmæli, sem hann vitnaði oft í, gamli þingskrifarinn og blaðamaðurinn:  
"Ein mynd segir meira en 1000 orð"***




*Emil sat löngum við símann og hafði aðgang að ráðamönnum þjóðarinnar. Hann var slunginn baráttumaður fyrir hönd Sjónvarpsins og fékk mörgu framgengt með persónulegum samböndum. Það var erfitt að fá afgreiddan nýjan síma til heimilisnota. Fréttamaður þurfti að fá síma strax og þá hringdi Emil í póst- og símamálastjóra. Málinu bjargað.*



*Mikið mæddi á Ólafi Ragnarssyni við hönnun fréttatímans. Tímalengd fréttu og kvikmynda var mæld upp á sekúndu og skráð í útsendingaráætlun.*



*Ása Finnsdóttir lærði filmuklippingu af Þrándi Thoroddsen, sem nam kvikmyndagerð í Póllandi og var bekkjarbóðir Pólanski.*



*Gerður Helgadóttir við gamalt skiptiborð Sjónvarpsins. Hún sefaði æsta áhorfendur sem hringdu til að kvarta.*

Stundum gat Emil verið í bardagaham, sat þá við símann og talaði hátt og snjallt yfir útvarpsstjóra eða öðrum helstu ráðamönnum í æðstu lögum stjórnsýslunnar og pólitík. Hann var málafylgjumaður mikill og er ekki að efa, að áræðni hans og kunningssskapur við margan framámanninn í þjóðfélaginu kom miklu til leiðar í þágu sjónvarpsins í upphafi og síðar meir. Skömmu eftir að Sjónvarpið tók til starfa uppgötvaðu framkvæmdastjórinn og dagskrárstjórinn að á launaskrá þess var "huldumaður", sem enginn þeirra hafði vitað um. Það var þekkt leikritaskáld, sem Gylfi menntamálaráðherra hafði látið setja á launaskrá sem "leiklistarráðunaut Sjónvarpsins". Ekki sáust nein merki þess að vinnuframlags hefði verið krafist í þessu starfi né mætingaskyldu hjá Sjónvarpinu. Þeir yfirmenn Sjónvarpsins ákváðu að taka hús á Gylfa Þ. þegar þetta hafði uppgötvast og varð það stormasöm vísitasía. Fleiri dæmi voru um svipaðar mannaáðningar hjá Ríkisútvarpinu og fleiri menningarstofnunum í tíð Gylfa og sjálfsagt fleiri ráðherra. Á tónlistardeild Útvarpsins voru nokkur tónskáld ráðin til starfa án íþyngjandi vinnuskyldu og þeim tryggt lífsviðurværi til frumlegrar sköpunar. Þekktir rithöfundar nutu svipaðrar fyrirgreiðslu á Landsbókasafninu. Hvaða aðferðum ráðamenn beittu til að gera þannig upp á milli listamanna var hvorki gegnsætt né "uppi á borðinu".

Séra Emil var tilfinningaríkur maður og tók oft nærri sér aðfinnslur og gagnrýni um eitt og annað sem fram fór í Sjónvarpinu og almenningur fylgdist með á skjánum. Oft gekk sá tittlingaskítur út yfir allan þjófabálk og var sumt fólk síhringjandi út af litlu eða engu tilefni. Þetta varð hins vegar til þess að Emil gerði sér sérstakt far um að fylgjast með myndefninu, sem undirbúið var fyrir fréttirnar. Það höfðu meira að segja heyrst gagnrýnisráddir á myndir sem sýndar voru af hausskurði og flatningu þorsks í frystihúsum eða saltfiskverkun. Það væri óhollt fyrir börnin að horfa á þessi blóðugu ósköp. Hvað þá þegar í hlut áttu erlendar fréttakvikmyndir frá stríðinu í Víetnam eða af

börnum í hungursneyðinni í Biafra í Nígíeríu.

Oft vildi Emil láta fjarlægja myndskleið sem hann taldi ekki henta börnum eða viðkvæmu fólki. Það vakti athygli okkar að séra Emil, þó prestvígður væri, átti það til að taka sér blótsyrði í munn. Hann skýrði það með því að slíkt orðfæri notaði hann til áherslu einvörðungu. Hann væri ekki að ákalla djöfulinn. Hann fyrirgef okkur því að nota slík áhersluorð ef okkur var mikið niðri fyrir. Sem var nokkuð oft. Þegar unnið var að samsetningu fréttanna á síðustu stundu í myrkvuðu klippiherberginu gat það valdið óheppilegum tögum, ef Emil færi að skoða myndefnið gagnrýnum augum og skipa fyrir. Eitt sinn var Ólafur Ragnarsson að leggja síðustu hönd á klippivinnu undir ægilegri tímapressu. Hann kallaði til samverkamanns síns: "Lokaðu dyrnum, svo að helvítis kallinn komi nú ekki inn og fari að skipta sér af þessu. Út úr myrkrinu inni í horni klippiherbergisins rumdi þá í Emil: "Helvítis karlinn er löngu kominn inn og hefur fylgst hér vel með öllu dágóða stund."

Við Ólafur Ragnarsson urðum góðir félagar á námskeiðinu í Stokkhólmi og hélst sú vinátta alla tíð, löngu eftir að Óli og Krúsi, eins og við vorum kallaðir á vinnustaðnum, höfðu hætt í Sjónvarpinu og snúið sér að margvíslegum öðrum verkefnum. Ólafur var upphaflega ráðinn til að vera sviðsstjóri í stúdíói en var þegar orðinn útsendingarstjóri fréttanna, eins konar hönnuður fréttatímans, þegar útsendingar Sjónvarpsins hófust. Hann hafði næmt auga fyrir myndefninu og kom með skemmtilegar útfærslur á fréttum þó að tæknin væri frumstæð. Hann dreif í hlutunum og minnisstætt er viðtal sem hann tók í London við "Dýrlinginn", kvikmyndaleikarann Roger Moore úr þáttaröðinni "The Saint". Ólafur og félagar hans úr Sjónvarpinu áttu leið um London og rákust á Roger Moore á bar. Ólafur fékk hann til að koma í hveli út á gangsett og tók við hann viðtal sem birt var í fréttunum heima.

Sú saga var sögð, að þegar Ólafur hefði komið í vinnuna og farið að undirbúa fréttatíma á nýársdag hefði hann uppgötvað að engin kvikmyndataka hafði farið fram á gamlárskvöld



Foreldrar kvörtuðu yfir grimmdarlegum atriðum í fréttamyndum, ekki aðeins stríði og hungursneyð, heldur líka blóðgun þorsks. Myndirnar af vinnuaðferðum í fiskverkun gætu haft skadleg áhrif á sálarlíf barna.



*“Ekkert má nú”, varð mér að orði þegar ég las aðfinnslur í Tímanum vegna þessarar myndrænu útfærslu á frétt um sjónvarpsþættina “Dýrlingurinn”. Geislabaugurinn var auðkenni söguhetjunnar Simon Templar.*



*Borgarastyrjöld geisaði í Nígeríu. Biafra-héraðið lýsti yfir sjálfstæði. Sár hungursneyð var afleiðing stríðsátakanna. Myndir af sveltandi börnum í Biafra vöktu óhug. Íslenskir flugmenn tóku þátt í hjálparstarfinu.*

við áramótabrennuna á Miklatúni eins og ákveðið hafði verið. Brennan var talin ómissandi atriði í fyrsta fréttatíma ársins. Ólafur þurfti ekki langan tíma til að hugsa sig um. Þetta væri hvort eð er alltaf sama tuggan, rétt eins og í fyrra, þannig að hægt væri að redda málum með því að sýna aftur fréttina af Miklatúnsbrennunni frá því fyrir ári. Hún gerði sig ágætlega í þessari endursýningu og málum var bjargað fyrir horn eins og svo oft. Nokkur eftirmál áttu þó eftir að verða, því að í myndinni sást greinilega fullorðinn maður, sem látist hafði nokkrum mánuðum áður. Sagt var að stjórn Sálarrannsóknafélagsins hefði sýnt málinu lifandi áhuga og viljað koma til að rannsaka það nánar.

Fréttamat og framsetning fréttanna hefur að sönnu breyst mikið í tímanna rás. Á fyrstu starfsárum Sjónvarpsins var undantekningalaust beðið með birtingu fréttanna af sjósköðum, sem voru tíðir, eða öðrum mannslátum af slysförum þangað til prestur hafði staðfest að öllum nákomnum hefði verið tilkynnt um slysið. Fréttaflutningur í Sjónvarpinu var háalvarlegur út af ýmsu.

Eftir að ég hafði lesið frétt um velgengni þáttanna um “Dýrlinginn” og við ákváðum að spila brot úr kynningarlaginu og láta geislabaug Simon Templar birtast í nokkrar sekúndur yfir höfði mér, kom mikill vandlættingarpistill í Tímanum og var þar talað um barnaskap og óviðeigandi léttúð hinna ungu manna, sem stæðu að fréttunum hjá Sjónvarpinu. Okkur var þó fyrirgefið þegar við undirbjuggum ungæðisleg aprílgöbb. Í eitt skiptið las ég fréttirnar en fljótlega fór ég að fitja upp á trýnið eins og ég fyndi torkennilega lykt. Við næstu innkomur mínar í mynd læddist reykur úr reykmaskínu leikmunadeildarinnar í auknu magni upp með þularborðinu og augnaráð mitt varð flöktandi og óttablandið. Mig minnir að á endanum hafi ég staðið upp með miklum hóstaköstum og flúið stúdíóið. Þetta aprílgabb hefði getað fengið slökkviliðið til að hlaupa apríl. En það var seint og um síðir séð til þess að





*Góðar minningar. Við Marianna Friðjónsdóttir höfðum margt að skemmta okkur yfir í 50 ára afmælisdagskrá RÚV.*

ekki yrði af stóruþkalli frá slökkvistöðinni fyrir misskilning.

Þrátt fyrir smáárekstra í erli dagsins var einstaklega gott andrúmsloft á fréttastofunni og þegar færi gafst kom hópurinn saman utan vinnu og voru Emil og Álfheiður Guðmundsdóttir eiginkona hans hrókar alls fagnaðar. Emil sýndi okkur föðurlega umhyggju og vildi okkur vel. Hann var einstakur leiðbeinandi og kröfuharður um meðferð íslensks máls í Sjónvarpinu. Hann ætlaðist til þess að fréttareglur væru virtar skilyrðislaust. Hjá okkur gilti enn gömul regla, sem við höfðum lært á dagblöðunum og upphaflega kom frá New York Times, sem sagðist birta: “All the news that is fit to print.” Við létum ekki allt gossa sem við höfðum pata af.

Það voru engin eiginleg glanstímarit á þessum tíma og starfsmenn Sjónvarpsins, sem á skjánum birtust, höfðu lítinn áhuga á að baða sig í sviðsljósinu í tímaritum eins og Vikunni eða Fálkanum eða dagblöðum, sem veittu okkur heldur ekki mikla athygli. Vikan óskaði reyndar einu sinni eftir viðtali og heimsókn til okkar Steinunnar en við sögðum ”Nei, takk”. Það gerðist svo 20 árum síðar að sjónvarpsfréttirnar voru útfærðar þannig að fréttamaðurinn fór að verða aðalatriði. Samhliða styttist alltaf tíminn sem gefinn var til að fjalla um einstök má í fréttum eða viðtölum.

Magnús Bjarnfreðsson var nokkuð á milli tannanna á fólki. Í fermingarveislum og saumaklúbbum voru spunnar miklar sögur um kvenhylli hans. Var hann orðaður við dagskrárþulurnar, sem var fjarri öllu lagi enda Magnús vel giftur sinni góðu konu Guðrúnu Árnadóttur. Um Ásgeir Ingólfsson gekk það fjöllunum hærra að hann ætti við mjög alvarleg veikindi að stríða, sem haft var eftir ekki ómerkari heimild en ræstingakonu á Borgarspítalnum. Sú hafði lýst miklum og skyndilegum blóðskiptum sem Ásgeir hefði þurft að ganga í gegnum á spítalanum. Algjörlega úr lausu lofti gripið. Konan vafalaust farið mannavillt.

Eins og vænta mátti þar sem svo margt ungt og ólofað fólk var saman komið á vinnustað, urðu til nokkur fyrirmyndarhjónaþönd á Laugaveginum og hafa enst vel. Félagsandinn var almennt góður og kom það í minn hlut að beita mér nokkuð í félagsmálunum í upphafi, bæði að undirbúa skemmtisamkomur, sem gjarnan fóru fram í nýjum samkomustað Rafmagnsveitunnar inni við Elliðaár, og að leggja á ráðin um hin alvarlegri kjaramál, sem taka þurfti á strax í byrjun. Þetta var hressilegur, ungur og framsækinn frumherjahópur, meðalaldurinn rétt yfir tvítugu. Séra Emil lýsti því svo að hlutverk Péturs framkvæmdastjóra væri líkt því að vera skólustjóri í gagnfræðaskóla. Á árshátíðunum



*Heimalagað (skemmti)atriði. Markús og Andrés taka lagið með nikku og bakróð.*



*Jón Þór Hannesson í hljóðverinu. Þar voru lesnir textar með sjónvarpsmyndum og hljómsveitir komu í upptökur.*



*Forseti Íslands kannar heiðursvörð er hann kom í opinbera heimsókn á heimssýninguna í Montreal í Kanada 1967.*

þótti mér ágætt að verja tíma í viðræður við aldursforsetana. Óskar Gíslason og Inga Laxness, eiginkona hans, voru alltaf með í öllu fagnaði. Inga var þekkt fyrir að hafa verið fyrri eiginkona Halldórs Laxness en ekki jafnfræg sem leikkona. Ég mundi þó eftir henni í álfkonuhlutverki í “Nýársnóttinni”, sem var fyrsta leikrit Þjóðleikhússins 1950. Hún var hæðin og skemmtileg og fróð um alla hluti, sannkölluð “grande dame” með látbragð að hætti hefðarmeyja. Inga Laxness var m.a. kunn og vinsæl fyrir replikkuna: “Þegar Halldór hlaut Nóbélinn fékk ég Óskarinn.”

Ég var kjörinn fyrsti formaður Starfsmannafélags Sjónvarpsins 1966 og sótti þá þing Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og mælti fyrir umsókn félagsins um inngöngu í heildarsamtökin. Við sóttum um sjálfstæða aðild og var hún samþykkt á þinginu. Margir töldu reyndar að við ættum að vera í Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins en því höfnuðum við.

Skilin milli Útvarps og Sjónvarps voru næstum algjör og lítil sem enginn samgangur milli starfsmanna Útvarpsins á Skúlagötu 4 og Sjónvarpsins á Laugavegi 176. Þvert á móti voru útvarpsmenn stöðugt að hnjóða eitthvað í okkur starfsmenn Sjónvarpsins, jafnvel vel undir dulnefni í blöðunum, og var sú árátta líklega til komin af ótta um eigið öryggi, því að ljóst var að stjórnufall yrði hjá ýmsum þeim sem skærast höfðu skinið á útvarpshimninum og fóru nú sjálfir að tala um Útvarpið sem “gufuradíóið”.

Það var þýðing á nafngiftinni “steam radio”, sem sjónvarpsmenn í Bretlandi höfðu byrjað að nota um útvarpið sitt þar í landi fljótlega eftir að sjónvarp tók til starfa og mun orðasambandið hafa fyrst sést á prenti um 1951. Síðan barst þetta til Danmerkur, þar sem orðið “dampradio” varð til og átti Jón Múli Árnason mestan þátt í að breiða það út í íslensku útgáfunni “gufuradíóið”, sem síðan varð einfaldlega “Gufan”. Hefur það gjarnan verið notað um Rás 1 Ríkisútvarpsins.



*Það var tæpmikill og samstæður hópur af glaðværu og atorkusömu fólki sem kom saman á árshátíðum Sjónvarpsins.*

Þegar í desember 1966 voru blikur á lofti í kjaramálum tæknimanna Sjónvarpsins. Þeir töldu sig hafa fengið vilyrði um launahækkanir er þeir kæmu heim af námskeiðinu hjá Danmarks Radio. Þær höfðu þó látið á sér standa og var nú viðbúið að í odda skærast. Við aðrir starfsmenn lögðumst á árina með tæknimönnunum og voru margir tilbúnir til að lýsa yfir því að þeir myndu hætta störfum fyrir Sjónvarpið ef tæknimennirnir fengju ekki þá hækkun, sem fyrirheit hafði verið gefið um. Voru setnir nokkrir samningafundir fyrir jól og áramót en á elleftu stundu tókst að afstýra meiriháttar vandræðum. Ef það hefði ekki gerst, hefði öll hersingin, sem búin var að lýsa stuðningi við tæknimennina með hópuppsögn, verið látin fjúka líka. Fljótlega kom í ljós, að verkalyðsbarátta sem snerist um smæstu atriði í kjarasamningum var ekki mitt fag.

Tæknimennirnir, sem margir höfðu unnið hjá Pósti og síma sem símvirkjar og loftskeytamenn voru miklu sleipari í fræðunum um vaktaálag, kaffitímaútreikning, dagpeninga, hlífðarfatnað og mötuneytisrekstur en ég. Á Morgunblaðinu höfðu blaðamenn á þessum tíma ekki vanist því að fá greidda yfirvinnu hvað þá aðrar álagsgreiðslur. Á móti kom að fastráðnir blaðamenn gátu fengið tveggja mánaða frí á launum eftir hvert fimm ára tímabil í föstu starfi. Í þann hóp komst ég sem sumarstarfsmaður reyndar ekki. Ég var ekki mjög sjóaður í kröfugerð fyrir sjálfan mig eða

aðra þegar ég kom í Sjónvarpið og vann þess vegna að því að tæknimenn tækju að sér forystuna í starfsmannafélaginu eftir stutta formennskutíð mína.

Fastur liður hjá mér í dagskrárgerð var "Erlend málefni" en ýmsir stakir þættir komu einnig við sögu. Við gerðum heimildarþlætti um íslensk efni á frívöktunum og á fimmtudögum til að tryggja viðunandi hlutfall innlands dagskárefnis. Sumarið 1967 lá leið okkar þriggja sjónvarpsmanna til Kanada og Bandaríkjanna í tíu daga ferð. Með mér í för voru Rúnar Gunnarsson, kvikmyndatökumaður og Jón Þór Hannesson, hljóðmaður. Á flugvöllum vorum við að rokast með 13 einingar af farangri, ferðatöskur, ljósalampa og myndavélakassa. Magnið af hráfilmum til kvikmyndatöku var umtalsvert. Ekki gátum við séð hvort nokkrar myndir væru yfir höfuð á filmunum fyrr en þær komu úr framköllun eftir að heim var komið.

Við fylgdum forseta Íslands í opinbera heimsókn til Ottawa á 100 ára afmæli kanadíska sambandsríkisins og fórum þaðan til Montreal, þar sem heimssýningin EXPO stóð yfir, með íslenskum sýningarskála vel að merkja. Gerðum við þessu öllu skil í sérstökum þáttum. Síðan hafði Kanadastjórn boðið okkur að verja einni helgi í Winnipeg og Gimli og hitta þar Vestur-Íslendinga. Við lá að þeirri ferð yrði aflýst, eða það gerði alla vega Grettir Jóhannsson, aðalræðismaður þar vestra, þegar hann sendi



*Þekkt málverk meðal Vestur-Íslendinga. Listamaðurinn Árni Sigurðsson sá fyrir sér landnám Íslendinga við Winnipegvatn. Ég tók viðtal við Árna á elliheimilinu í Selkirk í Manitoba.*



*Coldwater framleiddi fiskrétti í verksmiðju sinni í Bandaríkjunum. Mjög mikilvægur markaður fyrir íslenskan fisk.*



*Glundroði í umferðinni í Svíþjóð þegar landsmenn fóru yfir í hægri umferð 3. september 1967.*

okkur skeyti til Ottawa: "cancel planned visit to winnipeg stop all the most prominent people will be out of town stop."

Ég gat ekki unað þessu og hringdi samtundis í Gretti til að segja honum að við kæmum hvað sem tautaði og raulaði, og myndum örugglega hafa uppi á einhverjum Vestur-Íslendingum. Þessu tók ræðismaðurinn með semingi. Á daginn kom að "all the most prominent people" var Grettir sjálfur. Heimildarþátturinn frá Gimli með þátttöku margra, sem nú eru löngu horfnir af sjónarsviðinu, vakti mikla athygli og er merk heimild í minjasafninu þar vestra og í safni Sjónvarpsins.

Frá Kanada fórum við yfir landamærin til Bandaríkjanna og heimsóttum þar fiskréttaverksmiðju Coldwater, dótturfyrirtækis Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna í Nanticock í Maryland og sáum einnig nýja verksmiðju sem verið var að reisa í Cambridge, þar allnærri. Þar var M.s. Selfoss við bryggju að losa afurðirnar úr frystihúsum heima á Íslandi. Bandaríkin voru mikilvægasti markaður fyrir íslenskar fiskafurðir á þeim tíma og rak Sambandið sína fiskréttaverksmiðju í Harrisburg í Pennsylvania. Stórar veitingastaðakeðjur keyptu íslenskan fisk, sömuleiðis fangelsi, skólar og aðrar stofnanir.

Fiskflök og aðrir sjávarréttir voru einnig á boðstólum í matvöruverslunum. Samkeppnin við kjúklinginn var hörð. Velgengnin í þessum útflutningi fór mikið eftir því hvernig kjúklingaverð þróaðist vestanhafs, eins og Þorsteinn Gíslason, forstjóri Coldwater, útskýrði fyrir okkur. Hann var býsna varkár í öllu sem hann sagði í sjónvarpsviðtalinu, tjáði okkur privat að það borgaði sig ekki "að frystihúsastjórnarnir heima fengju að vita of mikið um reksturinn á verksmiðjunni í Ameríku." Forystumenn sjávarútvegsins á Íslandi voru þó annað veifið látnir fá á tilfinninguna að þeir ættu eitthvað í þessu fyrirtæki og var rausnarlega tekið á móti þeim er þeir komu í heimsókn.



*Þessa mynd tók Jón Þór af okkur Rúnari við þinghúsið í Ottawa þegar lokið var móttökuathöfn til heiðurs forseta Íslands.*

Á heimleiðinni höfðum við viðkomu í New York, þar sem Ásgeir Ásgeirsson, forseti, var kominn í heimsókn til Sameinuðu þjóðanna. Þar hittum við m.a. Abba Eban, hinn virta utanríkisráðherra Ísraels, sem staðið hafði í ströngu í hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann þótti harður í horn að taka í umræðum um sex daga stríðið fyrir botni Miðjarðarhafs þá fyrr um sumarið. Hann var kominn í móttöku til heiðurs Ásgeiri Ásgeirssyni á grundvelli rötgróinnar vináttu Íslands og Ísraels.

Um haustið var haldið til Svíþjóðar, þegar breytingin yfir í hægri handar akstur fór fram aðfaranótt sunnudags, 3. september 1967. Tilgangur okkar var að fylgjast með aðgerðum Svía í ferli sem þegar var í undirbúningi á Íslandi, þar sem stefnt var að breytingu yfir í hægri umferð hinn 26. maí 1968. Við notuðum okkur boðsferð, sem Sjónvarpið átti inni með hinni nýju Boeing 727 – vél Flugfélags Íslands, fyrstu íslensku farþegaþotunni, sem lenti á Reykjavíkurflugvelli hinn 24. júní 1967.

Í þessari Svíþjóðarferð var farið með einum af hraðbátunum sem sigldu með farþega yfir Sundið til Málmeyjar, og fylgst með aðgerðum víða um borgina yfir nóttina. Öll umferð var bönnuð um skeið en klukkan 05.00 á sunnudagsmorgni mjökuðust bílar af vinstri akrein yfir á þá hægri. Þarna hittum við fulltrúa íslensku "hægri nefndarinnar" og Reykjavíkurlögreglunnar, sem voru í könnunarleiðangri.

Vansvefta héldum við frá Málmey til Kaupmannahafnar um hádegið eftir mörg viðtöl og miklar myndatökur, lögðum okkur í tvo tíma á gistihúsi og héldum svo út í íslenska sendiherrabústaðinn í Hellerup þar sem Vala og Gunnar Thoroddsen tóku á móti okkur. Viðtalsefni var framvindan í handritamálinu, sem nú hafði snúist afgerandi til betri vegar fyrir okkur Íslendinga. Svo var auðvitað ætlunin að spyrja Gunnar um framboð hans til forseta Íslands á vori komanda. Hann tók ekki af skarið um það efni í þessu samtali en var greinilega



*Loftleiðir voru fyrsta lágfargjaldafélagið á leiðinni yfir Norður-Atlantshaf. Markaður félagsins á Norðurlöndum var þýðingarmikill. SAS, sem var í eigu skandinavísku ríkisstjórnanna, hafði horn í síðu Loftleiða og vildi setja þeim mjög þröng skilyrði um sætaframboð og fjölda ferða.*

heitur. Á heimleiðinni í flugvélinni voru síðan tekin viðtöl við áhöfnina um vinnuna um borð í hinum nýja farkosti, sem stytta flugtímann frá Kaupmannahöfn úr fimm tímum niður í tæpa þrjá miðað við fyrri kynslóð flugvéla Flugfélagsins, Vickers Viscount og DC6B.

Eldsnemma á mánudagsmorgun var ég mættur á Laugaveginum. Hófst þá filmuklipping á Svíþjóðarefninu og var gerður úr því myndarlegur 6 mínútna fréttabáttur til sýningar í kvöldfréttatímanum. Rétt fyrir útsendingu voru tvær spólar settar sitt hvoru megin á sýningarvélina, önnur með fréttafilmunum en hin með 16 mm hljóðbandi, sem stilla átti saman við filmuna og merkja á upphafspunkti svo að ekki skeikaði sekúndu í samkeyrslu þeirra í sýningarvélinni. En í þetta skiptið fór eitthvað alvarlega úrskeiðis, því að hljóðið í viðtölunum kom að minnsta kosti þremur sekúndum á eftir myndinni, var það illilega "út úr synci" eins og kallað var. Allt fór í vaskinn. Þetta var mikið reiðarslag eftir þá vinnu sem lögð hafði verið í Svíþjóðarefnið. Það var niðurlátur og vonsvikinn fréttamaður sem sté upp í Árbæjarstrætó á heimleið það kvöldið.

Ég gerði þætti og sendi fréttir frá fundum Norðurlandaráðs. Naut ég þar aðstoðar tókumanna frá sjónvarpsstöðvum hinna landanna. Þarna greip ég tækifærið til að fá norræna forsætisráðherra og utanríkisráðherra, auk annarra áhrifamanna til að setjast fyrir framan myndavél og fjalla um málefni, sem vörðuðu íslenska hagsmuni. Aðild Íslands að fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, var á döfnni; einnig handritamálið, sem skyggt hafði á samskipti Íslendinga og Dana.

NORDEK, sameiginlegt norrænt tollabandalag var hugmynd sem var rædd á nokkrum þingum ráðsins en slegin endanlega út af borðinu á fundi þess hér á landi í febrúar 1970 vegna andstöðu Finna, sem þurftu að stunda jafnvægiskúnstir til að styggja ekki Rússa. Norrænir forystumenn áttu sumir erindi til Íslands sem heiðursgestir og ræðumenn



*Í biðsal gömlu flugstöðvarinnar á Keflavíkurlugvelli. Beðið eftir útkalli til brottfarar. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra á leið til fundar með erlendum ráðamönnum.*

á "pressuböllum", sem gat líka orðið tilefni viðtals við þá. Það voru finustu fjöldasamkomur þessa tíma, haldnar á vegum Bládamannafélags Íslands á skemmtistaðnum Lídó við Miklubraut, (síðar 365 miðlar) eða í Súlnasal Hótel Sögu, þar sem um 500 manns skartaði sínu fegursta í smóking og síðum kjólum, snæddi úrvalsrétti og dansaði dátt fram eftir nóttu eftir að hafa hlýtt á ræðu heiðursgestisins og önnur góð skemmtiatriði.

Hin Norðurlöndin höfðu sífellt verið að grípa til útilokunaraðgerða gagnvart Loftleiðum á N-Atlantshafsflugleiðinni og þrengja kosti þeirra í sambandi við ferðafjölda og fargjaldatilboð í fluginu til Norðurlandanna. Í heimildarmynd um Loftleiðaævintýrið og Alfreð Elíasson, sem gerð var fyrir nokkrum árum, var gefið sterklega í skyn, að Loftleiðir hefðu aldrei átt upp á pallborðið hjá íslenskum stjórnvöldum andstætt því dekki nánast, sem Flugfélag Íslands hefði alla tíð notið. Þetta voru miklar rangfærslur. Mér er minnisstæð ræða Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, á fundi Norðurlandaráðs í Osló í febrúar 1968, þar sem hann varði mestu af tíma sínum til

að tala máli Loftleiða og hvetja ráðamenn á Norðurlöndunum til að tryggja meira frjálsræði í fluginu og viðhalda hinum lágu fargjöldum, sem Loftleiðir buðu almenningi beggja vegna Atlantshafsins. Það var aftur á móti eitru í beinum SAS, hins ríkisrekna flugfélags Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Það kom nokkrum sinnum fyrir á starfstíma mínum á fréttastofunni að símsamband Íslands við útlönd lá niðri, jafnvel dögum saman. Sem neyðarráðstöfun var símtölum frá Evrópu beint um aðra símastrengi yfir Atlantshaf til Montreal og þaðan um sæsímamann frá Kanada til Íslands. En það kom fyrir að báðir voru slitnir á sama tíma. Oftast voru það togarar sem slitu strengina með veiðarfærum sínum. Gamla radíósambandið, sem háð var truflunum í himinhvolfinu, var varasamband fyrir nauðsynlegustu þjónustu. Engar símamyndir bárust þá til Sjónvarpsins. Allt í einu kom svo tilkynning um að við fengjum myndir. Þetta átti að fara eitthvað leynt. Varnarliðið hafði heimilað Landsímanum að koma á símsambandi við útlönd um Troposcatter-fjarskiptakerfi sitt.



*Í forsetakosningunum 1968 reyndi á áhrifamátt sjónvarpsins. Eins og í löndunum í kring var mikil gerjun í íslensku þjóðfélagi, sem sagði til sín í forsetakjörinu.*

Við sjónvarpskyningu á frambjóðendum til kjörs forseta Íslands 30. júní 1968 kom það í minn hluta að vera í sæti spyrilsins fyrir hönd Sjónvarpsins með þeim frambjóðendum tveimur, Gunnari Thoroddsen og Kristjáni Eldjárn. Spyrill frá fréttastofu Útvarpsins var Hjörtur Pálsson. Þetta var ákveðið nokkuð snögglega. Emil Björnsson hringdi til mín til Færeya, þar sem ég var við þáttagerð í byrjun júní og það mig

# Þáttagerðin sker



Starfsfólk kvikmyndadeildar í upphljóðupptökumenn, framköllunarmeistarar dagskrárgerð og sýndu einstakan metnað f Umsjónarmenn þátta gátu ávallt treyst á g samstarfinu við þessa frumherja íslens



um að gera þetta, því að vitað væri að ég myndi kjósa Gunnar, en Hjörtur væri stuðningsmaður Kristjáns. Þetta voru sérkennileg rök en ég ætlaði ekki að víkjast undan. Það var auðvelt að undirbúa þáttinn með þessum tveimur heiðursmönnum og við Hjörtur unnum vel saman við að ákvarða efnisatriði til umfjöllunar í þættinum. Markmiðið var auðvitað að upplýsa hinn almenna kjósenda sem best um frambjóðendurna og viðhorf þeirra til hinna ýmsu mála er embætti forsetans snertu.

# mmtileg



afi Sjónvarpsins. Myndatökumenn,  
r og filmuklipparar unnu frábær störf við  
ýrir hönd hinnar nýju sjónvarpsstöðvar.  
jóðar hugmyndir og verklega kostgæfni í  
skrar dagskrárgerðar og kvikmynda.

Áfengisneysla Gunnars Thoroddsen hafði mjög verið til umræðu í kosningabaráttunni. Andstæðingar hans stunduðu óhróður þar sem Gunnari var lýst sem drykkjusvola miklum. Þau Vala og Gunnar bjuggu á Hótel Holti meðan á kosningabaráttunni stóð. Það var uppnefnt Gunnarsholt en Gunnarsholt á Rangárvöllum var þá þekkt sem dvalarheimili fyrir áfengissjúklinga. Ég taldi óhjákvæmilegt að víkja að meintri ofnotkun áfengis þættinum. Gunnar gerði lítið úr “hófstilltri selskapsdrykkju” sinni við sérstök tækifæri og Kristjáns Eldjárns reyndar líka! Síðar var viðurkennt opinberlega í ævisögu Gunnars við hvern áfengisvanda hann hafði lengi átt við að glíma.

Það kom í minn hlut að gera sjónvarpsþátt um Ásgeir Ásgeirsson, fyrrverandi forseta, og ræða við hann þegar hann fagnaði 75 ára afmæli sínu 13. maí 1969. Það var ljúft verk, sem hann var þakklátur fyrir. Í þættinum ætlaði ég að bregða upp ýmsum myndum, sem Sjónvarpið hafði tekið í embættistíð hans en þegar ég fór í filmusafnið fannst hvorki tangur né tetur undir skráningunni “Ásgeir Ásgeirsson”. Filmuvörðurinn hafði reyndar farið á hraðnámskeið í fræðunum hjá bókaverði en nú hófst dauðaleit að myndefni um forsetann fyrrverandi. Leitað m.a. undir “Bessastaðir”, “Forseti”, “Fálkaorðan”. Meira að segja “President” en allt kom fyrir ekki. Eftir einhverja hugljómun filmuvarðar, sagði hann: “Gæti þetta kannski verið undir **H**”? “Hvers vegna í ósköpunum undir **H**”? “Jú. **H**erra Ásgeir Ásgeirsson”. Og hann hafði lög að mæla.

Gerð innlendra heimildarmynda og fréttaskýringa var því miður alltof fátíð. Mér fundust þau verkefni með því ánægjulegasta, sem ég fékkst við á sjónvarpsárum mínum. Við Örn Harðarson, kvikmyndatökumaður, og Sigfús Guðmundsson, hljóðupptökumaður, fórum um Austfirðina og gerðum mannlífsþætti í hinum ýmsu byggðarlögum. Í minn hlut kom m.a. að heimsækja Neskaupstað og ræða þar við Bjarna Þórðarson, bæjarstjóra. Þá var



*Það var mikið ævintýri að koma í fyrsta skipti að Jökulsárlóni þegar við gerðum þátt um Suðausturland.*



*“Flug í 50 ár” á afmæli flugs á Íslandi var vel heppnaður heimildarþáttur hjá okkur Ólafi Ragnarssyni*



*Í heimsókn okkar í klaustið í Clervaux í Luxemborg tók Ólafur myndirnar á vél sem Sjónvarpið hafði að láni frá sænska sjónvarpinu. Ég tók upp hljóðið á Nagra-tæki.*

bærinn enn eldraður í pólitískum skilningi. Morguninn eftir að þátturinn var sýndur hringdi Lúðvík Jósefsson, alþingismaður, í mig og þakkaði sérstaklega fyrir. Hann hafði ásamt Bjarna og Jóhannesi Sigfússyni verið í forystu fyrir sósíalísum í bæjarfélaginu um áratugaskeið. Mér fannst þetta samtal styrkja mig í trúnni á að ekkert skorti á að við gættum pólitísku jafnvægis í því sem við værum að vinna hjá Sjónvarpinu.

Síðar áttum við leið í þáttagerð á Höfn í Hornafirði og víðar um Austur-Skaftafellssýslu í stórkostlegu veðri, þannig að skriðjöklnir þar eystra nutu sín einkar vel á mynd ásamt lóninu á Breiðamerkursandi. Þetta landsvæði var ekki í alfaraleið enda illt yfirferðar á frumstæðum vegum sem lágu um heiðar og skriður en fljótin á Skeiðarársandi enn óbrúuð. Við sjónvarpsmenn gistum á hinu nýja og glæsilega Hótel Höfn. Þar hittum við fyrir tvo starfsmenn Pósts og síma, sem voru að vinna að endurnýjun á símsstöðinni. Einhver töf varð á sendingu tækja frá Reykjavík og á meðan nutu þeir félagar lífsþæginda í veitingasal hótelsins. Þeir fengu borgaða fulla dagpeninga en sváfu alltaf ókeypis í gistiherbergi símsstöðvarinnar en sátu svo löngum á barnum á hótelinu. Ég var eitthvað farinn að skjóta á þá og gera athugasemdir við þetta hátterni. Á laugardagskvöldi var haldið héraðsmót Sjálfstæðismanna í félagsheimilinu Sindrabæ. Morguninn eftir voru ýmsir forystumenn og aðrir gestir að snæða morgunverð þegar ég kom í borðsalinn. Gall þá í foringja þeirra símamanna, þannig að barst um allan salinn, sem var þéttskipaður fólki: ”Markús minn. Það er ánægjulegt að sjá þig loksins edrú við morgunverðarborðið.” Hann var búinn að ná fram hefndum fyrir allt nöldrið í mér um vinnumóralinn hjá þeim á Símanum. Tókust nú fullar sættir eftir þetta óvænta útspil hins síkátá símamanns.

Við sjónvarpsmenn áttum góða og fróðlega daga eystra, spurðum m.a. fréttu um uppbyggingu á Höfn í Hornafirði í viðtali við Sigurð Hjaltason, sveitarstjóra, og Ásgrím

Halldórsson sem var ötull athafnamaður og drífandi kaupfélagsstjóri. Nokkru seinna lá leið okkar vestur á Snæfellsnes, þar sem Árni Óla, rithöfundur og fræðimaður, gerðist leiðsögumaður okkar á ferðalagi umhverfis Snæfellsjökul, í þættinum "Undir jökli". Ég gerði þætti í Færeyjum með Rúnari Gunnarssyni og Oddi Gústafssyni. Samskipti við frændþjóðina í Færeyjum voru ekki mikil og því ánægjulegt að geta kynnt málefni eyjanna fyrir Íslendingum.

Við Ólafur Ragnarsson gerðum þátt um Lúxemborg og klaustrið í Clervaux, þar sem Halldór Kiljan Laxness hafði dvalist og stundaði munklífi um skeið snemma á öldinni. Ólafur tók myndirnar á Arriflex-vél, sem Sjónvarpið hafði að láni frá sænska sjónvarpinu og ég var með hljóðupptökutækið. Var þetta að ég hyggt í eina skiptið á þessum upphafsárum Sjónvarpsins, sem dagskrárgerðarmenn tóku sjálfir allar myndir og hljóð í þátt sem þeir unnu. Á fimmtíu ára afmæli flugs á Íslandi í september 1969 sýndi Sjónvarpið klukkustundarlangan heimildarþátt sem við Ólafur stóðum að. Þá var þess minnst að flugmaðurinn kaftinn Faber hóf breska tvíþekju af gerðinni Avro 504K, til flugs í Vatnsmýrinni. Flaug hann útsýnisflug með farþega og fór um aðra landshluta m.a. til Vestmannaeyja. Var það Flugfélag Íslands, hið fyrsta í röðinni undir forystu Alexanders Jóhannessonar, síðar háskólarektors, sem stóð að þessari tilraun, en hún stóð þó ekki lengi.

Okkur var veittur aðgangur að miklu heimildarefni, sem Flugmálastjórn og flugfélögin áttu á kvikmyndaflum og ljósmyndum. Einnig voru greinargóð viðtöl við ýmsa af frumherjum flugsins á Íslandi og þá sem stóðu í fremstu víglínu á þessum tíma. Ég ræddi m.a. við Alfreð Elíasson, forstjóra Loftleiða, sömuleiðis Örn O. Johnson, forstjóra Flugfélags Íslands og Agnar Kofoed-Hansen, flugmálastjóra. Allir flugmenn og mikilvægir frumherjar. Þessi samtöl mín voru ítarleg og frásagnir viðmælendanna afar upplýsandi. Þau hafa síðar birst í öðrum heimildarmyndum og þáttum. Undirstrikar það gildi slíkra verkefna

í sambandi við varðveislu sögulegra heimilda sem sýna má í framtíðinni.

Sjónvarpið kvaddi landsmenn og fór í sumarfrí 30. júní og kom ekki aftur fyrr en 1. ágúst, svo framarlega sem það var nú ekki fimmtudagur, því að hann var okkar vikulegi frídagur. Við landsmönnum blasti því stillimynd eða svartur skjár í heilan mánuð á ári. Þessi júlilokun Sjónvarpsins hélst frá upphafi fram til 1987. Nokkur frávik urðu þó frá reglunni í árána rás og var ég t.d. þulur þegar við opnuðum stöðina eftir að fyrstu fréttakvikmyndirnar höfðu borist af lendingu Appollo 11 á tunglinu hinn 20. júlí 1969. Þá var auðvelt að ná til mín því að ég var yfirleitt í vinnu í júlífríinu og starfaði á Ferðaskrifstofu Zoëga fyrir þá feðga Tómas og Geir H. Zoëga. Afborganir af íbúðinni voru þungar í skauti og við Steinunn komumst því ekki í sumarfrí fyrr en árið 1972.

Vinnuálagið var orðið gífurlegt á starfsliði Sjónvarpsins. Aðstæðurnar í myndstjórn til hliðar við sjónvarpssalinn voru ekki hinar ákjósanlegustu. Við veltum því fyrir okkur í hálfkæringi, hvort eins myndi fara fyrir okkur og kettlingnum, sem hafður var til augnayndis í barnaþættinum "Stundinni okkar" og hélt mikið til í stúdíóinu. Hann trylltist einn daginn og tók á rás eins og óargadýr um loft stúdíósins, líklega vegna ærandi óhljóða, sem hann heyrði á sínu tíðnisviði frá tækjum í salnum en við námum ekki.

Eitt sinn sat ég fyrir framan sjónvarpsskjána í myrkvaðri myndstjórninni og var að stjórna upptöku. Fékk ég þá skyndilega mjög sáran sting vinstra megin í höfðinu og velti því fyrir mér hvort eitthvað væri að breyta þar hið innra. Ég varð óttasleginn og fékk andþyngsli, tilkynnti um kaffihlé og labbaði út. Upp rifjuðust sögur af heilablæðingum ættmenna minna úr Borgarfirðingum. Við lækni skoðun var mér sagt að þetta væri ekki migreni en að ég þyrfti að slaka á, minnka vinnuálagið og ná líkamsþyngdinni niður. Blóðþrýstingurinn þyrfti að lækka. Þetta ástand leiddi af sér aukna



*Pórbergur féllst loks á að koma fram í sjónvarpsþættinum "Maður er nefndur" eftir að Halldór Laxness hafði verið í sams konar þætti nokkru áður.*



*Setning NATO-fundarins í Háskólabíói sumarið 1968.*



*Fundinum var kröftuglega mótmælt.*

vanlíðan en fyrst og fremst öryggisleysi. Síðan tóku við skoðanir hjá Hjartavernd en verkurinn hvarf ekki alveg og hefur fylgt mér æ síðan, mun vægari þó og með hléum.

Þegar ég var við upptökustjórn þátta í myndstjórn reyndi mikið á samstarf margra aðila í síbreytilegu ferli, undir mikilli tímappressu. Stressið var enn meira þegar fréttirnar voru sendar út. Allir sem að málum komu sýndu brennandi áhuga og lögðu sig fram um að bjarga málum ef eitthvað fór úrskeiðis, þannig að áhorfendur tækju helst ekkert eftir því. Ég man aðeins eftir tveimur tilvikum í beinum útsendingum þátta, þegar ég var farinn að ókyrrast illilega. Í annað skiptið var það meistari Pórbergur sem kominn var í viðtalsþátt hjá Magnúsi Bjarnfreðssyni, með miklum eftirgangsmunum. Þátturinn var gerður í tilefni af áttaræðisafmæli Þórbergs í apríl 1970. Margar ferðir fór Magnús til Þórbergs og Margrétar konu hans á Hringbrautina.

Emil Björnsson lá í símanum og lagði hart að þeim. Margrét var viljugri en Pórbergur. Svona gekk þetta allengi en að lokum mættu þau á Laugavegin og greinilegt að Margrét stjórnaði þeirri ferð. Áður en upptakan hófst sátu þau hjón með okkur Emil og Magnúsi inni í fundarherbergi og þá var áfengisbannið brotið. Koníaksflaska hafði verið keypt og Þorbergi boðið hjartastyrkjandi og örvandi drykkjartár fyrir átökin framundan.

Í viðtalsþáttum í sjónvarpi sitja menn venjulega fyrir svörum en Þorbergur þurfti að fá að rápa um gólfíð. Það gat ekki gerst stjórnlaust og þess vegna var búið að klístra límbandi í skærum lit á gólfíð til að setja Þórbergi markalínu sem hann mátti ekki stíga út fyrir. Þá myndi hann hverfa út úr myndsviði tökuvélanna og týnast í stúdíómyrkrinu. Það var fjári erfitt að fylgja honum eftir en Þórbergi tókst að spássera á línunni lengst af, um leið og hann þuldi langar frásagnir og hermdi eftir fólki. Magnús sat sem fastast í sínum stól, tilbúinn með spurningu ef hann kæmist þá nokkurn tímann að.



*Viðtal við Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, er hann kom til Reykjavíkur. Brandt varð kunnur sem borgarstjóri í Vestur-Berlín á viðsjárverðum tímum og átti eftir að verða kanslari V-Þýskalands. Hann beitti sér fyrir slökun spennu í kalda stríðinu. Til vinstri á myndinni er Kári Jónasson, fréttamaður Útvarpsins.*

Önnur háskastund rann upp í þættinum “Á öndverðum meiði”. Þá deildu um spíritisma þeir séra Sveinn Víkingur og Páll Kolka, læknir. Þeir börðu í borðið án afláts. En því miður var borðplatan veigalítill krossviðsplata. Í ofanálag var hljóðneminn rekinn upp um gat á miðri plötunni, sem skalf og nötraði með feiknalegum hávaða sem kæfði allt mannamál við borðið meðan skjálftarnir stóðu yfir. Andi hlaupinn í borðplötuna? Guðmundur Guðjónsson, óperusöngvari og sviðsstjóri Sjónvarpsins, gaf létt merki með látbragði eins og úr óperettu og róaði menn hæfilega niður. Guðmundur var einstakur að vinna með. Ávallt velviljaður og þægilegur, tilbúinn til að liðsinna fólki sem var óöruggt með sig þegar það kom í upptökur.

Þær urðu allmargar ferðirnar sem ég fór til fréttaoöflunar og þáttagerðar erlendis. En það voru nánast einu skiptin, sem ég fór út úr húsi á Laugaveginum vegna vinnunnar. Innlendu fréttamennirnir voru hins vegar stöðugt á ferð og flugi í fréttaoöflun. Um vorið 1968 fór ég í stutta fréttiferð til NATO í Brüssel og átti þá

viðtal við Manlio Brosio framkvæmdastjóra bandalagsins, og Lyman Lemnitzer, yfirhershöfðingja bandalagsins, um viðbúnað NATO gegn ógninni af Varsjárbandalagi Sovétríkjanna og leppríkja þeirra. Ástandið í Tékkóslóvakíu og ”vorþíðan” þar var talin ótrygg. Í júní var haldinn utanríkisráðherrafundur NATO hér á Íslandi og var afraksturinn af Brüsselferðinni sýndur í dagskrá Sjónvarpsins í tengslum við hann. Hér í Reykjavík átti ég þá viðtöl við Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, síðar kanslara og friðarverðlaunahafa Nóbels, og Michael Stewart, utanríkisráðherra Breta.

Ég ræddi við Willy Brandt í þýska sendiráðinu. Hann sagðist kjósa að dreypa á viskí milli spurninga en glasið mætti ekki sjást. Aðstoðarmaður hans fylgdist með viðtalinu og sagði ráðherra að hann hefði farið rangt með tölur og endurtók Willy það svar með leiðréttingunni. Það voru sagðar skrautlegar sögur af Willy á barnum á Hótel Loftleiðum og heimsókn hans í eitthvert heimapartí í



*NATO 20 ára. Afmælishátíð í Washington. Manlio Brosio, framkvæmdastjóri NATO, Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og William Rogers, utanríkisráðherra Bandaríkjanna.*



*Frakkland logaði í verkföllum og óeirðum. Uppreisn stúdenta í gangi. Ég var í París og ræddi þar m.a. við íslenska háskólastúdenta.*



*Það var víða ófriðlegt þetta sumar. Her Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins gerði innrás í Tékkóslóvakíu, eitt af bandalagslöndunum. Tékkar höfðu reynt að stíga skref til aukins frjálsræðis.*

Garðabæ. Ekki þekki ég sannleiksgildið en morguninn eftir var ég við ameríska sendiráðið á Laufásveg þegar Willy Brandt kom þangað til fundar við Dean Rusk, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. “How is your stomach, Willy?” sagði Dean. “Not good,” svaraði Willy og strauk sér um magann. Annað höfðu þeir ekki að segja í áheyrn fjölda fréttamanna sem þarna var saman kominn. Landhelgismál og efnahagssamvinnu í Evrópu bar á góma í stuttu viðtali mínu við Michael Stewart, utanríkisráðherra Breta. Og svo barst talið að Njálsbrennu. Léttist þá brúnin á ráðherranum enda var hann áhugamaður um Íslendingasögur.

Mikill órói hafði verið í Frakklandi á þessum maídögum 1968. Stöðug verkföll, sem hófust í Renault-bílaverksmiðjunum og breiddust út, stúdentaóeirðir og háskólar í lamasessi, hálfgerð byltingarástand. Talið var að stjórn Charles de Gaulle, forseta stæði völtum fótum, og því væri þess jafnvel stutt að bíða að herinn tæki völdin og skriðdrekasveitir kæmu æðandi inn í Frakkland frá herstjórnaarsvæði Frakka í Vestur-Þýskalandi.

Ég hafði ráðgert að fara flugleiðis frá Brüssel til Parísar og hitta Íslendinga á Signubökkum til að ræða ástandið en allt flug var fellt niður. Þáði ég far með tveimur dönskum blaðamönnum frá BT, sem ákveðið höfðu að aka bíl suður til Parísar. Á leiðinni var grannt fylgst með fréttum í útvarpi og mikil spennu lá í loftinu. Báðu Danirnir mig að horfa stíft út um gluggann og fylgjast með, hvort skriðdrekar væru á ferðinni. Góndi ég stöðugt inn á milli trjáa að skyggjast um eftir stórskotaliðssveitum og skriðdrekum. Blessunarlega urðu engir brynvagnar á leið okkar og þegar við komum til Parísar um kvöldið hafði de Gaulle flutt sjónvarpsávarp til frönsku þjóðarinnar og snúið ástandinu algjörlega við, sér í hag. Um Champs Elyssée var órofa straumur farartækja og gangandi vegfarenda, sem fögnuðu ákaft í hlýrri vorgolunni. Skjaldmeyjar óku um í opnum bílum, ekki þó búnar að bera brjóst, en minntu óneitanlega á myndir af Marianne úr frönsku byltingunni.



*Myndstjórn til hliðar við upptökusalinn á Laugaveginum. Karl Jeppesen, tímavörður, Markús útsendingarstjóri, Helgi Sveinbjörnsson annaðist myndblöndun, Jón Hermannsson, tæknistjóri, og Ingvi Hjörleifsson, ljósameistari.*

Parna var ótrúleg stemmning. Morguninn eftir hitti ég að máli nokkra íslenska háskólanema og sendiherra Íslands en fór svo í tókuleiðangur um borgina með kvikmyndatökumanni sænska sjónvarpsins sem aðstoðaði mig. Eftir hádegisdélt hélt ég áleiðis til Luxemborgar til að taka Loftleiðavél heim. Þá var það venjulegur fararmáti Loftleiðafarþega frá París, sem ætluðu að ferðast ódýrt flugleiðis til Ameríku, að taka flugrútuna á Place de la Concorde kl. 14.00 og aka austur á bóginn um sveitir Frakklands.

Veðrið í þetta sinn var eins og best varð á kosið og frönsku sveitirnar unaðslegar að sjá. Höfð var viðkoma á sveitakrá og þar var salernisaðstaðan sú frumstæðasta, sem ég hafði þá augum litið, aðeins hola í gólfinu. Til Luxemborgar var komið um sjöleytið um kvöldið. Þangað voru þá komnar Loftleiðarútur, sem flutt höfðu farþega frá Frankfurt í Þýskalandi og Brüssel í Belgíu. Um borð í flugvélinu til Íslands var svo stigið um níuleytið og komið heim eftir rúmlega fjögurra

klukkustunda ferð. Þá átti flest samferðafólkið eftir að halda áfram í 7 tíma næturflugi til New York.

Þó að unnið væri að slökun spennu í samskiptum við Sovétríkin og leppríki þeirra í Varsjárbandalaginu, eins og ákveðið hafði verið á Reykjavíkurfundi NATO, voru veður válynd í alþjóðamálum. NATO-ríkin héldu vöku sinni og treystu samstöðu sína á 20 ára afmælishátíð bandalagsins, sem haldin var í Washington 4. apríl 1969. Ég var í fjölmennum hópi fréttamanna sem komu frá öllum aðildarlöndunum. Dagskráin var fjölbreytt og var Bjarni Benediktsson heiðraður sérstaklega. Hann hafði sem utanríkisráðherra Íslands 1949 undirritað stofnsamning bandalagsins, einmitt á þeim sama stað og afmælisdagskráin fór fram 20 árum síðar. Eftirminnilegast úr þessari ferð eru heræfingar sem fram fóru úti á Atlantshafi, undan strönd Virginíuríkis. Þar var flotadeild á siglingu með flugmóðurskipið "Saratoga" í



*Brennandi spurning: Hittum við á brautina á flugmóðurskipinu? Svo var bremsað með látum.*



*Gorskov aðmírall stjórnaði æfingum sovéska flotans á Atlantshafi, sem nefndar voru OKEAN. Langdrægar sprengjuflugvélar og fjöldi skipa af ýmsum gerðum tók þátt.*

fararbroddi. Við gestirnir flugum með litlum flugvélum og lentum á flugmóðurskipinu úti á rúmsjó. Þarna birtust svo orrustuþotur flotans til að taka þátt í æfingunum og varð þetta stórkostlegt sjónarspil með ærandi hávaða.

Ári seinna var ég ásamt fleiri fréttamönnum um borð í Orion P-4 kafbátaleitarflugvél frá Keflavík á leið suður um Atlantshaf til að fylgjast með heræfingum sovéska flotans. Þegar komið var suður undir Írland sáum við flotadeildir Rússa sigla hraðbyri til vesturs og voru kafbátar þeirra nálægir á miklu dýpi. Flugvél okkar var beint í lágflugi í áttina að herskipunum og frammi í stjórnklefanum fylgdist ég með myndatökum Ameríkananna og hlustun eftir merkjum frá kafbátum þegar hlustunarbaujum hafði verið skotið niður á sjávarflötinn. Við fjarskiptatækin voru menn uppteknir við að nema hljóð úr undirdjúpunum og senda skilaboð jafnóðum til Norfolk.

Þessi útrás Rússa út á Atlantshafið sýndi að þeir vildu vera vel búnir undir að stöðva siglingar milli Bandaríkjanna og Evrópu ef til stríðsátaka kæmi. Á þessum árum hékk friðurinn stundum á bláþræði án þess að við vissum af því en fengum fregnir af því löngu síðar.

Árið 1969 gerði ég yfirgripsmikinn þátt um efnahagssamvinnu Evrópuríkja. Átta lönd í Vestur-Evrópu voru þá í EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu. Það voru Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, Austurríki, Bretland, Portúgal og Sviss. Efnahagsbandalag Evrópu, eins og það hét áður, var hins vegar skipað 6 löndum á þeim tíma, Frakklandi, Þýskalandi og Ítalíu, Belgíu, Hollandi og Luxemborg. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráðherra, mælti fyrir tillögu til þingsályktunar í byrjun desember um að Ísland sækti um aðild að EFTA. Í sjónvarpsþættinum var varpað ljósi á hinar ýmsu hliðar málsins, sem við Íslendingum blöstu. Það var m.a. annars ljóst að ýmsar atvinnugreinar á Íslandi myndu eiga undir högg að sækja eða jafnvel leggjast af



*Þátttaka Íslands í Fríverslunarsamtökum Evrópu færði milliríkjaverslun þjóðarinnar í átt til aukins frjálsræðis og lagði grundvöll að vaxandi þátttöku í Evrópusamstarfi.*



þegar tollvernd yrði afnumin og var innlendir fataiðnaður, teppagerð, húsgagnaiðnaður, sælgætisgerð og fleira þar á meðal. Hins vegar var væntanlegt tollfrelsi fyrir íslenskar vörur á erlendum mörkuðum afar mikils virði.

Við sjónvarpsmenn fórum til Brüssel og Genfar til aðfanga. Ræddi ég við ráðamenn hjá EFTA og Efnhagsbandalaginu. Raktar voru margvíslegar hliðar á samvinnu Evrópuríkjanna frá stríðslokum og sögð saga fríverslunar eftir að tollamúrum hafði verið rutt úr vegi. Einnig var talað við forystumenn í íslensku atvinnulífi og launþegasamtökum og talsmenn íslensku stjórnarmálaflokkanna gerðu grein fyrir afstöðu flokkanna til málsins. Alþýðubandalagið eitt stóð gegn aðild Íslands að EFTA. Í skrifum málgagns þess, Þjóðviljans, kom m.a. fram einhver ástæðulaus ótti um að dregið yrði úr viðskiptum við Sovétríkin eða þeim hætt. En margvísleg önnur rök voru leidd fram gegn þessu máli, sem reyndist fela í sér stórfelldar hagsbætur fyrir Ísland eftir að tollar voru afnumdir. Viðbrögðin við þættinum voru almennt þau að þarna hefði Sjónvarpið rækilega sýnt yfirburði sýna í að kynna fjölbætt og flókin mál fyrir almenningi.

Gylfi Gröndal skrifaði menningarmálapistil í Vísi 3. desember 1969 undir fyrirsögninni "Allt um EFTA" og vék þar nánar að þessu:

*"Gildi sjónvarps er óumdeilanlegt, þegar miðla þarf fræðslu og kynna almenningi markverð málefni. Þetta kom glögg t ljós síðastliðinn föstudag, þegar íslenska sjónvarpið flutti eina lengstu og umfangsmestu dagskrá sem það hefur látið gera. Tekið var til rækilegrar meðferðar mál málaanna um þessar mundir; EFTA og hugsanleg aðild okkar að því. Um árabíl hafa öðru hverju skotið upp kollinum í blöðum og tímaritum þurrir og torskildir langhundar um EFTA, skrifaðir af tölvísu en oft miður ritfærum hagspekingum.*

*En hvílikur munur að kynnast málinu ljóslifandi á skerminum, fá meira að segja að skyggjast um í höfuðstöðvum bæði EFTA*

*og EBE og sjá og heyra helstu forsvarsmenn þessara stofnana. Einhvers staðar var verið að fetta fingur út í það, að sjónvarpið skyldi senda menn sína til útlanda í slíkum erindagerðum. Þeim peningum hefur þó sannarlega verið vel varið. Mestur fengur var einmitt að viðtölunum við hina erlendu aðila, því að viðhorf íslenzku flokksfóringjanna voru að mestu kunn, þótt þau mættu ekki missa sín úr þættinum. Um heildaráhrif þessarar löngu dagskrár með hliðsjón af spurningunni um aðild að EFTA eða ekki skal ósagt látið. En nú ætti hinn almenni kjósandi að geta myndað sér skoðun að fengnum nauðsynlegum, hlutlausum upplýsingum, og slík tækifæri gefast ekki oft hér á landi. EFTA-málið hefur verið reifað frammi fyrir alþjóð; mál, sem varðar afkomu landsins um alla framtíð. Ástæða er til að fagna því, að sjónvarpið skuli nú einu sinni hafa rækt vel það hlutverk sitt, sem mest er um vert."*

Dagblöðin gerðu lítið af því að fara vinsamlegum orðum um verk okkar sjónvarpsmanna. Þó kom það fyrir að stöku dagskrárþætti væri hælt. Fyrir unga menn gat það verið mikilvægt að fá viðurkenningarorð um verk sín í blöðunum. Þetta skildi Bjarni Benediktsson vel. Hann tjáði mér að sumt af því sem ég hefði verið að gera ætti hrós skilið og hefði hann nefnt það við ritstjóra Morgunblaðsins, að gamli lærlingurinn af blaðinu ætti greinilega ekki síður skilið en margur annar að fá jákvæð ummæli um verk sín í blaðinu. En ritstjórar sögðu "Nei" við Bjarna. Ég hafði unnið mér eitthvað til óhelgi hjá Morgunblaðinu. Mér var nokkuð brugðið við þessa frásögn og hringdi til Eyjólfs Konráðs Jónssonar til að spyrja hvað væri í gangi. Eyjólfur var frekar trektur og hvimpinn og vitnaði í greinar í Frjálsri verzlun, þar sem ég hefði verið að hnýta í Morgunblaðið. Ég fékk svo sem ekki nánari útlistun á því, hvað valdið hafði þeim á Morgunblaðinu þessari ógleði, en vera má að orsökina hafi verið grein í Frjálsri verzlun í mars 1968 þar sem ég var að fjalla um rekstrarerfiðleika í dagblaðaútgáfu á Íslandi og leiðir til einföldunar og sparnaðar



Í júní 1970 tók ég sæti í borgarstjórn Reykjavíkur og starfaði á vettvangi borgarmálanna í samtals 17 ár með löngu hléi.



Ungir athafnamenn á forsiðu. Gudlaugur Bergmann og Haukur Björnsson í Karnabæ. Aðalstarf mitt 1970-1982 var ritstjórn tímarita hjá Frjálsu framtaki hf.

í rekstri þeirra. Dagblöðin fimm eyddu miklum fjármunum í að afla léttvægra fréttanna af innlendum vettvangi oft með fimmföldum tilkostnaði. Kafinn þar sem minnst var á Mbl. hljóðaði svo:

”Svo að aftur sé vikið að fréttaoöflun blaðanna, finnst öllum eðlilegt, að þau segi frá bílaþvottastöðvum eða nýju fiskiskipi. En þá vaknar jafnframt sú spurning, hvort ekki sé unnt að gera það með minni tilkostnaði. Er óeðlilegt að ætla, að þeir menn, sem mestar áhyggjur hafa af rekstri þessara fátæku blaða, reyni að undirbúa samstarf í einhverri mynd um öflun innlendra fréttanna, eins og tíðkast víða erlendis, í stað þess að fara þegar í stað fram á ríkisstyrk? Hugmyndin um sameiginlega fréttastofu fyrir blöð og útvarp er ekki ný, en hún hefur ekki náð fram að ganga vegna áhugaleysis Morgunblaðsmanna. Ekki er með öllu óhugsandi, að viðhorf þeirra breytist, en jafnvel þótt svo væri ekki, er sjálfsagt, að aðilarnir fjórir, eðli málsins samkvæmt, reyni að stofna til slíkrar samvinnu, og myndi óhjákvæmilega fara svo að lokum, að allar fréttastofnanir á Íslandi gerðust aðilar að henni. Þá yrði fréttariturnum úti á landi fækkað, en hæfir menn, sem borga mætti betur, fengnir til að afla fréttanna fyrir öll blöðin.”

Ef það var ekki þetta, sem ritstjórar Morgunblaðsins móðguðust yfir, þá hefur það aðeins getað verið eftirfarandi klausa í grein eftir mig í Frjálsri verzlun í febrúar 1969:

“Á Íslandi er málum svo háttað, að hér hefur aldrei dafnað útbreitt, virðulegt dagblað, sem talist gæti óháð stjórn málaflökkum og benti á vandamál þjóðlífsins hverju sinni, reyndi að uppfæða almenning um rætur þeirra og tæki ef til vill afstöðu til þeirra. Hérlandis eru öll blöðin á einhvern veg háð stjórn málaflökkunum, þó að þess gæti mismikið í skrifum þeirra. En hversu lítil sem þessi tengsl kunna að vera, er alltaf hætt við, að gagnrýni, sem er eðlilegur þáttur í lýðræðislegum samskiptum flokka og einstaklinga, verði umsvifalaust dæmd ómerk pólítísk svívirðing eða ofsóknir. Vart er við því að

*búast á næstunni, að upp rísi öflugt dagblað og skipi þennan sess óháðu blaðanna, sem geta verið hvort tveggja í senn, með eða á móti ríkisstjórn eftir því hverjir málefnaflokkar eru til umræðu hverju sinni.*

*Útvarpi og sjónvarpi á Íslandi er ekki ætlað að vera málgögn þeirrar ríkisstjórnar, sem við völd kann að sitja hverju sinni, né heldur tæki í þjónustu stjórnarandstöðu. Sjónvarpið hefur leitast við að afla fréttu, gefa áhorfendum kost á að líta eigin augum og heyra það, sem til tíðinda telst hverju sinni. Það hefur ekki orðið talsmaður ríkisvaldsins og má ekki verða það. Þvert á móti tel ég eins og aðrir hafa bent á, að sjónvarp og útvarp ættu að leggja meiri áherslu á að fá sérfróða aðila til að skýra eðli þess, sem fjallað er um í fréttum, uppfræða almennungu í landinu, sem harla lítið þekkir til stjórnskipunar í landinu og veit þaðan af síður, hvað greiðslujöfnuður eða gengisfelling er.”*

Þá var ég 25 ára og æ síðan tók ég Morgunblaðinu og ritstjórum þess með nokkrum fyrirvara. Eftir að ég hóf afskipti af stjórnámálum fékk ég birtar greinar eftir mig, og í samræmi við stefnu blaðsins til stuðnings Sjálfstæðisflokknum var sagt frá störfum mínum að borgarmálunum. Ekki þurfti yfir öðru að kvarta. En ég varð ekki tíður gestur í Aðalstrætinu, ekki lengur einn af ”ungunum” úr Morgunblaðshreiðrinu sem Matthías Johannessen nefndi svo.

Senn leið að tímamótum og ég ákvað að breyta til og reyna fyrir mér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna kosninganna til borgarstjórnar vorið 1970. Tekin var töluverð áhætta, því að með þessu stefndi ég úr öruggu starfi sem ríkisstarfsmaður út í mikla óvissu. Ég hafði ekki tekið þátt í störfum Sjálfstæðisflokksins undanfarin ár og ekki verið í Heimdalli. Hins vegar lýsti ég yfir því skýrt og skorinort að ég myndi hætta hjá Sjónvarpinu ef ég tæki sæti á framboðslistanum. Það var og.

Þegar að því kom að ég léti af störfum eftir að hafa náð kjöri í borgarstjórn í maí ætluðu

samstarfsmenn hjá Sjónvarpinu að efna til kveðjupartís. Ég eyddi því tali. Einhvern veginn fann ég á mér að ég myndi snúa aftur einn góðan veðurdag. Meira um það seinna.



*Í hönd fóru 11 góð ár sem ritstjóri tímaritsins Frjáls verzlun. Hér var unnið að uppsetningu blaðsins með Ingvari Hallsteinssyni, framleiðslustjóra.*

